


skoðun 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Lífeyrissparnaður




Tax free á leikföngum
20,32% afsláttur
Europris
Nýr tilboðsbæklingur í dag


# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
14. desember 2011
292. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




## Hannes áttræður

*Hannes Pétursson skáld fagnar áttatíu ára afmæli í dag.*

menning 28

## Mikið álag

*Páll Óskar kominn með sinaskeiðabólgu eftir stífa törn við áritanir á plötum.*

fólk 42



## Með gull í höndunum

*Nýkrýndir Norðurlandameistarar unglinga í sundi fá hrós frá frönskum þjálfara sínum.*

sport 39

## veðrið í dag




**SNJÓKOMA** eða éljagangur norðanlands en nokkuð bjart sunnan til. Strekkingsvindur eða allhvasst NV-lands, á annesjum N-lands og allra austast.

VEÐUR 4

# Grunaðir vissu um hleranir

**Starfsmenn tveggja símafyrirtækja eru grunaðir um að hafa látið sakborninga vita að símar þeirra hafi verið hleraðir. Sérstakur saksóknari hefur kært tvö slík tilvik til lögreglu. Annað málið snýr að Milestone.**

**LÖGREGLUMÁL** Tveir starfsmenn tveggja mismunandi símafyrirtækja eru taldir hafa látið grunaða menn í rannsóknum hjá embætti sérstaks saksóknara vita að verið væri að hlera síma þeirra. Heimildir Fréttablaðsins herma að embættið hafi lagt fram tvær kærur til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) vegna þessa.

Starfsmennirnir liggja undir grun um að hafa látið aðila sem eru til rannsóknar vegna meintra brota Milestone og annars ónefnds félags vita að fyrirtækjunum sem þeir starfa hjá hefði borist beiðni frá lögreglu um að símar þeirra yrðu hleraðir.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vaknaði fyrst upp grunur innan embættis sérstaks saksóknara sumarið 2009. Þá fékk maður sem var til rannsóknar í tengslum við málefni Sjóvár og Milestone vísbendingar um að sími hans væri hleraður. Sérstakur saksóknari kærði málið til LRH þar sem embættið gat ekki rannsakað það sjálft.

Í janúar 2010 vöknuðu síðan grunsemdir um að annar einstaklingur sem var til rannsóknar hjá embættinu hefði verið látinn vita að sími hans væri hleraður. Talið var að háttsettur starfsmaður innan Skipta-samstæðunnar, sem á meðal annars Símann, hefði látið hinn grunaða vita um hlerunina.

Viðkomandi starfsmaður var yfirheyrður hjá LRH vegna málsins. Hann hefur látið af störfum.

Rannsókn á meintum brotum sem áttu sér stað innan Milestone hefur staðið yfir frá því snemma árs 2009. Hún snýst um hvort helstu stjórnendur Milestone og Sjóvár, sem var dótturfélag þess, hefðu gerst brotlegir við lög. Fréttablaðið greindi frá því í nóvember að rannsókn væri lokið í málinu. Það er nú inni á borði saksóknara sem þarf að ákveða hvort ákært verði á grundvelli rannsóknarinnar. **- þsj, jss**

### Ströng þagnarskylda

Samkvæmt upplýsingum, sem símafyrirtækin létu Fréttablaðinu í té í byrjun nóvember vegna umfjöllunar um símahleranir, á aðeins lítill hópur tæknimanna, valinn af öryggisstjóra, að hafa vitneskju um það hvaða símanúmer er verið að hlera á vegum lögreglu. Beiðni um hlerun berst frá lögreglunni inn á lokað vefsvæði, sem eingöngu þessi hópur hefur aðgang að. Tæknimennirnir undirrita allir trúnaðaryfirlýsingu vegna þessara starfa sinna og eru því bundnir strangri þagnarskyldu. Stjórnendur símafyrirtækjanna eru ekki í hópnum og eiga ekki einu sinni að vita hverjir eru í honum, sögðu fyrirtækin.




**Á VETTVANGI VOÐAVERKS** Lögreglumenn rannsaka vettvang árásarinnar og skrásetja vandlega það sem fyrir augu ber. Á milli þeirra sést lík sem búið er að hylja með ábreiðu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Grimmdarverk í Belgíu:

## Minnst sex látnir og yfir hundrað sárir

**BELGÍA, AP** Maður vopnaður handsprengjum og skotvopnum banaði fimm í belgísku borginni Liège í gær áður en hann svipti sig lífi. Í gærkvöldi hafði verið staðfest að minnst 120 til viðbótar væru sárir eftir árásina, sumir svo illa að þeim væri vart hugað líf.

Maðurinn varpaði handsprengjunum að strætóskýlum við fjölfarið torg í borginni áður en hann hóf skothríð. Belgísk yfirvöld fullyrða að hann tengist ekki hryðjuverkasamtökum.

Fyrstu fregnir hermdu að þrír hefðu látist, 75 ára kona, fimmtán ára piltur og sautján ára stúlka. Í gærkvöldi greindi belgíska sjónvarpsstöðin 7sur7 svo frá því að tvítugur maður og tæplega tveggja ára stúlka hefðu látist af sárum sínum.

Morðinginn, Narodine Amradi, dæmdur ofbeldismaður af pakistönskum ættum, var búsettur í Liège. **- sh, gb /** **sjá síðu 6**





ÍSLENSK HÖNNUN
OG RITSNILLD Í ÞÁGU
FATLAÐRA BARNA

LEPPALÚÐI

Nánar á www.jolaoroinn.is

STYRKTARFÉLAG LAMAÐRA
OG FATLAÐRA


Yrsa Sigurðardóttir veltir Arnaldi Indriðasyni úr toppsæti sölulistans í annað sinn:

## Harður slagur um toppsætið

**BÓKMENNTIR** Nýjasta bók Yrsu Sigurðardóttur, Brakið, hefur velt Einvíginu eftir Arnald Indriðason úr efsta sæti metsölulista bókaútgefanda sem Rannsóknarsetur verslunarinnar tekur saman. Þetta er í annað sinn á þremur vikum sem Yrsu tekst að koma bók sinni á toppinn en Arnaldur hefur átt þar fast sæti undanfarin ár. Bækur þeirra verða samanlagt prentaðar í 45 þúsund eintökum og ef að líkum lætur munu Íslendingar fjárfesta í þessum tveimur glæpasögum fyrir 215 milljónir íslenskra króna fyrir þessi jól.



**YRSA SIGURÐARDÓTTIR**



**ARNALDUR INDRIÐASON**

Yrsa var auðvitað kampakát með niðurstöðuna þótt hún vilji lítið gera úr samkeppninni við Arnald. „Hún er ekki á milli okkar, maður verður fyrst og fremst að hugsa um sjálfan sig. Hver bók er einstakt verk og þó að það gangi vel núna er ekki öruggt að það gangi vel næst.“ **- fgg /** **sjá síðu 42**


Jólaleikur BYKO!



Vinningshafi gærdagsins er Gunnar Guðbjörnsson

Nýr vinningur á hverjum degi
Vinningur dagsins:
Matar- og kaffistell - 12.990 kr.
Sjá nánar á www.byko.is

BYKO



## SPURNING DAGSINS



*Berglind, það hefur ekki verið neitt stans, stans, dans hjá þér?*

„Nei, alls ekki. Dansinn er mín ástríða í lífinu.“

Berglind Ýr Karlsdóttir bar sigur úr býtum í þáttunum Dans, dans, dans sem sýndir voru á RÚV. Hún íhugaði að hætta dansiðkun vegna veikinda en hélt ótrauð áfram með fyrrnefndum árangri.

Nítján ára piltur dæmdur í tveggja ára fangelsi í Héraðsdómi Suðurlands:

# Nauðgaði fjórtán ára stúlku

**DÓMSMÁL** Nítján ára piltur hefur verið dæmdur í tveggja ára fangelsi fyrir að nauðga fjórtán ára stúlku. Hann var þá sautján ára.

Piltinum var gefið að sök að hafa aðfaranótt sunnudags í júlí á síðasta ári farið með stúlkuna gegn vilja hennar á afvikinn stað, í húsasund bak við grunnskóla, notfært sér yfirburðastöðu sína vegna aldurs- og aflsmunar og beitt hana hrottalegu kynferðislegu ofbeldi.

Pilturinn neitaði sök fyrir Héraðsdómi Suðurlands, en kvað stúlkuna hafa verið fúsa til samræðis. Dómurinn taldi hins vegar framburð hennar trúverðugan. Þeir áverkar sem hún hlaut við ofbeldisverknaðinn og andleg vanlíðan eftir hann sannaði svo yfir skynsamlegan vafa væri hafið að pilturinn hefði nauðgað henni.

Til refsilækkunar leit dómurinn til þess að pilturinn hefði sjálfur verið barn að aldri þegar hann framdi verknaðinn, en ella ætti hann sér engar málsbætur. Hann var dæmdur til að greiða stúlkunni 1,2 milljónir króna í miskabætur, þar sem brotið gegn henni hafði í för með sér gríðarlegan miska fyrir hana. - jss



**SELFOSS** Héraðsdómur Suðurlands á Selfossi kvað upp dóminn.

PCC undirbýr kísilver:

## Húsavík er efst á óskalistanum

**ATVINNUMÁL** Húsavík er fyrsti valkostur af þremur sem þýska félagið PCC hefur skoðað undir kísilmálmverksmiðju. Þetta kom fram í fréttum Stöðvar 2 í gær.

Stjórnendur félagsins funduðu með Húsvíkingum í gær vegna málsins og sögðust þar vonast til að unnt yrði að taka ákvörðun eftir sex mánuði og að framkvæmdir gætu hafist árið 2013.

Fulltrúi PCC sagði í viðtali við Stöð 2 að um yrði að ræða fjárfestingu upp á rúmlega hundrað milljónir evra. - sh

Rannsaka mun á kynjunum:

## Ekki munur á stærðfræðigetu

**VÍSINDI** Enginn líffræðilegur munur á kynjunum skýrir mun á getu kynjanna í stærðfræði, segja niðurstöður vísindamanna við Wisconsin-Madison háskóla í Bandaríkjunum.

Sé munur á kynjunum má skýra hann með félagslegum og uppeldislegum mun. Raunar gengur báðum kynjunum betur í stærðfræði í löndum þar sem jafnrétti kynjanna er meira.

Vísindamennirnir vildu rannsaka þá kenningu að dreifing á getu karla í stærðfræði væri meiri og því væru hlutfallslega fleiri karlar mjög lélegir eða mjög góðir en konur. - bj



**ÞYRLUPALLURINN** Svona sjá Vesturflugsmenn aðstöðuna á Skarfabakka fyrir sér. MYND/VESTURFLUG

# Fá ekki þyrlupall hjá skemmtiferðaskipum

**Faxaflóahafnir neita Vesturflugi um lóð fyrir þyrlupall í Sundahöfn. Ekki sé knýjandi þörf á slíku og því fylgi of mikið umstang. Flugmaður hjá félaginu segir umbeðna lóð vera upplagða fyrir þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa.**

**FERÐAÞJÓNUSTA** „Þetta er tilvalinn staður til að þjónusta skemmtiferðaskipin, það verður ekki betra,“ segir Guðmundur Ingi Jónsson, þyrluflugmaður hjá Vesturflugi sem óskað hefur eftir lóð fyrir þyrlupall við Skarfabakka í Sundahöfn.

Sigtryggur Leví Kristófersson, eigandi Vesturflugs, segir aðsókn í þyrluflug vaxandi í takt við aukinn fjölda ferðamanna. Félagið geri nú út frá Reykjavíkurflugvelli eins og tvö önnur þyrlufyrirtæki. Níu af hverjum tíu þyrlufyrirtækjum í heiminum séu hins vegar ekki á almennum flugvöllum. „Þyrlur þurfa ekki flugbrautir og ættu ekki að vera á flugvöllum þar sem þær flækjast fyrir annarri traffík. Þess utan erum við miklu sveigjanlegri í öllu aðflugi en flugvélar nokkurn tímann,“ segir Sigtryggur.



**GUÐMUNDUR INGI JÓNSSON**

Stjórn Faxaflóahafna hafnaði á síðasta fundi sínum að uppfylla ósk Vesturflugs um lóð undir 25 sinnum 25 metra þyrlupall og tilheyrandi öryggissvæði með aðstöðuhúsi.

Hjálmar Sveinsson, formaður stjórnarinnar, segir ástæðurnar aðallega tvær. Í fyrsta lagi fylgi því of mikið umstang að uppfylla alþjóðlegar öryggiskröfur varðandi aðflugslínur, meðal annars vegna stærðar skemmtiferðaskipanna sjálfra í höfninni.

„Í öðru lagi hafa þessir mikilvægu viðskiptavinir, sem eru skipafélögin, eftir því sem okkur skilst, aldrei kallað eftir því að fá þyrluþjónustu, þannig að menn sáu ekki knýjandi ástæðu til að samþykkja þetta. En ef það hefði verið sterk ósk frá skipafélögunum um að geta boðið farþegum upp á slíka þjónustu hefðu menn kannski verið tilbúnir að taka skref í þá átt,“ segir Hjálmar.

Sigtryggur kveðst hins vegar vilja ræða málið nánar á fundi með fulltrúum Faxaflóahafna 19. desember. Hann segir þjónustu við farþega skemmtiferðaskipa ekki aðalmarkmiðið með flutningi inn í Sundahöfn. Allt eins eigi að selja öðrum ferðamönnum og almenningi útsýnisflug og aðrar þyrluferðir.

„Við viljum lóð þar sem hægt er að hafa aðstöðu og gera þetta á öruggum forsendum. Þetta er einn af hentugustu stöðunum og kannski sá öruggasti, enda er þarna aðflug og fráflug frá sjó,“ segir eigandi Vesturflugs. gar@frettabladid.is





**GUNNAR EGILSSON** Pólafarinn verður á suðurpólnum í dag.

Hátíðarhöld á suðurpólnum:

## Yfirför bíla Stoltenbergs

**FERÐALÖG Pólfarinn Gunnar Egilsson hefur verið önnum kafinn við undirbúning hátíðarhalda á suðurpólnum sem hefjast í dag í tilefni þess að öld er liðin frá því að norski landkönnuðurinn Roald Amundsen náði þangað fyrstur manna.**

**Gunnar yfirfór tvo sex hjóla Ford Econoline jeppa í eigu fyrirtækisins ANI sem munu flytja Jens Stoltenberg, forætisráðherra Noregs, og fylgdarlið hans um suðurheimsskautið. „Norðmenn vilja heiðra sinn mann og verða nokkrir af helstu fyrirmönnum þjóðarinnar þarna samankomnir,“ segir Gunnar.** - rve / sja allt

Lífeyrissjóðir álykta:

## Mjög andvígir frekari álögum

**EFNAHAGSMÁL Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða mótmælir harðlega auknum álögum á starfsemi lífeyrissjóða, hvort sem þær eru í formi hækkunar á gjaldtöku eða nýrra skatta. Þetta segir í yfirlýsingu sem samtökin sendu frá sér í gær.**

**Stjórnvöld ætla að leggja 0,08 prósenta eignarskatt á heildareignir lífeyrissjóða næstu tvö ár og lækka frádráttarbært iðgjald vegna viðbótarlífeyrissparnaðar úr fjórum prósentum í tvö. Þá eru uppi áform um hækkun gjaldtöku til að standa undir stofnunum sem sinna málum sem tengjast bankahruninu.**

**Sjórnin segir að gangi áformin eftir muni lífeyrisgreiðslur lækka.** - sh

Mótmæli boðuð í Rússlandi:

## Nýtt þing sett í næstu viku

**RÚSSLAND, AP** Nýtt þing mun koma saman í Rússlandi 21. desember. Þetta tilkynnti forseti landsins, Dimitrí Medvedev, í gær.



**DIMITRÍ MEDVEDEV**

Ásakanir um kosningasvindl hafa verið háværar og fjölmennustu mótmæli Rússlands eftir fall Sovétríkjanna voru meðal annars haldin um síðustu helgi þar sem þess var krafist að kosningarnar yrðu ógildar. Næstu stóru mótmæli hafa verið skipulögð 21. desember. Medvedev sagði á fundi með formönnum flokkanna á þingi að þeir yrðu að halda áfram að sinna sínu starfi. Hann hefur boðað að ásakanir um svindl verði kannaðar. - þeb







Kona brann á andliti og hendi eftir að sprenging varð í arni á heimili hennar:

# Bjargaði móður sinni úr bruna

**BRUNI** Sautján ára drengur kom móður sinni til bjargar á mánudagskvöld þegar kviknaði í fötum hennar á heimili þeirra í Fagrahjalla. Vísir greindi frá því í gær að konan hefði verið að kveikja upp í svokölluðum etanól-arni þegar sprenging varð og eldur læsti sig í húsgögn og fatnað konunnar.

Drengurinn náði að slökkva í logandi fötum hennar áður en hún brenndist enn meir en raunin varð. Hann hringdi svo á slökkvilið og náði móður sinni út úr húsinu, sem skemmdist mikið í brunanum. Greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins.

Konan, sem er á sextugsaldri, var flutt á slysadeild Landspítalans þar sem gert var að sárum hennar. Hún var ekki talin í lífshættu og var síðar flutt á lýtadeild. Læknir á lýtadeild segir líðan konunnar eftir atvikum bærilega. Bruninn hafi ekki verið mjög útbreiddur og sárin ekki mjög djúp. Verstu brunasárin voru á hægri hönd konunnar og hluta af andliti hennar. „Það eru góðar líkur á því að hún sleppi við allar aðgerðir og fái að gróa í friði,“ segir hann.

Lögreglan brýnir fyrir þeim sem hafa etanólarna á heimilum sínum að gæta fyllstu varúðar og fara eftir notkunarleiðbeiningum í einu og öllu. Í kjölfar brunans hefur Neytendastofa ákveðið að skoða hættuna af etanól-eldstæðum. - sv



**MIKIÐ SKEMMT EFTIR BRUNANN** Slökkviliði gekk vel að slökkva eldinn en þó urðu miklar skemmdir á innanstokksmunum og á efri hæð hússins. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




**Verið hjartanlega velkomin í verzlanir okkar.** Geysir Skólavörðustíg 16, opið alla daga frá 10 til 19. Opið til 22 frá og með 15. des. og Geysir Haukadal, opið alla daga frá 10 til 18. Sími 519 6000.

## GENGIÐ 13.12.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,99 | 120,57 |
| Sterlingspund | 186,88 | 187,78 |
| Evra | 158,27 | 159,15 |
| Dönsk króna | 21,280 | 21,404 |
| Norsk króna | 20,535 | 20,655 |
| Sænsk króna | 17,453 | 17,555 |
| Japanskt jen | 1,5416 | 1,5506 |
| SDR | 185,47 | 186,57 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
215,8242

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Stálu miklu magni af skartgripum í þremur innbrotum á Akureyri:

# Tveir skartgripaþjófar dæmdir

**DÓMSMÁL** Tveir ungir menn, 18 og 24 ára, hafa verið dæmdir í þriggja og sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir stórfelld þjófnaðarbrot. Þeir stálu meðal annars miklu magni af skartgripum, sem sumir voru gamlir, og fjölmörgum fleiri dýrum munum.

Mennirnir brutust inn í þrjú íbúðarhús á Akureyri þar sem þeir létu greipar sópa. Auk skartgripanna sem þeir stálu á öllum stöðunum höfðu þeir á brott með sér dýran sjónvarpsskjá, tölvur, myndavél, upptökuvél, 150 minjagripaskeiðar og tugi þúsunda í peningum í íslenskri og erlendri mynt. Einnig kipptu þeir með sér tveimur tegundum af blóðþrýstingslyfjum og einu spjaldi af róandi lyfi sem einnig dregur úr ofnæmisviðbrögðum

Mennirnir voru gripnir á víðavangi eftir vettvangsrannsókn lögreglu á þriðja innbrotinu. Nokkuð af þýfinu fannst við leit á þeim og við yfirheyrslur játuðu þeir brot sín. Við húsleit lögreglu á heimili þeirra fannst enn meira þýfi og einnig átta kannabisplöntur, sem þeir voru einnig dæmdir fyrir.



**AKUREYRI** Mennirnir brutust inn í þrjú hús á Akureyri og létu greipar sópa.

Báðir eiga mennirnir sakaferil að baki, mismunandi alvarlegan þó. **- jss**

Tvær árásir í Eyjum:

# Fékk sár eftir egghvasst áhald

**LÖGREGLUMÁL** Tvær líkamsárásir voru kærðar til lögreglu í Vestmannaeyjum eftir helgina.

Í heimahúsi lenti maður í átökum við húsráðanda og fengu báðir áverka í andlit eftir átökin. Auk þess var hinn gestkomandi með sár á baki, líklega eftir egghvasst áhald. Maðurinn þurfti að leita aðstoðar læknis til að loka sárinu.

Hin árásin átti sér stað fyrir utan veitingastaðinn Lundann. Þar kastaði kona bjórglasi í andlit manns sem skarst í andlitinu. **- jss**



**FÁNAR Í PARÍS** Palestínski fáninn við hlið fána UNESCO í París í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Söguleg stund í París:

# Palestínufáni dreginn að húni

**FRAKKLAND, AP Fáni Palestínu var dreginn að húni við höfuðstöðvar UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, í fyrsta sinn við hátíðlega athöfn í gær.**

**Palestína varð hluti af stofnuninni í október síðastliðnum eftir að mikill meirihluti ríkja kaus með inngöngu ríkisins. Mikil fagnaðarlæti brutust út í París í gær þegar fáninn var dreginn að húni. „Þetta er sannarlega söguleg stund," sagði Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, í ræðu sinni við athöfnina í gær. Hann sagðist vonast til þess að þetta væri góður fyrirboði varðandi inngöngu Palestínu í aðrar stofnanir. - þeb**

## ATVINNUMÁL

### Fólk án reynslu fái forgang

Ungmenni sem ekki hafa vinnureynslu og ungt fólk sem annars hefur ekki önnur tækifæri en að fara á fjárhagsaðstoð eiga að fá forskot á sumarstörf samkvæmt fyrirmælum sem borgarráð Reykjavíkur beinir til velferðarsviðs, ÍTR og mannauðsskrifstofu borgarinnar sem eiga að gera tillögur um verklag við sumarstörf vegna næsta sumars.

# Varðhaldsúrskurðum fjölgað um 60 prósent

**Gæsluvarðhaldsúrskurðum hefur fjölgað um 60 prósent síðan árið 1996. Fangar í afplánun hafa aldrei verið fleiri en það sem af er ári. 370 einstaklingar bíða nú eftir plássi í fangelsi. Nauðsynlegt að bregðast við, segir fangelsismálastjóri.**

**FANGELSI** Gæsluvarðhaldsúrskurðir verða sífellt algengari. Þeim hefur fjölgað um 60 prósent síðan árið 1996 sé miðað við síðasta ár og var þá meðalfjöldi daga í gæsluvarðhaldi um þrettán dagar. Íbúum landsins fjölgaði á sama tíma um tæp 20 prósent. Í fyrra voru úrskurðir 139 talsins.

Samkvæmt nýjustu tölum frá Fangelsismálastofnun hafa aldrei verið fleiri fangar í fangelsum landsins en í ár, en þeir eru 177 talsins. Í fyrra voru þeir 151.



**PÁLL WINKEL**

Meðaltalsfjöldi fanga í fangelsum sem afplána þriggja ára dóm eða hærri hefur hækkað um meira en helming síðustu ár, en í fyrra var fjöldinn rúm 64. Árið 2005 afplánuðu tæplega 29 fangar slíka dóma.

Í dag eru um 370 manns á biðlista eftir plássi í afplánun í fangelsum landsins, samkvæmt Páli Winkel, forstjóra Fangelsismálastofnunar.

„Á sama tíma og fjöldi einstaklinga eykst ár frá ári, hefur klefum ekki fjölgað," segir Páll. „Fangelsismálastofnun stýrir þessu með engu móti."

Páll segir að nýtt fangelsi sé brýnt til að bregðast við þessari fjölgun, en nauðsynlegt sé að byggt verði fjölnotafangelsi sem geti einnig tekið á móti skammtímavistun samhliða lengri afplánunardómum.



**EINANGRUNARGANGUR LITLA-HRAUNS** Meðaltalsfjöldi daga fanga í einangrun á síðasta ári var 13 dagar og voru 117 manns úrskurðaðir í einangrun. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**370** manns bíða nú eftir plássi til að afplána dóma í fangelsum landsins.

Gert er ráð fyrir 190 milljónum króna til hönnunar á nýju gæsluvarðhalds-, móttöku- og kvennafangelsi í fjárlögum fyrir næsta ár. Það kemur fyrir að gæsluvarðhaldsklefar standa auðir og því segir Páll það vera nauðsynlegt að hanna nýja fangelsið svo að hægt sé að nýta það sem best.

Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélags Íslands, segir menn búna að gleyma þeirri grunnreglu að enginn ódæmdur maður skuli sviptur frelsi sínu.

„Ég hef verið að berjast gegn þessu í 20 ár, þessari miklu gæsluvarðhaldsnauðsyn," segir Brynjar og bætir við að hans tilfinning sé þó sú að gæsluvarðhaldstíminn hafi styst á síðustu árum og lögreglan hafi farið varlegar með að krefjast þess.

„Það er að segja þar til sérstakur saksóknari fór að setja menn í gæsluvarðhald í málum sem hafa verið til rannsóknar lengi og brotin kannski framin fyrir þremur árum síðan," segir Brynjar. „Það er mér algjörlega hulið hvernig það getur verið í þágu rannsóknarhagsmuna."

**sunna@frettabladid.is**

Eiturlyfjastríðið í Mexíkó:

# „Hinn heppni" var handtekinn

**MEXÍKÓ, AP Hermenn í Mexíkó handsömuðu á mánudag glæpaforingjann Raul Lucio Hernandez. Hernandez, sem oft er kallaður „Hinn heppni", stýrði hinni illræmdu Zetu-klíku. Hans var ákaft leitað og var 150 milljónum króna heitið til höfuðs honum.**

**Flestir af Zetunum eru fyrrverandi hermenn sem hafa villst af vegi réttvísinnar. Klíkan var áður hluti af Flóaklíkunni en klauf sig frá henni í fyrra.**

**Átök milli eiturlyfjaklíkanna og við her og lögreglu í Mexíkó eru talin hafa kostað rúmlega 25 þúsund manns lífið síðustu tvö ár. - þj**

Bóksalinn í Kabúl:

# Dómi undirréttar snúið við

**NOREGUR** Norski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Åsne Seierstad var fyrir millidómstigi í Noregi í gær sýknuð af ákæru um að hafa rofið friðhelgi einkalífs í tengslum við skrif bókarinnar Bóksalinn í Kabúl.



**ÅSNE SEIERSTAD**

Fjölskyldan Rais, sem hún hafði verið samvistum við í marga mánuði í Kabúl í Afganistan, hafði stefnt Seierstad fyrir að afhjúpa ýmis einkamál fjölskyldunnar. Seierstad og bókaforlagið Cappelen Damm voru í fyrrasumar dæmd til að greiða bóksalanum og eiginkonu hans 250 þúsund norskar krónur, jafngildi rúmlega 5 milljóna íslenskra króna, í bætur.

Lögmaður fjölskyldunnar segir að nýja dóminum verði áfrýjað. **- ibs**


# Spil fyrir jólin!

**Ný sending komin í hús af dráttarspilum. Gott úrval!**

Nauðsynlegt m.a. á jeppann, fjórhjólið og í bátaskýlið




Verðdæmi:
T-Max 2500 pund - **kr. 32.900**
T-Max 9500 pund - **kr. 139.900**

**Opnunartími verslunar:**
Alla virka daga frá kl. 8-18.
Vagnhöfði 23 - S: 590 2000
benni.is - verslun@benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir** veðurfréttamaður

**NORÐANÁTT** verður ríkjandi næstu daga með snjókomu eða éljagangi norðanlands en bjartara veðri sunnan til þó þar megi einnig búast við éljum af og til. Það fer heldur kólnandi og lítur út fyrir frost á landinu öllu eftir daginn í dag.




**Á MORGUN**
8-20 m/s
Hægast austan til.

**MÁNUDAGUR**
Strekkingur A- og SA-lands annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 18° |
| Basel | 6° |
| Berlín | 8° |
| Billund | 5° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 7° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 7° |
| Orlando | 24° |
| Ósló | 3° |
| París | 9° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | 5° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

# Það er allt í snertingunni




## HTC Wildfire S™

HTC Sense viðmót – frábær grafík og upplifun sem gerir HTC Wildfire einn skemmtilegasta símann á markaðnum.

Nýjasta Android Gingerbread OS.

Glæsileg hönnun úr áli og stáli.

Einstakt snertiviðmót (zoom in – zoom out).

Veðurforrit og klukka uppfærist sjálkrafa þegar ferðast er á milli landa.

Með símtali frá tengilið sem er vistaður í símanum birtist Facebookstaða tengiliðs ásamt áminningu ef hann á afmæli.

Innbyggður GPS-kortagrunnur yfir 80 landa.

Einfalt að deila myndum með þeim sem eru á myndunum (tag and share).

Wi-Fi hot-spot – breyttu símanum í heitan reit fyrir allt að 8 tölvur samtímis.

Snúðu símanum á hvolf þegar hann hringir og þá þagnar hann sjálfkrafa.

Gorillagler

Vinnsluminni og innra minni allt að 512 Mb.

Mailbox – frábært skipulag á tölvupóstinum.



android | Windows phone



**HTC** Desire S | **HTC** Sensation with Beats Audio™ | **HTC** Incredible S | **HTC** Rhyme | **HTC** Radar | **HTC** Titan | **HTC** Mozart | **HTC** Trophy

**HTC er með fjölbreytt úrval af símum, fyrir allar þarfir og kröfur.**

htc

Fæst í verslunum Símans, Vodafone, ELKO, TAL, Hátækni og hjá endursöluaðilum um allt land.

PIPAR\TBWA · SÍA · 113286

## KJÖRKASSINN



*Fylgdist þú með íslenska kvennalandsliðinu í handbolta á heimsmeistaramótinu?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 60,4% |
| NEI | 39,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Eyðir þú meiru í jólagjafir í ár en í fyrra?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Fjárlagahallinn hefur minnkað um tæpa 170 milljarða á þremur árum:

# Ríkið sparar 17 milljarða í vaxtagjöld

**EFNAHAGSMÁL** Tæpir 17 milljarðar hafa sparast í vaxtagjöld á því að ná fjárlagahallanum niður. Hann nam hæst tæpum 216 milljörðum árið 2008 en er nú kominn niður í tæpa 50 milljarða króna. Þetta kemur fram í tölum frá fjármálaráðuneytinu sem Skúli Helgason, þingmaður Samfylkingarinnar, vitnaði í á Alþingi í gær.

„Þetta sýnir hvað þessi mikla áhersla á að ná fjárlagahallanum niður getur skipt miklu máli. 17 milljarðar eru nálægt þeirri upphæð sem við setjum í alla háskóla á einu ári og svipuð upphæð sem fer í alla framhaldsskóla á einu ári,“ segir Skúli.

Frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum, bandorminn svokallaða, var tekið til annarrar umræðu á Alþingi í gær. Umræður stóðu enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun. Efnahags- og viðskiptanefnd hefur lagt til ýmsar breytingar á frumvarpinu. - kóp

**Uppsafnaður vaxtasparnaður vegna minni halla***

| | | 5% | 5% | 5% | |
|---|---|---|---|---|---|
| Halli 2008 | 216 | | | | |
| Halli 2009 | 139,3 | 76,7 | | | |
| Halli 2010 | 123,3 | | 92,7 | | |
| Halli 2011 | 47,3 | | | 168,7 | |
| **Vaxtasparnaður** | | **3,835** | **4,365** | **8,435** | **Samtals: 16,905** |

*Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

Fyrrverandi forsætisráðherra:

# Býður sig fram gegn Sarkozy

**FRAKKLAND, AP Dominique de Villepin, fyrrverandi forsætisráðherra Frakklands, ætlar að bjóða sig fram gegn Nicolas Sarkozy í forsetakosningum í vor.**

**Villepin er fyrrverandi flokksbróðir Sarkozys en býður sig fram á eigin vegum með stuðningi eigin stjórnmálaflokks, Einhuga lýðveldis, sem hann stofnaði sumarið 2010. Honum er þó ekki spáð miklum árangri enn sem komið er.**

**Frambjóðandi Sósíalistaflokksins er François Hollande.** - gb

Fasteignamarkaður í vikunni:

# Fleiri kaupsamningar en í fyrra

**FASTEIGNIR** Alls var 105 kaupsamningum um fasteignir þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku, 2. til 8. desember, og heildarvelta nam 3,1 milljarði króna.

Á sama tímabili á síðasta ári var 81 kaupsamningi þinglýst og heildarvelta nam 2,6 milljörðum. Meðalupphæð á hvern kaupsamning lækkaði hins vegar, úr 32,6 milljónum króna á samning í 29,6 milljónir. Taka skal fram að það er ekki lýsandi fyrir meðalverð eigna þar sem fleiri en ein eign getur verið á einum samningi. - þj



ÆFING Mikill árangur hefur náðst í öryggismálum sjómanna með tilkomu skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Fræðsluskylda skilar árangri:

# 3.000 sjómenn í slysavarnaskóla

**ÖRYGGISMÁL Þrjú þúsund sjómenn hafa sótt Slysavarnaskóla sjómanna á árinu 2011. Aldrei hafa jafn margir sótt skólann og í ár.**

**Þá miklu aukningu sem varð á aðsókn í skólann frá fyrri árum má að mestu leyti rekja til öryggisfræðsluskyldu sem tók gildi fyrir smábáta á árinu 2011.**

**Löggjafinn hefur sett reglur um að allir sem stunda sjó í atvinnuskyni skuli sækja öryggisfræðslu ásamt endurmenntun á fimm ára fresti. Nemendafjöldi við Slysavarnaskóla sjómanna hefur að sama skapi vaxið jafnt og þétt í gegnum árin.** - shá

# Kastaði sprengjum á strætisvagnaskýli

**Að minnsta kosti fjórir létu lífið á fjölförnu torgi í belgísku borginni Liège í gær, þegar 33 ára gamall maður hóf árás á fólk með sprengjur og byssur að vopni. Að sögn lögreglu virðist sem maðurinn hafi verið einn að verki.**

**BELGÍA** Rúmlega þrítugur maður, vopnaður handsprengjum og skotvopnum, varð að minnsta kosti þremur að bana á fjölförnu torgi í borginni Liège í Belgíu um hádegisbil í gær áður en hann svipti sjálfan sig lífi.

Hann byrjaði á að varpa þremur handsprengjum á strætisvagnaskýli og hóf síðan skothríð. Að sögn vitna beindi hann síðan byssu að sjálfum sér og svipti sig lífi. Lögregla sagði þó síðdegis í gær ekki ljóst hvort hann hafi svipt sig lífi viljandi eða hvort hann hafi orðið sjálfum sér að bana fyrir slysni. Hann var enn með nokkrar handsprengjur á sér þegar hann lést.

Ein 75 ára kona lét lífið ásamt tveimur unglingum, fimmtán ára pilti og sautján ára stúlku. Þau voru nýkomin úr prófi. Tvísýnt var einnig um líf tveggja ára stúlkubarns sem varð fyrir árásinni.

Að sögn lögreglu særðust að minnsta kosti 123 að auki, sumir það alvarlega að óvíst er hvort þeir lifi af. Árásin var gerð á torginu Saint-Lambert, sem er í hjarta borgarinnar.

Árásarmaðurinn hét Narodine Amrani. Hann var 33 ára gamall, ættaður frá Pakistan en búsettur í Liège. Þar hafði hann setið í fangelsi fyrir brot sem tengdust fíkniefnum, skotvopnum og kynferðislegu ofbeldi.

Fulltrúi belgíska innanríkisráðuneytisins sagði í gær að Amrani tengdist ekki hryðjuverkasamtökum, en hann átti að mæta fyrir rétt síðar í gær.

Fjöldi vegfarenda hljóp inn í nærliggjandi verslanir þegar árásirnar hófust eða inn á fornminjasafn rétt hjá þar sem fólk komst í skjól.

Lögreglan girti miðborgina af og rýmdi götur, þar á meðal jólamarkað sem er skammt frá árásarstaðnum. Einnig var komið upp aðstöðu til að hlynna að hinum særðu, meðan beðið var eftir að hægt yrði að flytja þá á sjúkrahús.

Lögreglan sagði ekkert hæft í fréttum, sem bárust fyrst eftir árásina, um að maðurinn hefði ekki verið einn að verki. Fjölmiðlar héldu því fram um tíma að einn eða fleiri árásarmenn hefðu flúið af vettvangi og óvíst hvar þeir væru niðurkomnir. Lögreglan sagði heldur ekkert hæft í því að árásin hefði tengst flótta úr dómshúsi sem er nálægt árásarstaðnum. gudsteinn@frettabladid.is



LÖGREGLA Á VETTVANGI Stórt svæði í miðborg Liège var girt af í kjölfar árásarinnar. NORDICPHOTOS/AFP

**123** höfðu fundist sárir eftir árásina í gærkvöldi, auk þeirra fjögurra sem létust.



HILMAR HANSSON Íslenskir veiðimenn eru hagvanir á Kólaskaga.

Búast við falli í kaupmætti:

# Rússar lækka laxveiðileyfin

**STANGVEIÐI** Verð á veiðileyfum í laxveiðiár á Kólaskaga í Rússlandi verður 5 til 30 prósentum lægra næsta sumar en var í sumar sem leið. Þetta kemur fram á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

„Söluaðilar eru að aðlaga verð sín að breyttum kaupmætti viðskiptavina, sem að mestu koma frá Evrópu og Bretlandseyjum,“ segir svfr.is um ástæðu lækkunarinnar í Rússlandi. „Veiðileyfasalar þar í landi óttast verulega það efnahagslega umrót sem á sér stað beggja vegna Atlantshafsins.“

Leiga fyrir veiðirétt í nokkrum íslenskum ám hefur aftur á móti hækkað í nýlegum útboðum og veiðiréttareigendur hafa sagt svigrúm til meiri hækkana. - gar

## HAFNARFJÖRÐUR

**Fá ekki sandspyrnu í námu**

Kvartmíluklúbburinn fær ekki að nota Undirhlíðarnámu í Hafnarfirði til keppnishalds í sandspyrnu. Vatnsveitustjóri benti skipulagsnefnd bæjarins á að aðeins eru fimm metrar niður á grunnvatn í nyrsta hluta námunnar. Bærinn ætlar þó að ræða við Kvartmíluklúbbinn um aðrar mögulegar staðsetningar.


AFNÁM Á EINU ÁRI?

ÖNNUR LEIÐ TIL AFNÁMS GJALDEYRISHAFTA

MORGUNVERÐARFUNDUR FIMMTUDAGINN 15. DESEMBER 2011

KLUKKAN 8.15-10.00 Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK (GULLTEIGUR)

Á fundinum verður kynnt tillaga vinnuhóps sérfræðinga úr röðum atvinnulífs og háskóla að nýrri áætlun um afnám gjaldeyrishafta. Áætlunin miðar að því að losa höft á um það bil einu ári, án þess að verulegur þrýstingur verði á gjaldeyrismarkað og kostnaði við afnámið verði haldið í lágmarki - Skráning á www.vi.is

Aðgangseyrir er 2.500 kr. með morgunverði sem hefst kl. 8.00



Nýrri skýrslu um áhrif gjaldeyrishafta verður dreift á fundinum

SI

VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER OF COMMERCE

**Ný áætlun um afnám gjaldeyrishafta**
Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild HÍ

**Álitaefni við afnám hafta**
Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX Iceland
Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur

**Rökfræði áætlunarinnar um losun gjaldeyrishafta**
Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri

**Umræður og álit:**
Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri,
Björn Rúnar Guðmundsson, skrifstofustjóri efnahagsmála í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu
Orri Hauksson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins
Yngvi Örn Kristinsson, hagfræðingur

**Stjórn umræðna:** Tanya Zharov, framkvæmdastj. lögfræðisviðs Auðar Capital
**Fundarstjóri:** Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands

# FEGURÐ

## OG NOTAGILDI FRÁ HEIMSÞEKKTUM HÖNNUÐUM FYRIR FYRIRTÆKIÐ OG HEIMILIÐ



**Sunburst klukka**
Hönnuður: George Nelson (1949)

## 10% afsláttur
af öllum vörum frá **Vitra** til jóla







**PLASTIC CHAIR GROUP**
Hönnuðir: Ray og Charles Eames.
Fást í mörgum litum.

vitra.



**Hang it all,** margir litir
Hönnuðir: Charles & Ray Eames (1953)



**Wooden dolls**
Hönnuður: Alexander Girard (1963)



**UTEN SILO**
Hönnuður: Dorothee Becker.
Fæst í 2 stærðum og 3 litum.




Penninn hefur opnað nýja húsgagnaverslun með glæsilegum sýningarsal í Skeifunni.

Penninn
Með þér í vinnunni

Húsgagnaverslun Pennans | Grensásvegur 11 - Gengið inn Skeifumegin | www.penninn.is | sími 540 2000




# Reykjavíkurapótek selt á 100 milljónir

**Karl Steingrímsson í Pelsinum missir 2800 fermetra hús við Austurstræti 16. Þrotabú Frjálsa fjárfestingarbankans á 870 milljóna veð í húsinu og keypti það á nauðungaruppboði á 100 milljónir. Karl hefur tvo mánuði til að ná samningum.**

**VIÐSKIPTI** Hið fornfræga hús við Austurstræti 16, sem kennt er við Reykjavíkurapótek, var selt á nauðungaruppboði í gær. Gengið var að eina boðinu, sem kom frá slitastjórn Frjálsa fjárfestingarbankans og hljóðaði upp á hundrað milljónir króna.

Húsið var í eigu A16 fasteignafélags, sem er alfarið í eigu Karls Steingrímssonar í Pelsinum. Hann hefur átt húsið síðan 1995.

Karl hefur frest til 15. febrúar til að reyna að ná samningum um málið til að halda eigninni. „Eigum við ekki að vona það besta,“ segir hann spurður hvort hann ætli að láta á það reyna eða hvort hann líti svo á að hann hafi misst húsið.

Hundrað milljóna kauptilboð Frjálsa fjárfestingarbankans hefur litla þýðingu, enda er bankanum skylt að gefa eftir skuldir sem hvíla á húsinu í samræmi við markaðsvirði þess. Ljóst er að það er miklum mun hærra en milljónirnar hundrað.

Karl segist ekki gera sér grein fyrir því hvers virði húsið er. „Maður veit það aldrei fyrr en við sölu,“ segir hann. Húsið er 2.772 fermetrar, fasteignamat þess er um 285 milljónir en brunabótamatið nálægt milljarði. Fasteignasali sem Fréttablaðið ræddi við sagðist telja að markaðsvirði þess væri líklega ekki undir 750 milljónum.

Frjálsi fjárfestingarbankinn er með 870 milljóna króna veð í húsinu og er með fyrsta veðrétt ásamt Avant.

Nauðungaruppboð á húsinu fór fram í janúar síðastliðnum að kröfu Arion banka, sem á annan veðrétt í eigninni. Arion banki bauð 300 milljónir en uppboðið reyndist árangurslaust, enda var kauptilboðið fjarri því að duga fyrir skuldunum við fyrstu veðréttarhafa og því hefði Arion banki ekkert fengið í sinn hlut.

Karl biðst undan því að ræða málið mikið frekar að sinni. „Þetta er voðalega viðkvæmt fyrir okkur. Við ráðum ekki við þetta blessaða umhverfi okkar í dag. Það eru allir fórnarlömb í þessu,“ segir hann.

Karl seldi í febrúar aðra merka eign, Kirkjuhvol við Kirkjutorg, þar sem verslunin Pelsinn er til húsa.

stigur@frettabladid.is



**SLEGIÐ** Gengið var frá málinu í anddyri hússins fornfræga við Austurstræti í gær. Kaupverðið var 100 milljónir, eða um 36 þúsund krónur á hvern fermetra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## 94 ára glæsihýsi

Húsið að Austurstræti 16, sem selt var í gær, á sér mikla sögu. Upphaflega var byggt á reitnum árið 1831 og var það hús um tíma í eigu Thors Jensen. Það brann 1915 en húsið var endurreist í núverandi mynd tveimur árum síðar. Reykjavíkurapótek var starfrækt þar frá 1930 til aldamóta.

> Við ráðum ekki við þetta blessaða umhverfi okkar í dag. Það eru allir fórnarlömb í þessu.



KARL STEINGRÍMSSON
ATHAFNAMAÐUR














**BRP PROGEAR TASKA**
Með hjólum
*Jólaverð*
**28.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 35.990 KR.

**Afgreiðslutími í desember**

| | |
|---|---|
| 17. des. **10–18** | 22. des. **09–22** |
| 18. des. **12–18** | 23. des. **09–23** |
| 19. des. **09–22** | 24. des. **10–12** |
| 20. des. **09–22** | 25. des. **lokað** |
| 21. des. **09–22** | 26. des. **lokað** |



**SCOTT P 250 PEYSUBRYNJA**
Stærðir S–XXL
**29.990 KR.**



**SCOTT LAMBHÚSHETTA**
Stærðir S–XL, góð öndun
*Jólaverð*
**4.490 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.490 KR.



**SCOTT PEYSUBRYNJA**
Stærðir S–XXL
*Jólaverð*
**27.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.



**SCOTT 250 G. BARNAHJÁLMUR**
Léttur, með höggvörn og koltrefja skel
**17.990 KR.**

**SCOTT FREERIDE JAKKI**
Stærðir M–XXL
**27.900 KR.**





**SCOTT HJÁLMATASKA**
*Jólaverð*
**4.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.990 KR.



**SCOTT SNJÓSLEÐASTÍGVÉL**
Vatnsheld, stærðir 41–47
**22.900 KR.**



**SCOTT ULTIMATE SX GLERAUGU**
**14.900 KR.**



**SCOTT SPLASH HLÍFÐARBUXUR**
Vatnsheldar m. öndun, stærðir M–XXL
**59.990 KR.**



**SCOTT WINDSTOPPER HÚFA**
GoreTex
**6.990 KR.**



MIKIÐ ÚRVAL AF HÖNSKUM

**SCOTT BOLTON HANSKAR**
Einnig til í hvítu/gráu
**14.990 KR.**



**SCOTT BALACLAVA LAMBHÚSHETTA**
Góð vörn fyrir veðri og vindum
**2.690 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 9–18
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • ellingsen.is

Munið gjafabréfin!




**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 112883

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað heitir sigurvegari þáttarins Dans dans dans?*
2. *Hverjir stóðu fyrir jólahlaðborði um síðustu helgi þar sem tveir menn voru handteknir í kjölfarið?*
3. *Hver átti flest mörk hjá íslenska liðinu í HM í handbolta í Brasilíu?*

**SVÖR**

1. Berglind Ýr Karlsdóttir 2. Hells Angels 3. Karen Knútsdóttir

Forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins segir árið 2011 vera ár kraftaverkanna:

# Bjartsýnn á framtíð evrusvæðisins

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs Evrópusambandsins, segist vera bjartsýnn á framtíð evrunnar þrátt fyrir erfiðleikana sem nú steðja að.

Þegar litið verði til baka muni menn sjá að árið 2011 var ekki neitt „annus horribilis“, eða hræðilegt ár, eins og flestum sýnist nú vera, heldur hafi það verið ár kraftaverkanna, „annus mirabilis“, nefnilega árið þegar grunnur var lagður að nýju fyrirkomulagi fjármála sem tryggir að kreppan endurtaki sig aldrei.

Hann sat fund Evrópuþingsins í gær ásamt José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, þar sem þeir gerðu grein fyrir ákvörðunum leiðtogaráðsins í síðustu viku og svöruðu spurningum þingmanna. Barroso sagði Breta hafa gert kröfur á leiðtogafundinum í síðustu viku sem hefðu stefnt innri markaði ESB-ríkjanna í voða. Því hefði ekki verið hægt að ganga að þeim. Hins vegar hafi tekist að koma í veg fyrir klofning Evrópusambandsins, því leiðtogar allra aðildarríkjanna hafi lýst yfir vilja til að vera með í væntanlegu fjármálabandalagi.

„Þeir sýndu að þeir vilja meira Evrópusamband, ekki minna,“ sagði Barroso. Þetta verði því ekki samkomulag sautján ríkja að nokkrum viðbættum, heldur samkomulag 27 ríkja að einu undanskildu. **- gb**



**GERÐU EVRÓPUÞINGINU GREIN FYRIR LEIÐTOGAFUNDI** José Manuel Barroso fylgist með Herman van Rompuy flytja ávarp sitt. NORDICPHOTOS/AFP


JÓLATILBOÐ

Frábært grill fyrir íslenskar aðstæður



59.900
FULLT VERÐ 94.900
16,5 kw/h

· Mikil orka 16,5 kw/h
· Grillgrindur úr pottjárni
· 3 brennarar úr pottjárni
· Hitadreifarar úr pottjárni
· Grill, grindur, hitadreifarar og lok eru emaleruð
· Vönduð og sterk viðargrind
· Innbyggð neistakveikja
· Skúffa fyrir fitu
· Grillflötur: 64 x 49cm
· Stærð: 145 x 108 x 62 cm

LANDMANN Er frá Þýskalandi
www.grillbudin.is
Grillbúðin www.grillbudin.is
Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400
YFIR 30 GERÐIR GASGRILLA Á TILBOÐI


Engin mataraðstoð fyrir jól:

## Hjálpræðisherinn einbeitir sér að jólamatnum

**SAMFÉLAGSMÁL Hjálpræðisherinn verður ekki með jólaaðstoð í formi matargjafa fyrir þessi jól. Ástæðan er erfið fjárhagsstaða samtakanna.**

**Hjálpræðisherinn útdeildi matarpökkum allt árið í fyrra og tæmdi það sjóði hans. Því hafa samtökin ákveðið að vera í samstarfi við aðra sem sinna hjálparstörfum og styrkja þá með ýmsum hætti.**

**Áfram verður þó jólamatur í húsakynnum Hjálpræðishersins á aðfangadag. 200 manns koma að jafnaði í jólamatinn á aðfangadag. Fyrir þeim mat er safnað með jólapottum sem eru víða um borgina fyrir jólin. - þeb**



**FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Segir ekki sjálfgefið að ný aðildarríki að Evrópusambandinu þurfi að taka upp evru. Hann vill ljúka samningum og bera undir þjóðina; annars væri til lítils farið í þann leiðangur sem aðildarviðræður eru. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vill klára að semja og þjóðin fái að kjósa

**Fjármálaráðherra segir ekki sjálfgefið að þau lönd sem gangi inn í ESB muni taka upp evru. Hann vísar í þjóðaratkvæðagreiðslu Svía. Segir Íslendinga engu nær ef þeir slitu aðildarviðræðum nú.**

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir Íslendinga myndu verða engu nær ef aðildarumsókn að Evrópusambandinu yrði dregin til baka nú. Hann vill ekki að taugaveiklun yfir ástandinu í Evrópu nú hafi áhrif á það sem Alþingi samþykkti á vordögum 2009. Þetta kom fram í umræðum á Alþingi í gær.

„Þá fyrst væri sá leiðangur til lítils og við værum bókstaflega engu nær ef við allt í einu hættum nú eða slægjum viðræðum á frest. Ég vil fá efnislega niðurstöðu sem þjóðin getur notað til að móta stefnu sína varðandi Evrópusambandið,“ sagði Steingrímur.

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, og Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurðu Steingrím út í afstöðu hans varðandi umsóknina. Báðir töldu þeir að efnahagsástandið í Evrópu og þær aðgerðir sem grípa á til vegna þess sýndu að réttast væri að draga umsóknina til baka.

„Nú þegar liggur fyrir að umsókn að Evrópusambandinu þýðir jafnframt aðild að samstarfi evruþjóða, er þá ekki eðlilegt að stöðva viðræðuferlið, leggja mat á stöðuna og leyfa þjóðinni síðan að leggja sitt mat á stöðuna um hvort haldið verði áfram?“ spurði Illugi.

Steingrímur sagðist ósammála því að umsókn nú þýddi aðild að evrusamstarfi. Ekki væri sjálfgefið að þau lönd sem nú gengju inn í ESB myndu nokkru sinni taka evruna upp. Hann vísaði í



**ILLUGI GUNNARSSON**



**GUNNAR BRAGI SVEINSSON**

Svía sem felldu evruna í þjóðaratkvæðagreiðslu og að krafan um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku væri þögnuð.

„Að sjálfsögðu fylgjumst við grannt með hvernig menn glíma við vandann og hvaða skorður það setur, til dæmis varðandi sjálfstæðan gjaldmiðil,“ sagði ráðherra.

Hann sagðist talsmaður aukins aga í fjármálum, en vildi ekki skrifa upp á það pólitískt að missa sveiflujöfnunartæki ríkisins úr höndunum, með sjálfstæðum gjaldmiðli.

Illugi vísaði í reglur Evrópusambandsins og sagði að þeim ríkjum sem gangi í sambandið beri að taka upp evruna. Steingrímur sagði málið ekki svo einfalt og taldi Illuga gera ítrekaðar tilraunir til að fá velþóknun hans yfir niðurstöðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins; að kjósa um áframhaldandi viðræður. Hann sagðist hafa skýrt afstöðu sína til Evrópusambandsins fjórum sinnum á einni viku og hún hefði ekkert breyst.

**kolbeinn@frettabladid.is**




Glæsileg gjöf fylgir Framtíðarreikningi

Við stofnun eða innlögn á **Framtíðarreikning** barns að upphæð 5.000 kr. eða meira fylgir Stóra Disney Köku- & brauðbókin með*.

Tilvalin jólagjöf sem vex með barninu.
Komdu við í næsta útibú Arion banka.

**Framtíðarreikningur — gjöf til framtíðar**




*Á meðan birgðir endast

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

# RAFVÖRU MARKAÐURINN

# KASTARADAGAR

LITIR: HVÍTT, STÁL, GYLLT OG ANTIK




Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.

**RAFVÖRU MARKAÐURINN**

VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888

OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16



**SÆLJÓN Í HREINDÝRSGERVI** Í stóru sædýrasafni í Tókýó hafa menn skellt eins konar hreindýrshornum á þetta sæljón til að skemmta gestum í tilefni jólanna sem eru fram undan. NORDICPHOTOS/AFP

Lögmannafélag Íslands mun ekki taka erindi vegna Sveins Andra til umfjöllunar:

# Svar stjórnarinnar vonbrigði

**FÉLAGSMÁL** Stjórn Lögmannafélags Íslands segir í svari sínu við erindi Agnars Kristjáns Þorsteinssonar og Ísaks Jónssonar vegna ummæla hæstaréttarlögmannsins Sveins Andra Sveinssonar að stjórnin fari ekki með mál vegna meintra brota lögmanna á lögum eða siðareglum. Sjálfstæð úrskurðarnefnd félagsins fer með slík mál.

Sveinn Andri skrifaði á Facebook-síðu sína á dögunum að móðir stúlkunnar sem kærði Egil Einarsson og kærustu hans fyrir nauðgun væri áhrifamanneskja innan VG og ætti hann bágt með að trúa því að það væri tilviljun að dóttir hennar hefði kært hann fyrir nauðgun, sér í lagi í ljósi þess að femínistar hötuðu Egil.



SVEINN ANDRI SVEINSSON

Agnar og Ísak skrifuðu opið bréf til stjórnar Lögmannafélagsins í kjölfarið, þar sem skorað var á félagið að taka skrif Sveins Andra til umfjöllunar.

„Að ákveðnu leyti veldur þessi yfirlýsing okkur vonbrigðum þar sem við töldum fullt tilefni til þess að Lögmannafélagið sjálft tæki afstöðu til þess og léti úrskurða um þessi ummæli [...]“ segja Agnar Kristján Þorsteinsson og Ísak Jónsson við svari stjórnarinnar.

Agnar og Ísak segjast í því framhaldi skoða næstu skref og athuga hvort sú leið sé fær að leggja fram formlega kvörtun til úrskurðarnefndar Lögmannafélagsins. Auk þess skora þeir á þá sem brotið er á í þessu tilviki að gera slíkt hið sama. - sv

Kannabisræktandi dæmdur:

# Dæmdur fyrir 105 plöntur

**DÓMSMÁL** Kannabisræktandi hefur verið dæmdur í þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Maðurinn var með 105 plöntur í ræktun og rúm 150 grömm af kannabislaufum þegar lögreglan stöðvaði ræktunina.

Maðurinn játaði brot sitt en hann hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Auk plantnanna og laufanna voru gerðir upptækir fimm lampar, þrír straumbreytar, fjórar vatnsdælur, 26 blómapottar og tveir plastbakkar, sem lögregla lagði hald á. - jss


BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939

# VINNINGASKRÁ

Vinningaskrá - hausthappdrætti 2011. Dregið 9. desember 2011

**1. vinningur:**
**Chevrolet Captiva LT, 2,2 diesel, 184 hö, sjálfskiptur, sjö manna, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 6.290.000**
82545

**2. vinningur:**
**Chevrolet Aevo LT, 1,6l, sjálfskiptur, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 2.990.000**
33585

**3. vinningur:**
**Chevrolet Spark LS, 1,2l, beinskiptur, frá Bílabúð Benna. Verðmæti kr. 1.990.000**
131502

**4. - 28. vinningur**
**Ferðavinningar að eigin vali frá Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 500.000**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 2749 | 32206 | 79383 | 105803 | 124997 |
| 3752 | 44298 | 83393 | 113766 | 127535 |
| 8044 | 51962 | 91160 | 115493 | 132442 |
| 20993 | 62034 | 93993 | 116147 | 133621 |
| 30216 | 76888 | 98592 | 122891 | 147870 |

**29. - 78. vinningur:**
**Ferðavinningar að eigin vali með Heimsferðum. Hver að verðmæti kr. 250.000**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3022 | 29230 | 52201 | 61880 | 69073 | 81239 | 99155 | 118017 | 127518 | 137701 |
| 7940 | 36640 | 56426 | 62385 | 72991 | 82645 | 103098 | 120485 | 134096 | 144311 |
| 9488 | 39705 | 57455 | 64137 | 76002 | 83249 | 103936 | 123992 | 134608 | 144678 |
| 15425 | 40629 | 59820 | 64643 | 76953 | 85191 | 111247 | 124061 | 136700 | 147500 |
| 28374 | 43058 | 60151 | 66389 | 79962 | 92434 | 111851 | 124572 | 136822 | 150150 |

**79.- 178. vinningur**
**Apple iPad 2 spjaldtölva, 32GB 3G/Wi-Fi svart, frá Epli.is, hver að verðmæti kr. 129.900**

| | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 523 | 14514 | 37196 | 57195 | 72821 | 83311 | 95984 | 109258 | 121879 | 136569 |
| 5279 | 15903 | 38977 | 60441 | 74416 | 84353 | 97380 | 111694 | 122451 | 136878 |
| 6438 | 18374 | 45007 | 60949 | 75434 | 87457 | 97746 | 111742 | 126628 | 138314 |
| 7159 | 22645 | 46877 | 61903 | 76610 | 87788 | 99721 | 112580 | 126742 | 138672 |
| 7535 | 24429 | 49122 | 65076 | 79774 | 88792 | 100977 | 113739 | 128788 | 139119 |
| 7646 | 24748 | 49317 | 65922 | 81191 | 88892 | 101775 | 113743 | 131119 | 145973 |
| 7878 | 25605 | 50700 | 66532 | 81249 | 91059 | 102464 | 114639 | 131513 | 146524 |
| 9457 | 32477 | 52022 | 66538 | 82507 | 92266 | 102652 | 117801 | 133230 | 147982 |
| 13101 | 34931 | 52699 | 68547 | 82728 | 93655 | 106557 | 118272 | 133747 | 148024 |
| 14062 | 35327 | 54973 | 71064 | 83293 | 94229 | 107851 | 121631 | 135313 | 150757 |

**179. - 208. vinningar**
**Gjafakort Kringlunnar, hvert að verðmæti kr. 25.000**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 5651 | 22106 | 45047 | 72859 | 83605 | 118340 |
| 6101 | 24197 | 47542 | 73439 | 93875 | 126118 |
| 11605 | 27815 | 49901 | 75517 | 94104 | 126781 |
| 12898 | 34083 | 61262 | 79134 | 96782 | 137507 |
| 20258 | 44480 | 62792 | 79917 | 114087 | 140579 |

*Vinninga ber að vitja innan árs á skrifstofu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17. Upplýsingasími 525 0000*
*Birt án ábyrgðar*




**RÓTEINDAÁREKSTUR** Þessi mynd frá CERN sýnir ummerki um hegðun og hreyfingu öreinda í kjölfar árekstrar tveggja róteinda. Vísindamenn CERN leita nú að ummerkjum um Higgs-bóseindina. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Á slóð guðseindarinnar

**Vísindamenn við sterkeindahraðal CERN á landamærum Sviss og Frakklands hafa fundið vísbendingar um tilveru guðseindarinnar svokölluðu en leitin að henni hefur staðið yfir í tæplega 50 ár.**

**VÍSINDI, AP** Vísindamenn við sterkeindahraðal evrópsku kjarnorkurannsóknastöðvarinnar (CERN) á landamærum Sviss og Frakklands hafa fundið forvitnilegar vísbendingar um tilvist Higgs-bóseindarinnar. Um er að ræða helsta markmið dýrustu vísindatilraunar allra tíma en vísindamennirnir vonast til þess að geta svarað spurningunni um tilvist hennar að fullu á næsta ári.

Sterkeindahraðallinn hefur verið keyrður með sífellt meiri orku síðustu mánuði og hefur nú tekist að þrengja verulega það orkubil sem eindin kann að leynast á. Þá hafa fundist vísbendingar um hana á ákveðnum gildum bilsins þótt þær nægi ekki til að kveða upp stóradóm.

Í sterkeindahraðlinum er framkallaður árekstur róteinda við gríðarlega mikla orku. Vandinn við leitina að Higgs-bóseindinni er að samkvæmt fræðunum verður hún ekki til nema í litlum hluta árekstra. Því meiri orka sem er notuð, því líklegra er hins vegar að hún myndist.

Higgs-bóseindin er öreind en eðlisfræðingar spáðu fyrir um tilvist hennar fyrir nærri 50 árum. Síðan hefur staðið yfir leit að vísbendingum um tilvist hennar en án árangurs. Einn helsti hvatinn að byggingu sterkeindahraðals CERN var að þar var um að ræða tæki sem var talið geta svarað spurningunni um tilvist eindarinnar fyrir fullt og allt.

Higgs-bóseindin sjálf er raunar ekki sérlega áhugaverð. Hún er einungis áhugaverð að því leyti að tilvist hennar myndi sanna tilvist hins ósýnilega Higgs orkusviðs sem er talið fylla alheiminn. Ekki er hins vegar hægt að nema orkusviðið sjálft þannig að vísindamenn leita heldur að einkenniseind sviðsins sem er Higgs-bóseindin.

Samkvæmt staðallíkani öreindafræðinnar ferðuðust massalausar öreindir um alheiminn á ljóshraða fyrstu örsekúndu tilveru hans. Þá kviknaði á Higgs-orkusviðinu sem gerði það að verkum að það hægðist á sumum, en ekki öllum, eindanna sem fengu í leiðinni massa. Þetta gerði þeim eindum svo aftur mögulegt að tengjast og mynda þær frum- og sameindir sem allt efni alheimsins er búið til úr.

Án orkusviðsins er eðlisfræðingum vandi á höndum því það hefði í för með sér að þeir hefðu ekki skýringu á því af hverju öreindir ferðast ekki allar massalausar á ljóshraða um alheiminn. Þar með væri komin stór gloppa í staðallíkan eðlisfræðinnar og ljóst að menn þyrftu að leita annað að svörum við mörgum áhugaverðustu spurningum vísindanna.

magnusl@frettabladid.is





Gefðu ógleymanlega upplifun!
Jólapakkar
Úrvals Útsýnar
Aldrei hafa jólapakkar Úrvals Útsýnar verið jafn freistandi og nú!
Í boði eru sólrík sólarlönd, heillandi heimsborgir, glæsilegir golfvellir og spennandi skíðabrekkur á frábæru tilboðsverði!
Tilboðinu lýkur 24. desember.
Fyrstir koma, fyrstir fá!
Sólarpakkar
14 nætur í sólarparadís
frá: 97.900 kr.*
Borgarpakkar
Spennandi helgarferðir
frá: 81.900 kr.*
Skíðapakkar
Flugsæti til og frá Verona
frá: 65.900 kr.
Golfpakkar
7 golfdagar og ALLT INNIFALIÐ!
frá: 179.900 kr.*
ÚRVAL·ÚTSÝN
MEIRA Á urvalutsyn.is
* Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun og að bókað sé á netinu. Birt með fyrirvara um prentvillur.
ÚRVAL ÚTSÝN | LÁGMÚLA 4 108 RVK | S. 585 4000 | WWW.URVALUTSYN.IS




**Útivistarfatnaður**
Buxur og bolur saman í pakka.
Nokkrar mismunandi stærðir fáanlegar á frábæru verði!

VERÐ AÐEINS:
**2.995**




**Sokkar**
Svartir, góðir sparisokkar fyrir dömur og herra.
3 pör saman í pakka.
Dömustærðir: 39 - 42.
Herrastærðir: 40 - 45.

VERÐ ÁÐUR: 895
**695**



**THINSULATE vettlingar**
Góðir vettlingar frá THINSULATE með rúskinni í lófa.
Fáanlegir í svörtum og gráum lit.
Stærðir: M-XL.

VERÐ AÐEINS:
**1.295**

# GERÐU GÓÐ KAUP!

TILBOÐIN GILDA 14.12 - 15.12




10 PÖR ÁÐUR: 1.995
**1.695**

**COLLEGE sokkar**
10 pör í pakka. Litur: Svartur.




**Barnasokkar**
Flottir stelpu og strákasokkar á frábæru verði!
8 pör saman í pakka. Stærðir: 23-38.

8 PÖR VERÐ AÐEINS:
**1.495**



**ALVIDA lúffur / hanskar**
Góðir vettlingar fyrir börnin. Fást sem lúffur eða hanskar. Stærðir: 1-10 ára.

VERÐ AÐEINS:
**995**




VERÐ ÁÐUR: 1.495
**995**

**Barnahlýrabolir og barnanærbuxur**
Hlýrabolir 3 stk. áður: **1.495** nú: **995**
Nærbuxur 5 stk. áður: **1.495** nú: **995**
saman í pakka. Stærðir: 2-8 ára.



**Kuldaskór**
Góðir kuldaskór á börnin.
Stærðir: 25-35.

VERÐ AÐEINS:
**4.995**

**CORNA klossar með flísfóðri**
Litríkir og flottir CORNA klossar á frábæru verði!
Stærðir: 27 - 34. áður: **1.295** nú: **995**
Stærðir: 35 - 46. áður: **1.495** nú: **995**

NÚ AÐEINS:
**995**







**Barnaskór**
Glæsilegir barnaskór á frábæru verði!
Jólaskórinn í ár! Stærðir: 22-27.

FULLT VERÐ: 2.995
**1.995**

## ÖLL LEIKFÖNG 25% AFSLÁTTUR



VERÐ AÐEINS:
**995**

**PUFFY inniskór**
Hlýir, mjúkir og þægilegir inniskór á frábæru verði!
Nokkrir mismunandi litir fáanlegir. Stærðir: 36-44.

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is



20% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.495

**1.995**

**Heilsupúði bak / sessa úr MEMORY FOAM**
Góður heilsupúði sem hægt er að nota sem sessu eða sem stuðning við bakið. Frábær á skrifstofuna, í bílinn eða bara hvar sem er.
Stærð: 41 x 41 x 9,5 sm.



25% AFSLÁTTUR

**Alhliða heilsukoddi úr MEMORY FOAM**
Alhliða heilsukoddi úr MEMORY FOAM svampi. Gefur góðan stuðning við hnakka, fætur eða mjóbak.
Stærð: 40 x 20 x 10 sm.

FULLT VERÐ: 1.995

**1.495**



ALLIR DÚNKODDAR 20% AFSLÁTTUR

KRONBORG®
OF DENMARK




60°

HREIN EFNI

SPARIÐ 3.000

FULLT VERÐ: 19.950

**16.950**

Veggir

**KRONBORG DREAMER gæsadúnsæng**
Lúxus gæsadúnsæng fyllt með 900 gr. af gæsadúni. Sængin er saumuð í 5 x 7 sm. ferninga með 2,5 sm. háum veggjum á milli hólfa og því helst dúnninn jafn yfir alla sængina. Má þvo við 60°C. Stærðir:
135 x 200 sm. áður: 19.950 nú: **16.950**
Extra löng: 135 x 220 sm. **22.950**
Tvíbreið: 200 x 220 sm. **29.950**



**Heilsukoddi úr MEMORY FOAM**
Mjúkur og góður heilsukoddi úr MEMORY FOAM svampi. Hægt að aðlaga og nota á ýmsa vegu. Stærð: 10 x 65 sm.

VERÐ AÐEINS:

**1.495**

FRÁBÆRT VERÐ



**Heilsukoddi fyrir fætur úr MEMORY FOAM**
Góður heilsukoddi til að hafa milli fóta. Léttir álag á mjaðmir, mjóbak og hné. Stærð: 20 x 15 x 25 sm.

FULLT VERÐ: 1.495

**995**

33% AFSLÁTTUR

JÓLA LEIKUR

SKRÁÐU ÞIG Á PÓSTLISTANN Á WWW.RUMFATALAGERINN.IS OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ

50.000 KR.

GJAFABRÉF HJÁ OKKUR
DRÖGUM VIKULEGA TIL JÓLA

**FRÉTTASKÝRING:** IPA-styrkir til Íslands

# Fordæmi fyrir IPA-skattaundanþágum

**Samkvæmt frumvarpi sem fjármálaráðherra lagði fram á þingi fyrir stuttu skulu allir IPA-styrkir sem Ísland fær úthlutað frá Evrópusambandinu (ESB) í yfirstandandi umsóknarferli vera undanþegnir sköttum og opinberum gjöldum. Þannig renni öll aðstoð sem Ísland hlýtur með þessum hætti beint til þeirra verkefna sem hún var ætluð.**

Frumvarpið lýtur að því að uppfylla ákvæði rammasamnings sem Ísland gerði við framkvæmdastjórn ESB í sumar, en hann kveður á um reglur varðandi IPA-aðstoð.

Utanríkisráðherra lagði fram, í tengslum við frumvarpið, þingsályktunartillögu um samþykkt rammasamningsins. Fram kemur í athugasemdum við tillöguna að sams konar rammasamningur hafi verið gerður við öll umsóknarríki að ESB eftir 1994, auk Tyrkja.

Samkvæmt þessum samningi eru allar framkvæmdir og kaup á vöru eða þjónustu, á grundvelli IPA-styrktarsamninga, undanþegnar sköttum og opinberum gjöldum á Íslandi og verktakar sem ekki hafa lögheimili hér á landi og vinna störf sem fjármögnuð eru af ESB, eru undanþegnir til dæmis virðisaukaskatti, tekjuskatti og útsvari af launum sínum. Það á þó ekki við um verktaka sem búsettir eru hér á landi.


BHS Borgarholtsskóli
bókmennt • handmennt • siðmennt

## Kvöldskóli BHS vorönn 2012

Innritun í málmiðnadeild kvöldskóla BHS verður eftirfarandi daga:

**fimmtudag 15. desember kl. 17 - 19**
**föstudag 16. desember kl. 17 - 19**

Eftirtaldir áfangar verða í boði fyrir málmiðngreinar. Tilvalið fyrir þá sem eru að fara í sveinspróf í málmiðngreinum. Einnig eru kenndar allar suðugreinar, s.s. MIG/MAG, TIG, logsuða og rafsuða, handa- og plötuvinna, aflvélavirkjun og rennismíði, grunnteikning og rafmagnsfræði.

**Verklegir áfangar**

| | |
|---|---|
| AVV-323 | Verkleg vélvirkjun |
| HSU-102/212 | Verkleg suða |
| HSU 232 | Verkleg þunnplötusuða, ál / stál / ryðfrítt |
| LSU-102/202 | Verkleg suða |
| RSU-102/202 | Verkleg suða |
| STÝ-202 | Verkleg stýritækni |
| KÆL-102 | Verkleg kælitækni + bókleg |
| REN-103/203 | Rennismíði fyrir byrjendur |
| REN-344/443 | Rennismíði, framhald |

**Bóklegir áfangar**

| | |
|---|---|
| EÐL-102 | Eðlisfræði |
| ITM-114 | Tölvuteikning |
| TTÖ-102 | Tölvuteikning |
| RÖK-102 | Rökrásir bóklegt |
| RAT-112 | Rafeindatækni bóklegt |
| MRM-112 | Mælingar í rafmagni |
| REN - allir áfangar | Bókleg rennismíði |
| STÝ-102 | Bókleg stýritækni |
| VFR-223 | Fagbókleg vélfræði |

Kennsla hefst föstudaginn 6. janúar    Kennslu lýkur mánudaginn 30. apríl

Ath.: Áfangar geta fallið niður, náist ekki nægur fjöldi í hópa.
Sjá einnig á vef skólans: www.bhs.is

*Skólameistari*


### Grundvallarregla í milliríkjasamskiptum

Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna um rammasamninginn segir einnig að slíkar undanþágur, eða friðhelgi, frá sköttum og gjöldum séu venja þegar alþjóðastofnanir gera samninga við yfirvöld þeirra ríkja þar sem þau eru staðsett.

„Þetta er grundvallarregla í milliríkjasamskiptum sem byggist á gagnkvæmni,“ segir í athugasemdunum. „Hún gerir starfsemi sendiskrifstofa, alþjóðastofnana og ýmiss konar alþjóðlega aðstoð, þ.m.t. þróunaraðstoð, greiðari og ódýrari.“ Þar segir jafnframt að rammasamningurinn vegna IPA-styrkja byggi á sömu grundvallarsjónarmiðum og gilda gagnvart starfsliði sendiráða og alþjóðlegra stofnana hér á landi og íslensku starfsfólki annarra stofnana í öðrum löndum.

### Fjöldi sjóða og stofnana þegar undanþeginn sköttum og gjöldum

Allmargar stofnanir, samtök og sjóðir sem starfa hér á landi fá sambærilegar undanþágur. Þar má nefna lög um Þróunarsjóð fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland sem er undanþeginn tekjuskatti, stimpilgjaldi og fleiru auk þess sem lög fyrir norrænt fjármögnunarfélag á sviði umhverfisverndar kveða á um sömu undanþágur.



**30 MILLJÓNIR EVRA** Samkvæmt IPA-landsáætlun mun Íslandi standa til boða styrkir að upphæð 30 milljónir evra úr IPA-kerfinu. Styrkirnir verða undanþegnir sköttum og gjöldum hér á landi, en slíkt gildir um starfsemi fjölda sjóða og alþjóðlegra stofnana á Íslandi. NORDICPHOTOS/AFP

Þá eru samnorrænar stofnanir hér á landi, sem til dæmis eru tengd arskrifstofu ráðherranefndar Norðurlanda og stjórnarnefndar Norðurlandaráðs, undanþegnar beinni skattheimtu og tollgjöldum. Starfsfólk og fjölskyldur þeirra eru líka undanþegin tollgjöldum af persónulegum eignum sem fluttar eru til landsins.

Loks má geta ákvæða í varnarlögum frá árinu 2008 þar sem kveðið er á um að erlendur liðsafli og borgaralegar deildir hans sé undanþeginn tollum og skattgreiðslum, meðal annars vegna launa sendiliðs hér á landi.

### Frekar til að auka tekjur ríkissjóðs

Í umsögn fjármálaráðuneytisins sem fylgir frumvarpinu er velt upp þeirri spurningu hvert tekjutap ríkissjóðs verði af skattaundanþágunum, en því er til svarað að slíkt eigi tæpast við að þessu sinni. IPA-styrkir séu í eðli sínu ekki veittir nema með því skilyrði að þeir séu undanþegnir sköttum og gjöldum og myndu ekki berast að öðrum kosti. „Má frekar gera ráð fyrir því að ríkissjóður muni hafa tekjur af þessum styrkjum með óbeinum hætti ef ESB-verktakar verða innlendir aðilar,“ segir þar.

Áætlanir gera ráð fyrir að IPA-styrkir til Íslands geti numið allt að 30 milljónum evra, um fimm milljörðum króna, á árunum 2011 til 2013. Í fyrrnefndri umsögn fjármálaráðuneytisins segir að ESB hafi fallist á tillögur íslenskra stjórnvalda um landsáætlun um IPA-styrki. Þeir muni koma til útborgunar frá og með næsta ári. Á fjárlögum er gert ráð fyrir um 600 milljóna króna styrk á næsta ári.

## Gegnsæi tryggt

Rammasamningur Íslands og ESB kveður á um að upplýsingum um alla styrki sem ESB veitir í gegnum IPA-styrkjakerfið sé komið á framfæri til borgara og viðtakenda til að „varpa ljósi á hlutverk ESB og tryggja gagnsæi“.


**Þorgils Jónsson**
thorgils@frettabladid.is




## IPA-verkefni á Íslandi

■ Í tillögum Íslands að IPA-landsáætlun 2011, sem ESB hefur fallist á, voru lögð fram sjö verkefni sem geta fengið styrki.
**Hagstofa Íslands**: Endurbætur á gerð þjóðhagsreikninga.
**Matís**: Framfylgni reglugerða um matvælaöryggi sem hafa nú þegar verið innleiddar á Íslandi sem hluti af skuldbindingum í EES.
**Náttúrufræðistofnun**: Kortlagning vistkerfa og fuglalífs á Íslandi.
**Þýðingamiðstöð**: Þýðing á regluverki Evrópusambandsins yfir á íslensku.
**Skrifstofa landstengiliðar**: Samræming og miðlun styrkja og uppbygging þekkingar á stuðningi ESB á sviði byggðamála og atvinnuuppbyggingar.
**Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**: Efling á starfshæfni fullorðinna með litla formlega menntun.
**Háskólafélag Suðurlands**: Verkefnið Katla Jarðvangur sem felur meðal annars í sér þróunaráætlun fyrir svæðið kringum Eyjafjallajökul og uppbyggingu á þekkingarsetri um svæðið.

■ Styrkupphæðin til Íslands mun nema 30 milljónum evra, en heildarfjárveitingar IPA á árunum 2007 til 2013 eru 11,5 milljarðar evra.

■ Íslandi stendur einnig til boða að taka þátt í svokölluðum fjölþegaáætlunum, til dæmis TAIEX-aðstoðinni. Í því felast ekki beinir fjárstyrkir heldur einna helst heimsóknir erlendra sérfræðinga til Íslands eða kynnisferð til einhvers aðildarríkis ESB eða á ráðstefnu.

**Heimild: Evrópuvefurinn**





# Sparaðu með Miele

**Tango Plus er vinsælasta ryksugan frá Miele**

Miele ryksugurnar eru traustar og kraftmiklar, með stillanlegu röri og úrvali fylgihluta. Þær hafa hlotið hæstu einkunn hjá neytendasamtökum í Þýskalandi.



**kr.: 24.900**
**Verðlistaverð kr.: 33.530**

**Care Collection ryksugupokar og ofnæmissíur** eru sérstaklega framleidd fyrir Miele ryksugur

**25% AFSLÁTTUR**

*Farðu alla leið með Miele*

Miele

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is


„ÆSISPENNANDI“
Kristjana Guðbrandsdóttir, DV
MEST SELDA BÓKIN!
YRSA SIGURÐARDÓTTIR
BRAKIÐ
„EITT AF MEISTARAVERKUM SPENNUBÓKMENNTANNA.“
VERÖLD
„Enn ein frábær bók frá Yrsu, ein af þeim betri að mínu mati.“
GUÐRÍÐUR HARALDSDÓTTIR, VIKUNNI
„Tryllingur af bestu gerð ... æsispennandi og blóðugur hryllingur með dulrænni dramatík.“
KRISTJANA GUÐBRANDSDÓTTIR, DV
VERÖLD
DYNAMO REYKJAVÍK

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjörutíu ára slagorð í fullu gildi – því miður:

## Fræðsla lykill að hugarfarsbreytingu

Manneskja ekki markaðsvara var mest áberandi slagorðið í allrafyrstu aðgerð Rauðsokka, 1. maí 1970. Þessi aðgerð, að ganga undir merkjum kvenfrelsis, í kröfugöngu verkalýðsfélaganna átti sér raunar stað áður en Rauðsokkahreyfingin varð til en árin á eftir áttu Rauðsokkar oft eftir að vekja athygli á margvíslegum málefnum með aðgerðum sem vöktu athygli.

Mörg baráttumála Rauðsokka á áttunda áratug síðustu aldar náðust fram, réttindi sem nú þykja sjálfsögð. Í öðrum málum hefur minna þokast, jafnvel færst afturábak.

Þannig á slagorðið Manneskja ekki markaðsvara því miður ekki síður erindi við samtímann árið 2011 en það átti fyrir 41 ári. Staða kvenna er vissulega með allt öðrum hætti varðandi menntun og þátttöku í atvinnulífi. Á sama tíma virðast staðalímyndir um útlit og kynhlutverk, sem til dæmis birtist í margvíslegu afþreyingarefni, aldrei hafa verið sterkari.


SKOÐUN



**Steinunn Stefánsdóttir**

steinunn@frettabladid.is


Um helgina sagði RÚV frá rannsókn sem sýndi fram á að almenningur á erfitt með að greina á milli ummæla um konur sem birtast í breskum karlatímaritum annars vegar og ummæla sem höfð eru eftir dæmdum nauðgurum hins vegar. Þarna er um að ræða framsetningu karlablaða þar sem ofbeldistengd kynhegðun er gerð sjálfsögð eða normalíseruð. Sú orðræða sem karlmönnum er boðin sér til afþreyingar er sem sagt svo ofbeldishlaðin að þeir sem ekki þekkja til álíta að hún hafi allt eins sprottið úr hugarheimi kynferðisbrotamannsins.

Normalísering ofbeldisfullrar orðræðu þar sem konur eru hlutgerðar er ekki aðeins óskemmtileg heldur beinlínis háskaleg og við þessu verður að bregðast. Fræðsla hlýtur þarna að gegna lykilhlutverki.

Það er flókið að fóta sig í samfélagi þar sem hlutverk kynjanna hafa á fáeinum áratugum breyst eins mikið og raun ber vitni, í samfélagi þar sem formleg völd hafa verið í höndum karla um aldir en nú ríkir eining, að minnsta kosti í orði, um að allt fólk eigi að hafa sömu möguleika óháð kyni, samfélagi sem hefur byggt upp lagaumhverfi samfélags þar sem fólki er ekki mismunað á grundvelli kyns.

Fræðsla um stöðu kynjanna og hlutverk er engu að síður lítil í skólum. Og hún er tilviljunarkennd, þ.e. veltur að miklu leyti á áhuga einstakra kennara. Í síðustu viku vorum við á hressilegan hátt minnt á það hverju slík kennsla getur skilað. Nemandi í kynjafræðiáfanga í Borgarholtsskóla skrifaði grein í Fréttablaðið sem vakti mikla athygli. Þar lýsti hann á áhrifaríkan hátt hugarfarsbreytingu sem hann hafði orðið fyrir við það eitt að fræðast um jafnréttismál. Samnemendur hans í áfanganum tóku undir með honum í viðtali í helgarblaði Fréttablaðsins og einn þeirra benti á að í skólanum fyndist orðið fyrir breytingu vegna þeirra 30 nemenda sem tækju áfangann á hverri önn. „Hjá þeim breytist viðhorfið og það smitar út frá sér."

Því fleira ungt fólk sem er gert kleift að fræðast og tala saman um stöðu kynjanna í samfélaginu þeim mun meiri gagnkvæmur skilningur og virðing og þeim mun minni fordómar. Það hlýtur að vera öllum til gagns.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871







## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Smjörklíka með smjörklípu

Gunnar Bragi Sveinsson, þingmaður Framsóknarflokksins, brást ókvæða við þegar spurt var, á bloggsíðu Björgvins Vals Guðmundssonar, hvað Gunnari hefði gengið til með því að spyrja á Alþingi um símhleranir. Ólafur Hauksson, sérstakur saksóknari, hefur sagt að símhleranir nýtist ekki lengur í rannsóknum eftir að þær komust í hámæli. Gunnar brigslaði sérstökum saksóknara um að beina athyglinni að öðru til að breiða yfir hve illa gengi í rannsóknum hans. Um smjörklípu af hálfu sérstaks saksóknara væri því að ræða. Þetta er sérkennilegur málflutningur, þar sem saksóknari minntist ekki einu orði á fyrirspurn Gunnars, aðeins að málin hefðu komist í hámæli. Mætti jafnvel kalla málflutning Gunnars smjörklípu.



### Réttmæt ábending

Þó að það lýsi ekki endilega mikilli ábyrgð að rífast við sérstakan saksóknara á bloggsíðu, til að líta betur út sjálfur, hefur Gunnar Bragi að sumu leyti nokkuð til síns máls. Það hvernig hleranir eru notaðar í rannsóknarskyni á ekki að vera leyndarmál og sjálfsagt að spyrja um það á Alþingi.



### Húskarlahornið

Björn Bjarnason hefur marga fjöruna sopið í stjórnmálum og er því orðinn þaulæfður greinandi á samfélaginu og undirliggjandi ástæðum hlutanna. Það sést vel á nýjustu greiningu hans á Evrópumálum. Hann telur þá staðreynd að rúmlega helmingur sjálfstæðismanna vilji ljúka viðræðunum og bera samning undir þjóðaratkvæði sýna að þeir vilji ljúka málinu sem fyrst. Sem er reyndar ekki tilfellið, þá vildu þeir ekki ljúka viðræðunum með samningi heldur hætta strax.

**kolbeinn@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Óstöðugur gjaldmiðill kallar á háa vexti

Fjármál




**Ólafur Darri Andrason**

hagfræðingur ASÍ


Óstöðugur gjaldmiðill er ein meginorsök þess að vextir eru miklu hærri á Íslandi en í nágrannalöndunum. Þessir háu vextir hafa margvísleg áhrif á okkur.

Frá aldamótum hafa vextir af 5-10 ára ríkisskuldabréfum verið tvöfalt hærri á Íslandi en að meðaltali á Evrusvæðinu. Íslenska ríkið hefur þurft að greiða 4,2% hærri vexti en ríkin á Evrusvæðinu að meðaltali. Í dag skuldar ríkissjóður um 1.400 milljarða. Hvert prósent sem ríkissjóður þarf að greiða í hærri vexti kostar okkur því um 14 milljarða króna. Það er því til mikils að vinna að lækka vextina. Tækist okkur að lækka þá varanlega um t.d. 3 prósentustig sparar það okkur 42 milljarða á ári. Þetta eru fjármunir sem samsvara samanlögðum kostnaði við rekstur Landspítalans og Sjúkrahússins á Akureyri, eða þriðjungnum af því sem einstaklingar greiða í tekjuskatt.

Heimilin skulda um 1.500 milljarða. Hvert prósentustig í vöxtum kostar okkur því um 15 milljarða. Frá aldamótum hafa vextir af nýjum húsnæðislánum verið tæplega þrefalt hærri á Íslandi (meðalvextir á Íslandi: 75% Íbúðalánasjóðs og 25% banka) en að meðaltali á Evrusvæðinu. Þessi munur nemur 7,8 prósentustigum. Tækist okkur að brúa þetta bil myndi það spara heimilunum 117 milljarða á ári, sem jafngildir tæplega 17% hækkun á ráðstöfunartekjum heimilanna að meðaltali.

Fyrirtækin skulda tæpa 1.700 milljarða. Hvert prósentustig í lækkuðum vöxtum

> Það skiptir sköpum fyrir veikburða atvinnulíf að vextir lækki til þess að fjárfestingar aukist.

sparar þeim 17 milljarða á ári. Ef vextir fyrirtækja lækkuðu t.d. um fjögur prósentustig yrði sparnaðurinn um 68 milljarðar króna á ári. Það skiptir sköpum fyrir veikburða atvinnulíf að vextir lækki til þess að fjárfestingar aukist. Þær eru nú í sögulegu lágmarki og atvinnuleysi mikið. Auknar fjárfestingar skila sér til launafólks í formi aukinnar atvinnu og aukins kaupmáttar til framtíðar. Ef við viljum sambærileg lífskjör og best þekkjast í nágrannalöndum okkar verðum við að ráðast að rót vandans og tryggja hér stöðugleika og lága vexti. Slíkt gerum við með stöðugum gjaldmiðli og agaðri hagstjórn.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frelsi og vernd: Stóra spurningin um netið

**Netnotkun barna**



**Gordon Alexander**
yfirmaður rannsóknarskrifstofu UNICEF

Hvernig geta þjóðir tekist á við kynferðisofbeldi gegn börnum á netinu án þess að hindra netaðgang barna? Þetta er snúið vandamál sem enn hefur ekki tekist að svara með fullnægjandi hætti, en nú hefur með skipulagðri nálgun verið hafist handa við að skilja staðreyndirnar frá þeim tilfinningum – og jafnvel æsingi – sem einkennt hafa umræðuna.

Æsingurinn á þó að vissu leyti rétt á sér. Nú er talið að á heimsvísu fyrirfinnist 16.700 netsíður sem birta myndir af kynferðisofbeldi gegn börnum. Á netinu eru milljónir slíkra mynda sem sýna tugþúsundir barna. Aldur þeirra barna sem fyrir ofbeldinu verða fer einnig lækkandi og virðast nú þrjú af hverjum fjórum börnum vera undir 10 ára aldri. Enn fremur verða myndirnar sífellt grófari og ofbeldisfyllri.

Þróun netumhverfisins bjó ekki til glæpi sem tengjast kynferðisofbeldi og misnotkun á börnum, en hefur aukið umfang þeirra og getuna til að valda skaða, eins og útskýrt er í nýrri rannsóknarskýrslu sem út kemur í dag, Öryggi barna á netinu: Áskoranir og baráttuaðferðir á heimsvísu.

Þessi nýja skýrsla frá Innocenti, rannsóknastofnun UNICEF, fer yfir umfang hættunnar, netnotkun barna og leiðir til að vernda þau. Samfara hættunum – myndefni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum, nettælingu og einelti á netinu – fylgir einstakur og sögulegur ávinningur fyrir börn á sviði menntunar, félagslegra samskipta og afþreyingar.

Í augum barna eru netheimar töfrastaður til að eiga samskipti, rækta vinskap, kanna heiminn og upplifa ævintýri; staður sem gerir þeim kleift að víkka út mörkin og taka stjórn á eigin lífi. Í augum margra foreldra er netið vafasamur og misskilinn heimur sem einkennist af óskiljanlegu tungumáli, of nánum samskiptum við ókunnuga og óheilbrigðum kynlífsáhuga.

Kynslóðabilið er ekki nýtt fyrirbæri en það sem gerir netið frábrugðið öðru er hversu ótrúlega hratt það þróast og breytist. Einkatölvur virðast nú þegar vera að úreldast, þar sem börn kjósa fremur netaðgang í gegnum snjallsíma sem veitir þeim meira frelsi og foreldrunum enn minni stjórn.

Afbrotamenn notfæra sér einnig stöðugt umsvifameiri netaðgang í krafti síaukinnar breiðbands- og farsímanotkunar. Tilkoma breiðbandsins er stór áhrifaþáttur þegar kemur að því að auðvelda framkvæmd kynferðisofbeldis gegn börnum á netinu, því það leyfir skipti á stærri skjölum, sérstaklega skjölum sem innihalda ljósmyndir og upptökur. Einnig hefur það opnað nýja vídd fyrir brotamenn í þróunarlöndum þar sem netið er enn nýnæmi og breiðist svo ógnarhratt út að örðugt er að halda utan um þann fjölda ungs fólks sem notar það, hvað þá að gera sér grein fyrir hinum raunverulegu undirliggjandi hættum.

Í Brasilíu jókst til dæmis fjöldi nettengdra barna yfir 10 ára aldri um 75 prósent á þremur árum, upp í 56 milljón notendur, og árið 2009 notuðu 80 prósent unglinga í Nepal netið. Þótt Afríka sunnan Sahara sé enn langt á eftir, með 11 prósenta notkun, hefur hlutfallsleg aukning verið mikil og þá sérstaklega fyrir tilstilli netkaffihúsa og farsíma.

Hvaða lausnir standa þá til boða, allt frá Bretlandi til Benín?

Í skýrslunni Öryggi barna á netinu: Áskoranir og baráttuaðferðir á heimsvísu er áhersla lögð á fjórar þeirra. Forgangsmarkmið er valdefling barna, í ljósi þess að flest börn hafa betri þekkingu á tækni en foreldrarnir og eru líklegri til að snúa sér til jafnaldra sinna þegar upp koma vandamál á netinu.

Annar þátturinn – að afnema friðhelgi ofbeldisfólks – krefst alþjóðlegrar samvinnu í lagasetningu og löggæslu á gæðastigi sem nú er til staðar í fæstum löndum. „Frá sjónarhóli löggæslunnar er það mikilvægasta sem stjórnvöld geta gert að samræma lagaumhverfið,“ segir Peter Davies, yfirlögregluþjónn og yfirmaður hjá Child Exploitation and Online Protection Centre (CEOP) í Bretlandi. „Fólk verður að gera sér grein fyrir því að líklegt er að allar meiriháttar netrannsóknir teygi sig yfir landamæri þjóðríkja, og það gerist of oft að ljón eru í vegi löggæsluaðila sem vilja ólmir taka á þeim skaða sem netið veldur, vegna þess að lög eins lands gilda ekki í öðru.“

Ábending Davies rímar við niðurstöður rannsóknarinnar. Af þeim 196 löndum sem rannsóknin tók til bjuggu aðeins 45 yfir lagaramma sem nægði til að berjast við glæpi tengda myndefni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum.

Þriðji þátturinn sem bent er á í greininni er að koma í veg fyrir framboð og aðgengi að myndefni sem sýnir kynferðisofbeldi gegn börnum; nokkuð sem krefst samvinnu netþjónustufyrirtækja sem og barnvænni netsía og búnaðar til að loka á síður. Iðnaðurinn býr yfir getu til að þróa og kynna ný verkfæri sem gera netið öruggara fyrir börn. Til þess gæti þó þurft hvata – markaðsforskot fyrir aðila sem sjá neytendum fyrir betri og öruggari kostum.

> Tilkoma breiðbandsins er stór áhrifaþáttur þegar kemur að því að auðvelda framkvæmd kynferðisofbeldis gegn börnum á netinu, því það leyfir skipti á stærri skjölum, sérstaklega skjölum sem innihalda ljósmyndir og upptökur. Einnig hefur það opnað nýja vídd fyrir brotamenn í þróunarlöndum þar sem netið er enn nýnæmi og breiðist út svo ógnarhratt.

Fjórða atriðið í skýrslunni er að styðja björgun barna sem verða fyrir ofbeldi á netinu, sem er ekkert áhlaupaverk þar sem ofbeldið er sjaldnast tilkynnt og börnin sem í hlut eiga skynja það ekki alltaf sem ofbeldi.

Ef til vill verður aldrei mögulegt að útrýma öllum þeim hættum sem fyrirfinnast í netheimum. Þeir eru stórt rými í stöðugri þróun, sívaxandi og skapandi, og geta því aldrei lotið þeirri stýringu sem þyrfti til að vernda börn fullkomlega. Slík stjórnun er heldur ekki eftirsóknarverð, þar sem algjör stýring myndi eyðileggja kjarna netsins og hina mörgu kosti þess. En það ætti að gera – og er hægt að gera – meira.

# Mikil arðsemi af raforkusölu til stóriðju

**Orkumál**

**Þorsteinn Víglundsson**
framkvæmdastjóri Samtaka álframleiðenda






Á árabilinu 2001 til 2010 hefur eigið fé Landsvirkjunar í bandaríkjadölum liðlega fjórfaldast. Þar hefur ekki komið til nein hlutafjáraukning af hálfu eigenda fyrirtækisins heldur hefur fyrirtækið þvert á móti greitt 45 milljónir bandaríkjadala í arð til eigenda sinna á sama tíma. Það eru fá íslensk fyrirtæki sem geta státað af viðlíka arðsemi eigin fjár á þessu tímabili.

Í nýlegri skýrslu Sjónarrandar, sem unnin var fyrir fjármálaráðuneytið, komast tveir hagfræðingar að því að arðsemi raforkusölu til stóriðju hafi reynst umtalsvert lakari en arðsemi annarra atvinnuvega en stóriðju, veitustarfsemi og fjármálafyrirtækja. Muni þar 2-3% á árlegri heildararðsemi.

Þar er horft til arðsemi heildarfjármagns til langs tíma, allt frá 1965 er Landsvirkjun var sett á fót. Meginuppbygging Landsvirkjunar hefur hins vegar átt sér stað á liðnum áratug, en á því tímabili hefur raforkusala fyrirtækisins tvöfaldast, fyrst og fremst vegna aukinnar raforkusölu til stóriðju. Árangurinn af þeirri uppbyggingu má m.a. sjá í fjórföldun eigin fjár Landsvirkjunar á sama tíma.

Í skýrslu Sjónarrandar kemur fram að arðsemi Landsvirkjunar af raforkusölu til stóriðju hefur verið liðlega tvöfalt hærri en arðsemi af raforkusölu til almennings.

HEKLA – NÝ LÍNA FRÁ ICECOLD



ÓMÆLDUR KRAFTUR
UMLUKINN FEGURÐ

ÍSLENSK HÖNNUN
ÍSLENSK SMÍÐI

ICECOLD
JÓ 40 JÓN & ÓSKAR 1971-2011
PIPAR\TBWA • SÍA • 113392
www.jonogoskar.is
LAUGAVEGUR / SMÁRALIND / KRINGLAN
Sími: 552 4910

# Velferðarborgin Reykjavík

Velferðarmál

Björk Vilhelmsdóttir
borgarfulltrúi og formaður velferðarráðs



Við í Reykjavík getum verið stolt af þeirri velferðarþjónustu sem við veitum. Við gerum í mörgu umtalsvert meira en önnur sveitarfélög. Til marks um það veitir Reykjavíkurborg um 18% af útsvarstekjum sínum til velferðarmála á meðan önnur sveitarfélög veita um 6-9%.

Ástæðan er sú að í Reykjavík búa hlutfallslega fleiri sem þurfa mikla aðstoð frá samfélaginu s.s. vegna langvarandi félagslegra erfiðleika, alvarlegrar fötlunar o.fl. Það kostar, en sumt er þess virði og fyrir vikið er borgarsamfélagið einnig fjölbreyttara.

Á árinu 2012 erum við að gera enn betur. Við bættum við 204 m.kr. til að mæta brýnum þörfum í velferðarmálum, þ.e. aukningu á þjónustumiðstöðvar til að sinna þeim sem verst eru staddir, til að virkja ungt fólk til virkni eða vinnu og í ýmiskonar stuðningsvinnu með börnum. Við stöndum einnig vörð um almenn framlög til velferðarmála.

Miklir fjármunir eða tæpir 3 milljarðar eru áætlaðir til að veita fjárhagsaðstoð til þeirra sem hafa engar tekjur eða tekjur undir viðmiðunarmörkum borgarinnar. Þeim sem treysta á fjárhagsaðstoð sér til framfærslu hefur fjölgað um 100% frá því fyrir hrun, mest meðal ungs fólks 18-24 ára. Þetta er alvarlegasti vandi okkar í dag því þeir sem lifa á fjárhagsaðstoð og eru óvirkir í samfélaginu, t.d. ungt fólk utan skóla og utan vinnu, líður almennt illa og hætt er við langvarandi heilsubresti. Við höfum þegar gert margt til að bjóða upp á mikilvæg virkniúrræði, en verðum að gera enn betur og vera enn ákveðnari.

Megináhersla velferðarráðs á næsta ári verður á virkni. Við viljum virkja vinnufært og vinnufúst fólk til starfa. Við ætlum að byrja strax á Atvinnutorgi fyrir ungt fólk yngra en 25 ára, en sinna þeim eldri með margvíslegum virkniúrræðum. Unga vinnufæra fólkið sem kemur nýtt inn í fjárhagsaðstoðarþjónustu á að fá starfsþjálfun og vinnu hjá Reykjavíkurborg í stað fjárhagsaðstoðar sem því miður leiðir oft til óvirkni og þeir sem hafa verið lengi á fjárhagsaðstoð fá þjálfun til vinnu og eða náms.

Fjárhagsaðstoðin mun hækka um áramót um 5,7%, eða sem nemur hækkun neysluverðsvísitölu milli ára. Viðmiðunarfjárhæðin fyrir einstakling sem rekur eigið heimili hækkar úr 149.000 kr. í 157.493 kr. Grunnfjárhæð til hjóna/sambúðarfólks hækkar úr 223.500 kr. í 236.240 kr. á mánuði. Grunnfjárhæð til einstaklings sem býr með öðrum, leigir húsnæði án þinglýsts leigusamnings eða hefur ekki aðgang að húsnæði hækkar úr 125.540 kr. í 132.696 kr. og grunnfjárhæð til þeirra sem búa í foreldrahúsum hækkar úr 74.500 í 78.747 kr. Þó mörgum kunni að finnast þessar upphæðir lágar, er Reykjavíkurborg samt sem áður í fararbroddi annarra sveitarfélaga þegar kemur að fjárhagsaðstoð.

Við viljum koma fólki úr vítahring aðgerðaleysis – að allir séu með í samfélaginu. Í reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð er heimild til að skerða fjárhagsaðstoð um helming ef þeir sem eru vinnufærir samkvæmt faglegu mati þiggja ekki vinnutilboð og starfsþjálfun.

En þá að þjónustunni. Samkvæmt áherslum velferðarráðs á velferðarþjónustan í Reykjavík að vera kærleiksrík og hvetjandi, og hún á að þjóna fólkinu en ekki kerfinu.

● Við leggjum mikla áherslu á börnin, að veita þeim og foreldrunum stuðning þegar á þarf að halda. Borgin veitir á næsta ári aukið fjármagn í stuðning, sérfræðiþjónustu og fræðslu s.s. í foreldrafærninámskeið og í barnavernd. Forvarnir og fyrirbyggjandi barnavernd eru leiðarljósin því við viljum koma í veg fyrir vanda.

● Við þurfum sérstaklega að huga að 16-18 ára unglingum sem eru hvorki í skóla né vinnu. Þau glíma við alvarlegan vanda sem þau, fjölskyldur þeirra og samfélagið geta ekki lifað við, né hafa efni á til framtíðar. Því viljum við grípa inn í núna.

● Við viljum þróa þjónustuna með þeim sem þekkja hana best. Ætlunin er t.d. að kortleggja vilja og þarfir utangarðsfólks með þeim sjálfum. Þá ætlum við að innleiða ný vinnubrögð þannig að hægt verði að vinna með notendum þjónustunnar að því að þróa hana og á næsta ári verður sérstaklega unnið með fötluðum hvað þetta varðar.

● Að lokum er það skýr vilji okkar sem berum ábyrgð á stefnu og fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2012 að þeir sem eru utangarðs í samfélaginu eigi ekki að vera utangarðs í velferðarkerfinu.

Við búum í góðri borg og ég vona að borgarstjórn hafi við samþykkt fjárhagsáætlunar gert sitt til að tryggja velferð borgarbúa á næsta ári.

# Árás á lífeyrissjóðina

Fjármál

Hjálmtýr Guðmundsson
ráðgjafi



Lífeyrissjóðirnir eru eignir almennings. Nýlegar árásartillögur ríkisstjórnarinnar að undirlagi fjármálaráðherra eru algjörlega óþolandi og eignaupptaka sem brýtur gegn stjórnarskránni (72. gr). Það er eins og menn haldi að lífeyrissjóðirnir séu bara fullir af peningum sem enginn á og sem enginn notar.

**Útgreiðslur úr lífeyrissjóðum eru nú þegar yfirskattlagðar**

Dæmi: Einstaklingur sem býr einn og hefur engar tekjur fær greitt frá Tryggingastofnun 196.000 á mánuði og verða ráðstöfunartekjur hans um 167.000 á mánuði. Ef sami einstaklingur fær greiddar 200.000 úr lífeyrissjóði fær hann 50.000 frá Tryggingastofnun og verða ráðstöfunartekjur hans um 199.000. Hækkun ráðstöfunartekna hans er því aðeins um 32.000, ríkið tekur 168.000 af lífeyrisgreiðslunni eða 84%. Þessum einstaklingi er refsað fyrir ráðdeild og sparnað og ekki gleyma því að hann er búinn að greiða skatta og skyldur til ríkisins alla sína ævi.

Fyrirhuguð skattlagning á lífeyrissjóðina á ekki við um lífeyrissjóði opinberra starfsmanna, þar með talda lífeyrissjóði fjármálaráðherra. Er heimilt að leggja skatta á hluta þjóðarinnar en undanskilja aðra? Í stjórnarskránni stendur að „Allir skulu vera jafnir fyrir lögum“ (65 gr). Mér sýnist að fjármálaráðherra og ríkisstjórnin ráðgeri að setja lög sem brjóta gegn stjórnarskránni á fleiri en einn veg og er þess fullviss að slík lagasetning verður viðfangsefni dómstóla.

Þessi ríkisstjórn hefur átt samúð mína í þeim verkefnum sem legið hafa fyrir þó minn flokkur sé ekki þátttakandi í henni, en í þessu máli (og reyndar fleirum) er hún á algjörum villigötum og ætti að falla frá þessum hugmyndum hið bráðasta. Að öðrum kosti mun hún tapa allri samúð og öllum stuðningi frá almenningi. Þessi lagasetning væri árás á allan almenning og ég er þess fullviss að verkalýðshreyfingin mun segja upp kjarasamningum og afleiðingar þess væru ófyrirsjáanlegar.

Þrátt fyrir samúð mína með ríkisstjórninni held ég að nú sé kominn tími fyrir hana að láta af störfum og fyrir ráðherrana að fara á sín ríkistryggðu eftirlaun sem þeir ætla ekki að skattleggja eins og lífeyrissjóði ómerkilegs almennings.




# Veiðileg Jól

HEAT factory
VARMAPÚÐAR, SOKKAR, HÚFUR OG FLEIRA Í ÚRVALI

Munið vinsælu gjafabréfin okkar!

## CASCADE VEIÐITASKA
Frábær veiðitaska sem tekur stangirnar, hjólin, boxin, línurnar, taumana eða bara allt í veiðiferðina. Frábært verð.
Aðeins **29.900,-**

## SIMMS FREESTONE VÖÐLUPAKKI
Allir þekkja Simms gæðin. Öndunarvöðlur og skór.
Aðeins **49.900,-**

## REDINGTON FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta stöng með lífstíðarábyrgð. Okuma Airframe hjól ásamt þrem aukaspólum í tösku. Fullt verð 45.895,-
Jólatilboð aðeins **36.995,-**

## HEAT FACTORY ULLARVETTLINGAR
- með thinsulate einangrun og Heat Factory varmapokum.
Verð aðeins **3.895,-**

## BUFFALO RIVER VERÐMÆTAHÓLF
Ódýrt öryggishólf fyrir skotfæri eða verðmæti. Gott verð.
Aðeins **10.995,-**

## BERETTA BAKPOKI
Sérhannaður fyrir skotveiðimenn. Byssufesting á hlið pokans. Felulituð veðurhlíf fylgir. Frábært verð.
Aðeins **18.995,-**

## NIKKO STIRLING FJARLÆGÐARMÆLIR
Mælir allt að 800 metra. Frávik +/- 1m. Tilvalinn fyrir skotveiðimanninn eða kylfinginn. Hvergi betra verð. Fullt verð 26.980,-
Jólatilboð aðeins **22.980,-**

## SAMANBRJÓTANLEGUR ÍSBOR Í TÖSKU
Skiftiblöð fylgja. Frábært verð.
Aðeins **14.995,-**

## SCIERRA FLUGUVEIÐISETT
Fjögurra hluta stöng, hjól og góð flotlína með baklínu. Frábært verð.
Aðeins frá **19.995,-**

## DANVISE
Vinsælasta öngulklemman um langt árabil. Nauðsynleg fyrir fluguhnýtarann. Fullt verð 12.995,-
Jólatilboð aðeins **9.995,-**
Gerðu verðsamanburð

## DAM VÖÐLUTASKA
Vel hönnuð taska undir vöðlur og skó. Taskan er með öndun og hörðum, vatnsheldum botni.
Aðeins **5.995,-**

## ÍSLENSK FLUGUBOX ÚR ÍSLENSKU BIRKI
Hægt að fá boxin sérmerkt. Verð með 10 vönduðum laxaflugum aðeins 11.400. Merking innifalin í verði.
Aðeins **11.400,-**

## NIKKO STIRLING NÆTURSJÓNAUKI
Digital sjónauki sem gerir þér kleift að sjá í svarta myrkri. Frábært verð.
Aðeins **41.995,-**

## BYSSUSKÁPURTILBOÐ
Byssuskápur fyrir 7 byssur. Verðmætahólf fylgir með!!!
Jólatilboð aðeins **49.900,-**

## NRS FLOTVEIÐIVESTI
3 stærðir. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

## DAM HNÍFASETT
Ómissandi í veiðitúrinn. 3 hnífar, stál og bretti í tösku. Frábært verð.
Aðeins **5.995,-**

## GERVIGÆSIR
Vinsælu skeljarnar með lausum hausum. 12 í kassa og festijárnin fylgja með. Fullt verð 18.995,-
Jólatilboð aðeins **14.995,-**

## ALLEN HJÓLATASKA
Vönduð taska fyrir hjólin, boxin, línurnar og aukahlutina.
Verð aðeins **7.995,-**

## OKUMA SLV FLUGUHJÓL
Líklega mest keyptu fluguhjólin á markaðnum. Large arbour hjól úr léttmálmi. Góð bremsa og frábært verð.
Aðeins frá **11.995,-**

## RON THOMPSON OG DAM KASTSTANGIR
- í miklu úrvali og ómótstæðilegu verði.
**20% jólaafsláttur**

## OKUMA OG DAM KASTHJÓL
Gott úrval og frábært verð.
**20% jólaafsláttur**

Veiðibúð allra landsmanna -
VEIDIMADURINN.IS

VEIDIHORNID SPORTBÚÐIN

VEIÐIHORNIÐ - SÍÐUMÚLA 8 - 568 8410 - VEIDIHORNID.IS

SPORTBÚÐIN - KRÓKHÁLSI 5 - 517 8050

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÝSKA TÓNSKÁLDIÐ CARL PHILIPP EMANUEL BACH (1714-1788)** lést þennan dag árið 1788.

*„Tónlistarmaður getur ekki snert aðra nema hann sé snortinn sjálfur.“*

## Merkisatburðir

1934 Golfklúbbur Reykjavíkur er stofnaður og hét þá „Golfklúbbur Íslands“.

1935 Um mestallt Ísland geisar fárviðri og varð mikið manntjón. Tuttugu og fimm manns fórust, símalínur slitnuðu niður og skemmdir urðu á húsum.

1939 Sovétríkin eru rekin úr Þjóðabandalaginu vegna innrásarinnar í Finnland en það stríð var síðar nefnt vetrarstríðið.

1977 Ofviðri samfara stórflóði veldur tjóni víða á suðurströnd Íslands, til dæmis á Stokkseyri. Þetta voru talin mestu flóð á tuttugustu öldinni.

1989 Í Síle eru haldnar fyrstu lýðræðislegar kosningarnar í sextán ár.

**ÞETTA GERÐIST** 14. DESEMBER ÁRIÐ 2003

## *Saddam Hussein finnst í holu*



Þennan dag árið 2003 var tilkynnt að fyrrverandi forseti Íraks, Saddam Hussein, hefði fundist í holu skammt frá heimabæ sínum Tikrit. Ekkert hafði sést til Saddams síðan bandaríski herinn réðst inn í Írak í apríl sama ár, en Uday og Qusay, synir hans, voru drepnir af bandarískum hermönnum í júlí.

25 milljónir dala voru boðnar hverjum þeim sem gæti gefið upplýsingar um dvalarstað Saddams og þegar tilkynnt var að hann hefði fundist fylgdi sögunni að einn úr hans eigin fjölskyldu hefði gefið vísbendingar um ferðir hans.

Holan sem Saddam fannst í var svokölluð „köngulóarhola“, tveggja metra djúp og rúmaði einungis eina manneskju. Saddam var vopnaður byssu þegar hann fannst en veitti enga mótspyrnu við handtökuna.

Saddam var hengdur samkvæmt dómsúrskurði 30. desember árið 2006.

---

**Hreinn Gunnlaugsson**

andaðist á Dvalarheimilinu Felli hinn 4. desember sl. Útför verður frá Fossvogskapellu föstudaginn 16. desember næstkomandi kl. 15.00.

**Þuríður Ragnarsdóttir**

---



†

*Elsku frænka okkar,*

**Anna Sigurbjörg Tryggvadóttir**

Sólvöllum 17, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 16. desember kl. 13.30.

**Systrabörn**

---



†

*Okkar ástkæri sonur, faðir, tengdafaðir, unnusti, bróðir og mágur,*

**Ragnar Leifur Þrúðmarsson**

rafvirki, Hoffelli, Hornafirði,

andaðist föstudaginn 9. desember. Útför hans verður gerð frá Hoffellskirkju laugardaginn 17. desember. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á að leyfa Hoffellskirkju að njóta þess.

**Hólmfríður Leifsdóttir** **Þrúðmar Sigurðsson**
**Snæbjörn Sölvi Ragnarsson**
**Þrúðmar Kári Ragnarsson** **Waraporn Chanse**
**Hildur Björg Ragnarsdóttir** **Heiðar Ingi Eggertsson**
**Gunnþóra Gunnarsdóttir**
**Þrúðmar Þrúðmarsson** **Ingibjörg Æ. Steinsdóttir**
**Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir** **Sigurbjartur Pálsson**
**Rúnar Þrúðmarsson** **Erna Hlín Þórðardóttir**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími:
581 3300 & 896 8242
www.utforin.is

Allan sólarhringinn


Sverrir Einarsson


Kristín Ingólfsdóttir


Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8242


---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

---



Stefán hefur starfað við gullsmíði í þrjátíu ár og meðal annars smíðað fjölda kirkjumuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL RÚNARSSON

**METAL DESIGN:** NÝTT GULLSMÍÐAGALLERÍ VIÐ SKÓLAVÖRÐUSTÍG

# Mótar silfur með krabbaskel

Gullsmiðurinn Stefán Bogi Stefánsson opnaði verslunina Metal design á Skólavörðustíg 2 fyrir skemmstu.

„Ég hef verið að smíða vörur úr silfri og aðeins úr gulli að undanförnu og þegar þetta húsnæði bauðst gat ég ekki látið það fram hjá mér fara,“ segir Stefán, sem er með nokkrar línur sem allar hafa skírskotun til náttúrunnar. Ströndina vinnur hann með nýstárlegum hætti. „Ég nota krabbaskel til að forma æðótt munstrið sem minnir á sporin sem öldurnar skilja eftir sig í svörtum sandi,“ lýsir Stefán. Af öðrum línum má nefna lambagras, fjólu og sóley, sem bera tilheyrandi munstur.

Stefán hefur starfað við gullsmíði í þrjátíu ár og meðal annars smíðað fjölda kirkjumuna. „Ég lærði hjá Sigmari Ó. Maríussyni hér heima en hélt svo til náms í Danmörku þar sem ég lagði sérstaka áherslu á kirkjumuni eins og kertastjaka, könnur og vasa og hef ég smíðað kaleika, oblátubox og aðra muni fyrir einar fjörutíu kirkjur.“ Stefán starfaði eftir nám hjá gullsmiðnum Hans Hansen á Strikinu um tíma áður en hann hélt heim á ný.

„Nú, þegar ég var búinn að koma mér upp svolitlum lager fannst mér tilvalið að koma þessari náttúrufurð á markað,“ segir hann.

Stefán smíðar aðallega úr silfri en hann segir það hafa sótt í sig veðrið að undanförnu. „Það er heppilegt því þó að verð á bæði gulli og silfri hafi hækkað gríðarlega er verðið á silfrinu viðráðanlegra.“ Stefán notar auk þess steina, perlur og hraun til skrauts. Hann segir náttúruáhrifin í takt við tíðarandann. „Á svona tímum breytist fólk og fer að horfa til grasrótarinnar og þess sem gefur lífinu gildi. Það er auðvelt að detta í sama gír og hann er alls ekki sá versti, enda formin í náttúrunni óendanleg.

vera@frettabladid.is



Stefán notar krabbaskel til að móta muni sem tilheyra línu sem hann nefnir ströndin.



Hér má sjá sýnishorn úr línu sem nefnist Fjóla.

---



†

*Elskuleg eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Álfheiður Jónasdóttir**

Aðalgötu 25, Ólafsfirði,

sem lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri 5. desember, verður jarðsungin frá Ólafsfjarðarkirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.

**Jakob Ágústsson**
**Sigurbjörn Jakobsson** **Regína Vilhjálmsdóttir**
**Hafsteinn Jakobsson** **Birgitta Guðjónsdóttir**
**Ruth Jakobsdóttir** **Rúnar Helgi Kristinsson**
**og barnabörn.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Signý Thoroddsen**

sálfræðingur, Álfheimum 62,

andaðist á Líknardeild Landakotsspítala 11. desember. Útför hennar verður gerð frá Fossvogskirkju mánudaginn 19. desember kl. 13.00.

**Bergljót Njóla Jakobsdóttir**
**Ármann Jakobsson**
**Sverrir Jakobsson** **Æsa Guðrún Bjarnadóttir**
**Katrín Jakobsdóttir** **Gunnar Sigvaldason**
**og barnabörn.**



**Jólavættir Reykjavíkur** er yfirskrift jólaborgarinnar Reykjavík 2011 sem Höfuðborgarstofa sér um að skipuleggja. Hugmyndin er að upphefja íslenska sagnahefð og tengja íbúa borgarinnar við gesti hennar í gegnum samtöl og sögur.
**Sjá nánar á www.visitreykjavik.is/**


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457



White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél *12 kg* Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

*<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn*
*Afkastamikill þurrkari >*

*Amerísk gæðavara*

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eirberg

*Gefðu góða gjöf*

**Fjölnota nuddpúði**
Shiatsu nudd, titringur og infrarauður hiti.
Hentar vel fyrir bak, herðar og fótleggi
Fjarstýring
**17.950 kr.**

Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11-16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

friendtex

ÚTSALA
ALLT AÐ 40 %
AF VÖRUM Í VETRARLISTANUM
KÍKIÐ Á FRIENDTEX.IS

SOO.DK
BARNAFÖTIN SELD MEÐ 20 % AFSL. TIL JÓLA
SOO YOUNG SOO COOL

Opnunartími:
mánud.-föstud. kl. 11:00 - 18:00 laugardag 11.00-16.00
Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is


**Gunnar Egilsson pólfari yfirfór bíl sem mun flytja forsætisráðherra Noregs um suðurheimsskautið.**




# Gerði bíl Stoltenbergs kláran fyrir suðurpólinn

Búist er við að mikill fjöldi ferðamanna sæki hátíðarhöld á Suðurheimskautslandinu í dag og á næstunni í tilefni þess að öld er liðin síðan norski landkönnuðurinn Roald Amundsen náði manna fyrstur á suðurpólinn. Gunnar Egilsson pólfari hefur verið önnum kafinn við undirbúning þeirra.

„Ég hef verið að yfirfara og gera við tvo sex hjóla Ford Econoline í eigu fyrirtækisins ANI, sem sér um að fljúga með farþega, eldsneyti og búnað á suðurskautið frá Punta Arenas í Síle. Bílarnir sjálfir verða notaðir til að flytja farþega á milli ísflugbrautarinnar og til búða, ásamt því að fara með farþega í skoðunarferðir um svæðið og að suðurpólnum," upplýsir Gunnar og getur þess að á meðal farþega verði sjálfur Jens Stoltenberg, forsætisráðherra Noregs, og hans fylgdarlið. „Norðmenn vilja heiðra sinn mann og þarna verða nokkrir af helstu fyrirmönnum þjóðarinnar samankomnir."

Gunnar hefur verið við störf á suðurheimskautinu síðan um miðjan nóvember og var ásamt fleiri methöfum boðið sérstaklega að vera viðstaddur Amundsen-hátíðina í dag, en eins og kunnugt er setti Gunnar hraðamet á suðurheimskautinu árið 2005 þegar hann ók á sérútbúnum sex hjóla Ford 1.100 kílómetra leið frá Patriot Hills til suðurpólsins. Leiðangurinn tók 69,3 tíma, þannig að meðalhraði var 16 kílómetrar á klukkustund.

Gunnar segist vera upp með sér að hafa verið boðið á hátíðina en ákvað að afþakka, meðal annars til að geta sinnt verkefnum heima, og verður því víðs fjarri góðu gamni í dag. „Svo var mig líka farið að langa aftur heim," viðurkennir hann fúslega. „Hef farið þrisvar sinnum og langaði ekki að þvælast lengur þarna. Þetta var orðið fínt, alla vega í bili. Enda er heima best," segir hann.

Gunnar bætir við að hátíðarhöldunum ljúki formlega 12. janúar á næsta ári, en þá verða einmitt hundrað ár síðan Robert Falcon Scott, foringi í breska konunglega sjóhernum og landkönnuður, kom annar á eftir Amundsen á suðurpólinn.

*roald@frettabladid.is*


ÞAÐ ER EKKERT LEYNDÓ...
...HVAÐ ER Í MATNUM OKKAR

383 KCAL
Tacos





1 KCAL

385 KCAL Hot´nSweet salat m. kjúkling



| | Kcal | prótein | fita | kolvetni |
|---|---|---|---|---|
| Fitness burrito | 395 | 22.4 | 12.7 | 47.1 |
| Quesadillas m.kjúkl og öllu | 513 | 39.1 | 23.3 | 44.8 |
| Quesadilla Special | 612 | 39.4 | 30.1 | 46.4 |
| Tostada BBQ | 677 | 38.3 | 23.4 | 73.5 |
| Tostada Rucola | 632 | 24.1 | 22.7 | 42.2 |
| Burrito Ultimo | 620 | 33.7 | 19.2 | 76.9 |
| SantaFe m.kjúkling | 420 | 25.0 | 28.6 | 15.5 |
| SantaFe | 327 | 12.5 | 24.1 | 15.5 |
| Hot´nSweet m.kjúkling | 385 | 16.5 | 24.0 | 25.2 |
| Hot´nSweet | 292 | 4.0 | 19.5 | 25.2 |
| Tacos harðar m.nautahakki | 383 | 24.9 | 20.2 | 24.0 |

Culiacan MEXICAN GRILL
Suðurlandsbraut 4a 533 1033 www.culiacan.is



**Framhaldslíf Óslóarjólatrésins** Félag trérennismiða á Íslandi sýnir í Ráðhúsi Reykjavíkur hluti sem unnir eru úr bol Óslóartrésins frá því í fyrra.



Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir vöruhönnuður hannaði jólaóróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Leppalúði hafði neista

**Árlega fær Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra íslenskan hönnuð og íslenskt ljóðskáld til að búa til óróa og ljóð um einhvern meðlim jólasveinafjölskyldunnar. Ágóðinn rennur til starfsemi félagsins.**

„Það er mikill heiður að vera beðin, því hingað til hafa þetta verið okkar bestu hönnuðir sem hannað hafa óróann,“ segir Ingibjörg Hanna Bjarnadóttir vöruhönnuður, sem hannaði jólaóróa Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra í ár. Ingibjörg Haraldsdóttir skáld samdi ljóðið.

Þær stöllur fengu frjálsar hendur um hvern úr jólasveinafjölskyldunni þær tækju fyrir og varð Leppalúði fyrir valinu.

„Við vorum alveg sammála um það,“ segir Ingibjörg Hanna. „Það hefur lítið verið skrifað um Leppalúða, sem kom okkur á óvart því hann er jú eiginmaður Grýlu og pabbi jólasveinanna. Ég hef auðvitað mínar skoðanir á því hvernig hann lítur út og hvers konar karakter hann er.

Ég talaði við fólk í kringum mig og spurði hvernig það upplifði Leppalúða og það var merkilega samhljóma mínum skoðunum: Leppalúði er svolítið ræfilsegur og horaður, með rytjulegar tjásur kringum skallann og hökutopp og lifir í skugganum af Grýlu og jólasveinunum.“

„*Hann Leppalúði þótti nokkuð baldinn.*
*Í bernsku var hann ódæll*
*og átti enga vini.*
*Af þessu varð hann vansæll*
*og vildi hefna sín.*“

Svona hljóma fyrstu línurnar í ljóði Ingibjargar Haraldsdóttur um Leppalúða og tók Ingibjörg Hanna mið af því við hönnun óróans.

„Ég vildi ná því fram að einu sinni hefði Leppalúði verið sterkari karakter, sem leyndist enn innra með honum. Tunglsljósið lýsir því upp helminginn af andlitinu og þar er hann ungur með neista í augum en gamall í skugganum,“ útskýrir Ingibjörg og þvertekur fyrir að óróinn hennar eigi sér einhverja ákveðna fyrirmynd.

„Ég heyrði reyndar út undan mér að sumum þætti hann líkjast ákveðnum ráðherra en það var alls ekki ætlunin,“ segir hún hlæjandi.

Óróarnir eru íslensk framleiðsla, smíðaðir af Geislatækni í Garðabæ, og sér starfsfólk vinnustofunnar Áss um pökkun. Allur ágóði af sölu jólaóróans rennur til starfa í þágu fatlaðra barna og ungmenna og er hægt að forvitnast nánar um óróana á vefsíðunni www.jolaoroinn.is.



Leppalúði Ingibjargar Hönnu.

„Við fengum að skoða aðstöðuna hjá Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra og fannst ótrúlega gaman að sjá hvað þessir peningar nýtast vel. Það var virkilega gaman að fá að taka þátt í þessu verkefni.“ segir Ingibjörg Hanna.

*heida@frettabladid.is*




Nú er farið að kólna
og allra veðra von.
Uppháir herrakuldaskór úr leðri og fóðraðir með lambsgæru.
Teg: 53802 - litur: brúnt - stærðir: 40 - 47 - Verð: 24.775.-
Misty skor Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.

Ferðaáætlun Útivistar kemur út í dag



Ertu komin með eintak?
Bókun á skrifstofu í síma 562 1000 eða á www.utivist.is
ÚTIVIST

HLEÐSLUTÆKI
SNILLDARJÓLAGJÖF
15% Jólafsláttur af þessum frábæru hleðslutækjum



12V 4A
12V 0,8A
SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR
Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN LÍFIÐ SJÓNVARP



TAKTU VÍSI Á HVERJUM MORGNI!
vísir

Draumadúnsængin
er nú á hátíðartilboði
Stærð 140x200
24.990 kr
áður 33.490 kr
100% dúnn
100% bómull
100% vellíðan
Sendum frítt úr vefverslun www.lindesign.is



Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

Samasem



Allt efni til innpökkunar fyrir verslanir og fyrirtæki.
Mikið úrval af körfum og glervösum.
samasem@samasem.is
Samasem, Grensásvegi 22 S: 530 3500



Ólafur Már Svavarsson hefur Frank Sinatra og Bing Crosby að fyrirmyndum á nýju plötunni Ljómandi jól.

# Ný íslensk jólalög í anda „krúneranna“

**Ólafur Már Svavarsson hefur gefið út sína fyrstu plötu, Ljómandi jól. Á plötunni eru áður óútgefin jólalög eftir nokkra fremstu lagahöfunda landsins auk tónsmíða Ólafs sjálfs.**

Þessi hugmynd er búin að vera í kollinum á mér í ansi mörg ár,“ segir Ólafur Már Svavarsson sem sent hefur frá sér diskinn Ljómandi jól. „Ég átti einhverja lagstúfa sjálfur ásamt lögum sem ég hafði fengið frá vini mínum Stefáni Erni Gunnlaugssyni og ákvað að kýla bara á þetta núna. Mig langaði að gera íslenska jólaplötu með nýjum íslenskum lögum í anda gömlu amerísku „krúneranna“ eins og Franks Sinatra og Bings Crosby. Ég hafði samband við Magnús Kjartansson og Gunnar Þórðarson og þeir brugðust báðir ljúfmannlega við. Magnús lét mig hafa lag sem hann samdi fyrir mörgum árum fyrir Ellý Vilhjálms og Gunnar samdi fyrir mig lag. Einnig fékk ég óútgefið lag eftir Ingibjörgu Þorbergs og afgangurinn er svo eftir mig og Stefán Örn.“ Textahöfundarnir eru heldur ekki af verri endanum því auk Óla Más sjálfs eiga þau Davíð Þór Jónsson, Jónas Friðrik, Kristján Hreinsson og Sigurbjörg Þrastardóttir texta á diskinum.

Hljómsveitina skipa Andrés Þór Gunnlaugsson, Gunnar Hrafnsson, Erik Qvick og Agnar Már Magnússon sem útsetti jafnframt öll lögin og sá um upptökustjórn ásamt Stefáni Erni Gunnlaugssyni. Í einu laganna syngur Valgerður Guðnadóttir tvísöng með Óla Má. „Þetta er stórskotalið,“ segir Óli Már. „Þetta er fólk sem hefur spilað með mér í gegnum tíðina og ég vissi að eru toppmenn í bransanum.“ *- fsb*

# Erfitt að komast í jólastemningu í apríl

ERLING JÓHANNESSON, GULLSMIÐUR OG LEIKARI, HEFUR SENT FRÁ SÉR NÝJAN SERVÍETTUHRING Í JÓLALÍNU SINNI AUK KERTASTJAKA Í STÍL. GRIPIRNIR ERU ÚR STÁLI MEÐ JÓLATRÉSMÓTÍFI.

„Það kemur einn servíettuhringur á ári með nýju munstri og síðan er meiningin að bæta við hlutum sem kallast á við hringina þannig að smátt og smátt stækki línan,“ segir Erling. „Í fyrra kom servíettuhringur með eplamótífi og nú bætast jólatréshringurinn og stjakinn við. Á næsta ári kemur svo þriðja munstrið á hringinn og þá bæti ég einnig við einhverjum grip, sem ég er ekki alveg búinn að ákveða hver verður. Ég er samt með nokkur mynstur í höfðinu því ég reyni að ganga frá þessu í kringum jólin á meðan maður er í jólastemningunni. Það er erfiðara að setja sig inn í jólafílinginn í apríl eða maí.“



Erling sinnir gullsmíðinni jafnhliða leiklistinni og mælir með þeirri blöndu.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erling er kannski þekktari fyrir leiklist en gullsmíði en hann segir þetta tvennt fara einstaklega vel saman. „Þetta er alveg frábær blanda. Ég mæli eindregið með þessu fyrir alla leikara.“

Jólalína Erlings fæst í flestum verslunum sem selja íslenska hönnun. *- fsb*











**Marengsinn meðhöndlaður** Til að komast hjá því að marengsbotnar molni þegar þeir eru teknir af bökunarplötunni er gott að láta hana standa í örskamma stund á röku dagblaði.

# Kartöflunasl og tortillur í randalínuformi

**Ýmsir réttir líta jólalega út þrátt fyrir að teljast kannski ekki beinlínis til hefðbundins jólamatar. Hér eru uppskriftir að tveimur léttum réttum sem gott er að narta í áður en jólin ganga í garð.**



## FLJÓTLEGAR JÓLATORTILLUR OG KARTÖFLURÉTTUR

**Grillaðar kartöflur með hvítlauk**

**Fyrir 4**
14 meðalstórar kartöflur
8-10 hvítlauksrif
3 msk. ólífuolía
4 msk. saxaður graslaukur, smátt saxaður
sjávarsalt eftir smekk

*Afhýðið kartöflurnar og skerið í tvennt. Raðið þeim í eldfast mót, hellið olíunni yfir og saltið. Setjið inn í 180 gráðu heitan ofn og bakið í 20 mínútur. Takið því næst hvítlauksrifin í sundur en ekki taka hýðið utan af þeim. Setjið þau ofan á kartöflurnar og hafið réttinn inni í ofni í 10 mínútur í viðbót. Pillið hýðið utan af hvítlauknum þegar rétturinn er tekinn út og hendið.*



**Fylltar randalínutortillur**
3 tortillur

Fylling 1:
½ grilluð kjúklingabringa
2-3 msk. rautt pestó

Fylling 2:
100 g reyktur lax
2-3 msk. hreinn rjómaostur

Fylling 3:
3-4 þunnar sneiðar af sveitapaté
2-3 msk. rifsberjahlaup
2-3 blöð lambhagasalat

*Raðið mismunandi fyllingum á tortillurnar: Smyrjið eina þeirra með rauðu pestó og setjið þunnar sneiðar af grilluðri, fulleldaðri kjúklingabringu ofan á. Rúllið upp og skerið í sneiðar. Smyrjið næstu með rjómaosti, raðið laxinum ofan á í þunnum sneiðum og farið eins að með upprúllun. Í þá þriðju setjið þið lambhagasalatblöðin neðst, þá sveitapaté og dreifið svo rifsberjahlaupinu ofan á.*








Súkkulaðihúðað konfekt og kruðerí tilheyrir jólunum en til að húðin fái einkar fallegan gljáa er gott að blanda einni teskeið af matarolíu í 200 grömm af plötusúkkulaði.
Best er að bræða súkkulaðið í skál yfir heitu vatni. Það þarf þó að gæta þess að vatnsgufan komist ekki að því og sömuleiðis að vatnið skvettist ekki ofan í skálina því þá koma kekkir.

heimild: www.julli.is

# Hvers vegna ætti að spara í viðbótarlífeyrissparnað?

Viðbótarlífeyrissparnaður er enn þá einn besti kosturinn sem fólk getur valið í sparnaði. Það mun ekki breytast þrátt fyrir þær breytingar sem boðaðar hafa verið núna um áramótin,“ segir Lárus Páll Pálsson, verkefnastjóri lífeyrismála hjá Íslandsbanka. „Einn helsti kosturinn er auðvitað mótframlag vinnuveitanda, sem er bundið í flesta kjarasamninga, og það mun ekki breytast við þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar.“ Lárus segir að viðbótarlífeyrissparnaður njóti áfram ákveðinna skattafríðinda þrátt fyrir breytingarnar, til dæmis sé ekki greiddur fjármagnstekjuskattur af ávöxtuninni og í dag sé sá skattur 20%. „Í ljósi þess að séreignarsparnaður er yfirleitt til fjölda ára er ávöxtun alla jafna talsverður hluti af sparnaðinum og getur það skipt máli varðandi lokaniðurstöðu. Þegar þessir kostir eru teknir með í reikninginn er það ekki nokkur spurning að allir launamenn sem á annað borð geta lagt fyrir ættu að hefja viðbótarlífeyrissparnað og þeir sem eru nú þegar að spara ættu að halda ótrauðir áfram þrátt fyrir fyrirhugaðar breytingar af hálfu ríkisstjórnarinnar.“

En eru það rétt skilaboð sem verið er að senda með því að draga úr kostum þessa sparnaðar? „Við teljum að mikilvægi sparnaðar hafi aldrei verið meira, sérstaklega ef lífeyrissjóðir sjá ekki fram á að ná 3,5% raunávöxtunarkröfu, þá þurfa launþegar að byggja upp sinn eigin sparnað til að koma til móts við þær aðgerðir sem óhjákvæmilega þarf að grípa til ef sú staða verður viðvarandi.

Við álítum einnig að það þurfi að auka fjárfestingu í landinu og sparnaður er í sjálfu sér fjárfesting sem ætti alla jafna að koma atvinnulífinu til góða ef rétt er að henni staðið.“




„Við teljum að mikilvægi sparnaðar hafi aldrei verið meira,“ segir Lárus Páll Pálsson, verkefnisstjóri lífeyrismála hjá Íslandsbanka MYND/GVA

## HVER ER BESTI KOSTURINN?

**„Lífeyrisþjónusta Íslandsbanka** býður upp á fjölmargar fjárfestingarleiðir þar sem viðskiptavinir geta valið allt frá verðtryggðum bankareikningum yfir í fjárfestingarleiðir með ríkisskuldabréfum og hlutabréfum,“ segir Lárus Páll og heldur áfram. „Við leggjum áherslu á að leiðbeina viðskiptavinum okkar og veita einstaklingsbundna þjónustu þar sem m.a. er kannað viðhorf viðkomandi til áhættu og síðan farið yfir vænlegar leiðir til þess að mæta væntingum hvers og eins. Innistæða á lífeyrisreikningum sveiflast til dæmis mjög lítið nema í takt við verðbólgu en aðrar fjárfestingarleiðir sveiflast meira. Viðskiptavinir geta einnig blandað fjárfestingarleiðum saman og sett þann hluta sem þeir vilja lágmarka áhættu með inn á lífeyrisreikning, en sett svo ákveðinn hluta í áhættumeiri fjárfestingarleiðir sem sveiflast meira en geta hugsanlega gefið meira af sér.“

## HVAÐ Á AÐ GERA EF SKATTAFRÁDRÁTTURINN VERÐUR LÆKKAÐUR ÚR 4% Í 2%?

**Lárus segir** að mikilvægt sé að spara þrátt fyrir þessar breytingar. „Það þarf að hafa í huga að þó að lækkunin nemi 2% þarf að leggja til hliðar 2,5% af brúttólaunum í reglulegan sparnað til þess að ná sama árangri vegna mismunandi skattareglna á sparnaðarformunum. Sem dæmi lækkar mánaðarlegur sparnaður einstaklings sem er með 300.000 kr. í heildarlaun um 6.000 kr. við þessar breytingar en til þess að ná sama árangri við 67 ára aldur þarf hann að leggja um 4.400 kr. af útborguðum launum til hliðar miðað við sambærilega ávöxtun.“





Lífeyrissparnaður getur verið verðmætasta eign einstaklinga við starfslok. Fyrirhugaðar breytingar á séreignarsparnaði nú um áramót hafa þær afleiðingar að þú þarft að grípa til aðgerða til að ná settum markmiðum í sparnaði.

Haltu áfram

| Vaxtasproti | Sparileið | Eignasafn | Eignasafn – Ríki og sjóðir |
|---|---|---|---|
| Óverðtryggður innlánsreikningur | Verðtryggður innlánsreikningur | Sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum, hlutabréfum og innlánum | Sjóður sem fjárfestir í skuldabréfum og innlánum |

Íslandsbanki og VÍB, eignastýringarþjónusta Íslandsbanka, bjóða upp á marga góða kosti í reglubundnum sparnaði.

Hringdu strax í lífeyrisráðgjafa okkar í síma 440 4900 eða fáðu nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/einstaklingar/sparnadur

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4900

Fjárfestingu í sjóðum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað eða lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Eignasafn og Eignasafn – Ríki og sjóðir eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag Eignasafns og Eignasafns – Ríki og sjóðir. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikmörk.

Íslandsbanki

# Léttur sparnaður um jólin



**Þótt ekki séu nema tíu dagar í jólin er ekki of seint að grípa til léttra sparnaðaraðgerða án þess að jólin verði leiðinlegri fyrir vikið. Hér eru nokkur einföld ráð.**









- Ef jólakortin í ár hafa hvorki verið keypt né send er einn möguleiki fyrir hendi ef maður hefur ekki efni á kortunum sjálfum. Falleg handskrifuð jólabréf eru ekki síðri. Svo er hægt að fá sér göngutúr með þau bréf sem eru í næsta nágrenni til að spara frímerkin.
- Sumir segja að hægt sé að klippa fallegu hlið jólakortanna frá því í fyrra og skrifa á þau eins og póstkort. Auk þess sem slíkt er umhverfisvæn endurvinnsla.
- Falleg gömul tímarit sem leynast í geymslunni er upplagt að nota sem gjafapappír í ár og dagblöð geta auk þess komið mjög fallega út sem jólapappír. Sérstaklega síðan sem inniheldur teiknimyndasögurnar. Gott er að kippa þeirri síðu út þá daga sem eftir eru til jóla.
- Fáið börnin til að föndra merkimiða á jólapakkana og svo má spreyta sig sjálfur á þess konar föndri. Þá má jafnvel nota gamlan gjafapappír til að föndra úr þeim merkimiða.
- Þetta er sparnaðarráð sem má nota á aðfangadag – að tína til heillegan pappír og skraut sem kemur utan af gjöfunum og eiga til næstu jóla. Í raun er engin nauðsyn að kaupa skraut á pakkana því víða í kring má finna fallegan ókeypis efnivið, svo sem köngla. Þá sem langar svo að leggja sérstakan metnað í pakkana er bent á að á youtube.com er að finna myndbönd með leiðbeiningum um hvernig má föndra pappírsstjörnur. Þá leynist stundum eitthvað á pakkann í saumaboxinu.
- Það má vel skreyta heimilið sjálft á ódýran hátt. Þeir sem eru það heppnir að eiga börn á leik- eða grunnskólaaldri geta notað þau yndislegu jólalistaverk sem börnin gera á leikskólanum. Börnin kunna líka að meta það. Reynið að kaupa nýjar perur í gömlu seríuna í stað þess að kaupa nýja.
- Jólaskraut og -seríur fara oft á útsölu örfáum dögum fyrir jól svo því lengur sem beðið er með að skreyta, því ódýrara er það oft. Náttúran er líka ódýr kostur. Könglar og greinar úr garðinum.

# Sjóðsfélagar okkar vita fyrir hvað við stöndum

Séreignarsparnaður er áfram góð sparnaðarleið þrátt fyrir þær skattabreytingar sem nú eru í burðarliðnum. Fólk má ekki gleyma því að það verður áfram frádráttur á 2% frá tekjum og að það fær áfram mótframlag launagreiðanda sem gerir sparnaðinn að góðum valkosti og svo er séreignarsparnaður mikilvægur til að geta haft það gott þegar starfsævinni lýkur,“ segir Tómas Gunnar Viðarsson, sérfræðingur á Eignastýringarsviði Auðar Capital.

„Við minnum á að ekki er greiddur auðlegðarskattur af því sem er greitt í séreignarsparnað og einnig finnst mörgum það mikill kostur hversu sjálfvirkur séreignarsparnaðurinn er, þ.e.a.s. að vinnuveitandinn dregur hann af launum og hann fer þannig sjálfkrafa í sparnaðinn, því að það þekkja það margir að ætla að spara en það vill gleymast í dagsins önn.“

„Alveg frá því að við hjá Auði Capital förum af stað með FramtíðarAuði – séreign höfum við haft sérstöðu á þessum markaði. Við vinnum að því að vera valkostur þeirra sem vilja sjá breytta hugsun á fjármálamarkaði.“

Hver er sérstaða ykkar?

„Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á áhættumeðvitund og okkur er umhugað um að sjóðsfélagar okkar skilji þá áhættu sem tekin er,“ segir Tómas og bendir á að mikilvægt sé að sjóðsfélagar velji sér ávöxtunarleið sem henti aldri og áhættuþoli. „Okkar markmið er að byggja upp verðmæti til lengri tíma, en séreignarsparnaður er hjá langflestum lengri tíma sparnaður.

Ávöxtun skiptir miklu máli en okkur er ekki sama hvernig við förum að því að ávaxta eignir okkar sjóðsfélaga. Við viljum veita ábyrga arðsemi með fjárhagslegum ávinningi en á sama tíma sýna samfélagslega ábyrgð. Við teljum að þetta tvennt geti alveg farið saman,“ segir Tómas.



Tómas Gunnar Viðarsson, sérfræðingur á Eignastýringarsviði Auðar Capital, bendir á að FramtíðarAuður sé valkostur þeirra sem vilji sjá breytta hugsun á fjármálamarkaði. MYND/GVA

> **Við höfum alltaf lagt mikla áherslu á áhættumeðvitund.**

Þið hafið sagt að þið séuð óháð. Hvað eigið þið við með því?

„Við erum raunverulega óháð fjármálafyrirtæki, hluthafar félagsins eru dreifður hópur einstaklinga og félagið er með sterka fjárhagsstöðu. Við höfum það að markmiði að taka, í öllum tilvikum, ákvarðanir sem byggja eingöngu á hagsmunum sjóðsfélaga okkar, sem þýðir að þeir eru alltaf í fyrsta sæti,“ segir Tómas og bætir við: „Þau gildi og sú hugmyndafræði sem við störfum eftir eru ein stærsta ástæðan fyrir því að margir hafa treyst okkur fyrir séreignarsparnaðinum sínum, en það er svo mikilvægt að treysta þeim vörsluaðila sem sér um ávöxtun fjármuna. Allir sem koma til okkar vita fyrir hvað við stöndum og hvernig við gerum hlutina.

Við leggjum mikið upp úr því að vera fagleg í vinnubrögðum og ákvarðanatöku og því að veita góðar og gagnsæjar upplýsingar. Þannig byggjum við upp traust viðskiptavina okkar.“

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5441. Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins. MYND/HAG

# Þjónusta sem markar tímamót

## Greiningartæki sem hámarkar mánaðarlegar ráðstöfunartekjur

**Frjálsi lífeyrissjóðurinn er rekinn af Arion banka og hentar þeim sem hafa frjálst val um aðild að lífeyrissjóði. Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir frá nýrri þjónustu sem markar tímamót og sérstöðu sjóðsins.**

Arnaldur Loftsson framkvæmdastjóri segir að Frjálsi lífeyrissjóðurinn, í samstarfi við Arion banka, muni innan skamms hefja kynningu á nýrri þjónustu sem nefnd hefur verið Stöðugreining lífeyrissparnaðar en nú þegar hafi hún verið boðin hópi sjóðfélaga. Þjónustan felur í sér öflun upplýsinga um alla þá lífeyris- og séreignarsjóði sem sjóðfélagi hefur greitt í um ævina ásamt framreikningi á áætlaðri stöðu við starfslok. Upplýsingarnar eru færðar inn í greiningartæki og mánaðarlegar ráðstöfunartekjur á eftirlaunaaldrinum eru hámarkaðar. Arnaldur segir að þessi þjónusta marki tímamót því sjóðfélagar hafi ekki áður getað fengið í hendur skýrslu sem innihaldi upplýsingar um hvernig þeir hámarki ráðstöfunartekjur sínar við starfslok.

### Ný þjónusta sem hámarkar ráðstöfunartekjur

Arnaldur segir að starfsmenn hafi upplifað í starfi sínu að sjóðfélagar höfðu takmarkaða yfirsýn yfir réttindi sín í þeim lífeyrissjóðum sem þeir höfðu greitt í um ævina, vissu lítið um hvaða lífeyri þeir áttu von á að fá úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun (TR) og þekktu ekki þær skerðingarreglur sem giltu hjá TR. „Jafnframt höfðu fæstir sett sér markmið um tekjur eftir starfslok,“ segir Arnaldur og tekur einnig fram að ráðgjafa sjóðsins hafi vantað tæki og tól til að þjónusta sjóðfélaga í þessum efnum.

„Til að leysa þetta vandamál og geta þjónustað okkar sjóðfélaga sem best útbjuggum við sérstakt greiningartæki sem hámarkar ráðstöfunartekjur á eftirlaunaaldrinum að teknu tilliti til allra þeirra þátta sem hafa áhrif á útgreiðslur lífeyrissparnaðar. Niðurstöður greiningarinnar sýna m.a. hvenær hagkvæmast er fyrir sjóðfélaga að hefja útgreiðslur úr lífeyrissjóðum, hvenær hagkvæmast er að hefja útgreiðslur annarra sparnaðarforma, í hve langan tíma útgreiðslur mismunandi sparnaðarforma eiga að standa yfir og samsetningu á útgreiðslum. Að auki er tekið tillit til þeirra óska og þarfa sem sjóðfélagi hefur um ráðstöfunartekjur á eftirlaunaaldrinum, sem gerir greiningartækið þeim mun nytsamlegra. Greiningin fæst við að hámarka ráðstöfunartekjur með tilliti til skerðinga TR og skattgreiðslna. Við hjálpum sjóðfélögum að setja sér markmið og skipuleggja fyrirkomulag útgreiðslna, en það getur munað umtalsverðum fjárhæðum fyrir einstaklinga að nýta sér þjónustuna,“ segir Arnaldur og bætir við að upplýsingar um þjónustuna sé hægt að fá í Lífeyrisþjónustu Arion banka í síma 444-7000 eða með því að senda tölvupóst á netfangið lifeyristhjonusta@arionbanki.is.

### Viðurkenning IPE

Frjálsi lífeyrissjóðurinn var kosinn besti lífeyrissjóður á Íslandi 3. árið í röð af fagtímaritinu IPE í nóvember síðastliðnum. Jafnframt var sjóðurinn kosinn annar besti lífeyrissjóðurinn í þeim níu löndum Evrópu þar sem íbúar eru færri en ein milljón. „Stöðugreiningin var einmitt eitt af því sem dómnefndin taldi sjóðnum til tekna og var hennar getið í umsögn dómnefndar,“ segir Arnaldur.

### Hluti af skylduiðgjöldum í séreignarsjóð

Arnaldur segir að aðalmarkhópur Frjálsa lífeyrissjóðsins sé sjálfstætt starfandi einstaklingar, stjórnendur fyrirtækja og aðrir launþegar sem hafa val um í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða skylduiðgjöld og allir sem vilja leggja fyrir í viðbótarsparnað.

„Þeir rúmlega 40 þúsund sjóðfélagar sem hafa greitt í Frjálsa lífeyrissjóðinn hafa allir valið að greiða í sjóðinn á meðan flestum starfandi einstaklingum er gert skylt að greiða skylduiðgjöld í tilgreindan lífeyrissjóð skv. kjarasamningum,“ segir Arnaldur.




Einfalt ferli stöðugreiningar lífeyrissparnaðar.




Ráðstöfun skylduiðgjalds.

Spurður um sérstöðu sjóðsins segir Arnaldur að uppbygging sjóðsins sé frábrugðin flestum öðrum lífeyrissjóðum. „Flestir lífeyrissjóðir ráðstafa skylduiðgjöldum sjóðfélaga að öllu leyti í samtryggingarsjóði sem mynda réttindi fyrir sjóðfélaga sem felast í mánaðarlegum ævilöngum ellilífeyri, örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri við fráfall í ákveðinn tíma. Iðgjöldin mynda ekki eign og erfast því ekki. Aftur á móti skiptir Frjálsi iðgjöldum sjóðfélaga í samtryggingarsjóð og séreignarsjóð. Þar sem lægri iðgjöld fara til samtryggingar er tryggingavernd sjóðfélaga Frjálsa almennt lægri en í öðrum sjóðum, en sjóðfélagar safna sér í staðinn séreignarsjóði sem erfist og gefur þeim ákveðið fjárhagslegt frelsi.“

### Sveigjanleiki í útgreiðslum

Arnaldur segir að sjóðfélagar geti valið um að ráðstafa allt að 74% af skylduiðgjaldinu í séreignarsjóð. „Í samtölum ráðgjafa okkar við fólk sem leitar upplýsinga um lífeyrismál kemur því alltaf jafnmikið á óvart að það hafi val um að hluti iðgjalda fari í séreignarsjóð sem erfist að fullu. Hluti af séreignarsjóðnum er laus við 60 ára aldur og gefur fólki svigrúm til að flýta starfslokum eða hafa hærri tekjur á fyrri hluta ellilífeyrisáranna. Flestir okkar sjóðfélaga sem við höfum rætt við vilja hafa þess konar val þegar starfslokin nálgast. Með þessu fyrirkomulagi njóta sjóðfélagar Frjálsa lífeyrissjóðsins kosta samtryggingarsjóða og séreignarsjóða,“ segir Arnaldur að lokum. Þess má einnig geta að lífeyrissjóðurinn hefur fengið alþjóðleg verðlaun fyrir uppbygginguna sína, en hann var valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða af fagtímaritinu IPE árið 2005.




„Þar ertu tryggður með ákveðinn lágmarksvöxt lífeyrisréttinda og getur auk þess breytt lífeyrisréttindum í ævilangan lífeyri," segir Gestur Breiðfjörð Gestsson, framkvæmdastjóri Sparnaðar, um séreignartryggingu Versicherungskammer Bayern. MYND/ GVA

# Trygging til framtíðar

**Séreignarsparnaður og viðbótartryggingavernd er einn mikilvægasti hlekkurinn í því að tryggja gott líf á eftirlaunaaldri. Ráðgjafafyrirtækið Sparnaður mælir með að fólk leggi iðgjöld sín til séreignar til tryggingafyrirtækisins Versicherungskammer Bayern. Þar séu viðbótarlífeyrisréttindi tryggð í evrum.**

Lífeyriskerfið á Íslandi er eitt það besta í heimi og byggir á þremur stoðum. Lífeyrir í gegnum almannatryggingakerfið, skyldulífeyriskerfið og viðbótarlífeyrissparnað. Ávallt er miðað við að þú eigir að fá að lágmarki 56 prósent af meðallaunum þínum frá skyldulífeyrissjóðakerfinu og almannatryggingakerfið er tengt því sem þú færð frá skyldulífeyrissjóðnum. Viðbótarlífeyrissparnaður skerðir ekki það sem þú færð frá Tryggingastofnun," útskýrir Gestur Breiðfjörð Gestsson, framkvæmdastjóri Sparnaðar. Þeir sem ekki vilja lækka svo mikið í launum við það að fara á eftirlaun geta síðan búið til viðbótarlífeyrisréttindi. „Þannig leggur þú fram tvö til fjögur prósent af launum þínum og atvinnurekandinn leggur fram tvö prósent á móti sem er mikill hvati til að byggja upp frekari lífeyrissréttindi," segir Gestur og telur þennan viðbótarlífeyri afar mikilvægan til að fólk fái um 70 til 80 prósent af þeim launum sem það var með áður.




## Tvær leiðir færar

Hægt að velja um tvær leiðir við að byggja upp séreignarsparnað. Annars vegar sjóðaleiðina sem er hinn hefðbundni séreignarlífeyrissparnaður sem hefur tíðkast á Íslandi. „Þar hækka og lækka hlutirnir eftir því hvernig ástandið er í hagkerfinu. Þar getur sparnaðurinn verið mjög ótryggur eins og við höfum séð og þú veist ekki hvað þú átt mikið inni," segir Gestur. Hins vegar getur fólk valið um svokallaða séreignartryggingu líkt og boðið er upp á hjá þýska tryggingafyrirtækinu Versicherungskammer Bayern. „Þar ertu tryggður með ákveðinn lágmarksvöxt lífeyrisréttinda og getur auk þess breytt lífeyrisréttindum í ævilangan lífeyri," segir Gestur og leggur mikla áherslu á að hér er um tryggingu að ræða. Gestur bendir á að Íslendingar hafi í auknum mæli leitað til Sparnaðar og að eftirspurnin eftir viðbótartryggingum gegnum þýska kerfið sé mjög mikil. „Þarna tryggir þú réttindi þín líka í evrum og þar sem þetta er trygging sem heyrir undir þjónustustarfsemi getum við flutt út iðgjöld þrátt fyrir gjaldeyrishöftin," útskýrir hann.

## Meira gegnsæi í kostnaði

„Þjóðverjar hafa búið til gott lífeyriskerfi þar sem fólk veit að hverju það gengur og hvað það á mikið inni hverju sinni. Þar er enda bundið í ströng lög að ávöxtun á tryggingariðgjöld fólks skuli tryggð upp á 2,25 prósent í evrum," útskýrir Gestur en til viðbótar þessu er fyrirtækinu skylt að lofa ákveðnum vexti á lífeyrisréttindin á ári. „Versicherungskammer Bayern gefur út loforð í desember á hverju ári sem það þarf að standa við. Fyrir 2011 var ávöxtunarloforðið 3,8 prósent í evrum," segir Gestur. Hann bætir við að ef þýska fyrirtækið nær betri árangri en lofað var þá sé því skylt að láta að lágmarki 90 prósent af arði félagsins renna til viðskiptavina.

## Greitt til æviloka

Hægt er að velja nokkrar leiðir til að fá borgað út séreignartrygginguna hjá Versicherungskammer Bayern. Hægt er að fá alla fjárhæðina í einu, láta dreifa henni á nokkur ár eða fá að breyta uppsöfnuðum réttindum í ævilangan lífeyri. „Þar sem Íslendingar lifa góðu lífi langt fram eftir aldri teljum við þetta ótvíræðan kost. Þannig færðu greitt áfram fasta fjárhæð í lífeyri til æviloka, óháð því hversu mikið þú hefur greitt í iðgjöld," segir Gestur en tekur fram að ef viðkomandi fellur frá fyrr er fjárhæð sem nemur uppsöfnuðum iðgjöldum greidd út til aðstandenda. „Því þessi lífeyrir erfist að fullu.

## Félag með langa og farsæla sögu

Saga Versicherungskammer Bayern nær aftur til ársins 1811 og hefur staðið af sér allar kreppur síðan. „Það er í eigu Sparkassen Finanzgroup og því í eigu þýsku sparisjóðanna sem aftur eru í eigu sveitarfélaganna og þýska ríkisins," segir Gestur og tekur fram að ef Bayern-Versicherung tekst ekki að standa við skuldbindingar sínar sjái ábyrgðarsjóður tryggingafélaga í Þýskalandi um að staðið verði við tryggingasamninginn.

## Ekki borga meira en 2 prósent

Nýlega voru samþykkt fjárlög þar sem gert er ráð fyrir skattfrestun upp að tveimur prósentum í séreignarsparnað og viðbótartryggingarvernd en sú skattfrestun náði áður upp að fjórum prósentum. Er skynsamlegt að lækka sparnaðinn niður í tvö prósent? „Já, því annars yrði um tvísköttun að ræða. Menn myndu bæði borga þegar lagt væri inn og síðar þegar lífeyririnn væri tekinn út. Með þessum lögum er verið að hamla því að fólk geti byggt aftur upp viðbótarlífeyrinn sinn," segir Gestur. Hann bendir þó á að fjárlögin geri ráð fyrir þessu sem þriggja ára ráðstöfun og því megi halda í vonina að skattfrestunin verði hækkuð að þeim tíma liðnum.

## Ástandið hvarvetna óöruggt

Af hverju ætti fólk að treysta þýsku fyrirtæki? „Við lifum nú einu sinni í alþjóðlegu samfélagi og Versicherungskammer Bayern starfar samkvæmt íslenskum lögum varðandi viðbótarlífeyri og er auk þess undir þýska fjármálaeftirlitinu. Þá færðu greiðsluyfirlit tvisvar á ári um hvað þú ert að greiða auk þess sem þú færð ársyfirlit frá tryggingafélaginu," svarar Gestur. Inntur eftir því hvort fólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af því róti sem verið hefur á evrusvæðinu svarar hann: „Fólk ætti að hafa áhyggjur af ástandinu í heiminum almennt, hvort sem það er á evrusvæðinu, í Bandaríkjunum eða Asíu. Það er slæmt ástand alls staðar og ekki síst á Íslandi. Þá er gott að geta dreift áhættunni með því að vera með hluta af lífeyri sínum í Þýskalandi," segir Gestur.

# Allt fyrir jólin





## Vetrardagar
**15% afsláttur í jólagjöfinni hennar**

BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770

JÓLA NUDD Á FRÁBÆRU VERÐI

25 MÍN PARTANUDD
VERÐ: 3.900 KR.

50 MÍN DJÚPT HEILSUNUDD
VERÐ: 5.900 KR.

VICTORIA SALON & SPA — SUDURLANDSBRAUT 16 — SÍMI: 611 - 5500

## Lífstykkjabúðin



Jólasett fyrir ungu dömurnar
á aðeins 5.200 kr.




## Eldheit íslensk hönnun
Svunta, hanski, kokkahúfa

**www.auntsdesign.is**

**Útsölustaðir:**
Kokka, Dúka, Nordic Store, Pottar og Prik Akureyri, Hús Handanna Egilstöðum, Póley Vestmannaeyjum, Auntsdesign Hlíðasmára.

## Skyrkonfekt

Skyrkonfekt er hannað af nemendum í listaháskóla Íslands.

Fæst í Vínberinu laugarvegi, Kraum og Spark design.





**Þú færð jólagjöfina hjá Laura Ashley Faxafeni 14**

Kjóll 26.000 kr.
Mikið úrval af jólakjólum og jólagjöfum.



... svo ótrúlega þægileg eftir sturtuna eða baðið!



Höfuðhandklæðin frá Sif eru saumuð úr gæðabómull.
Létt og þægileg í notkun og henta jafnt síðu sem stuttu hári og dömum á öllum aldri.

Fáanleg í 5 litum

hvítt — ljósbleikt — dökkbleikt — grænt — blátt

**Sölustaðir:** Sundlaugar á höfuðborgarsvæðinu, Sundlaugin í Borgarnesi, Baðhúsið, Lyfjaver, Reykjavíkur Apótek, Apótek Vesturlands, Minja Skólavörðustíg, Femin.is, HB búðin, Skipt í miðju, Apótekarinn Mosfellsbæ, Mistý, Snyrtivörubúðin Glæsibæ, Litla búðin Akranesi. Lyf og heilsa: Eiðistorgi, JL-húsinu, Kringlunni, Austurveri, Firðinum Hfj. og Keflavík.

Sif
höfuðhandklæði

gsm 660 8860
elfursif@internet.is

*Nánar um Sif höfuðhandklæði á facebook*

# Frábær tilboð

**Lay-Z-Spa heitir pottar.
Aðeins örfá stykki til á gamla verðinu.**

**69.900 kr.**



**Nazran motocross- og útivistarfatnaður á frábæru verði.**





**15X10 6X139,5
sex gata stálfelgur, passa undir flesta jeppa, á aðeins**

**9.990 kr.**

Borgartún 36
105 Reykjavík
588 9747
www.vdo.is

VDO Offroad Line

## Fasteignir

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR



Sigurður Gunnlaugsson lögg. Fasteignasali

Fasteignasalan Torg – Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ Sími: 520 9595 – Fax: 520 9599 – www.fasttorg.is

### Víghólastígur 22 - 200 Kóp




**Pantið skoðun í síma 699 4610**
Fallegt einbýlishús með húsbílavænum bílskúr (60,5 fm). Húsið er að stórum hluta endurnýjað. Fallegt eldhús, stórar stofu, 3 svefnherbergi og 2 baðherbergi og góð sólstofa sem byggð var við húsið. Stór og grónum garður og glæsilegt útsýni út á Keilir. Húsið er staðsett í lokaðri götu.
**Uppl. Sigríður Rut, sölufulltrúi GSM: 699 4610**



HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA
Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is

### Litlagerði - Einbýli - 108 Rvk.



Gott einbýli vel staðsett í smáíbúðahverfinu í Reykjavík, Húsið er skráð 195,2 fm skv. FMR, en það er nokkuð stærra en kemur fram hjá FMR, húsið er á þremur hæðum. Góður möguleiki á aukaíbúð. Fallegur garður, þ.a.m. sólskáli. Eign á sjarmerandi stað. Laust strax. **Verð 44,9 millj.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**



### Tvö fjöleignarhús til sölu

Fasteignin Bjarkardalur 33, Reykjanesbæ, er til sölu en hún er í eigu þrotabús Týrus ehf. Um er að ræða þriggja hæða fjöleignarhús með sex þriggja herbergja og tíu fjögurra herbergja íbúðum sem eru tilbúnar til innréttinga auk átta fokheldra bílskúra en fasteignin var byggð var árið 2009. Íbúðirnar eru 98m2-121m2 að stærð. Óskað er eftir tilboðum í eignina í heilu lagi.

Fasteignin Reynidalur 1, Reykjanesbæ, er til sölu en hún er í eigu þrotabús Týrus ehf. Um er að ræða tveggja hæða fjöleignarhús með fjórum þriggja herbergja og ellefu fjögurra herbergja íbúðum. Eignin er fullfrágengin en fasteignin var byggð árið 2008. Íbúðirnar eru 97m2-118m2 að stærð. Óskað er eftir tilboðum í eignina í heilu lagi.

Fasteignirnar seljast í núverandi ástandi sem væntanlegir tilboðsgjafar eru beðnir að kynna sér rækilega.

Allar nánari upplýsingar fást hjá skiptastjóra þrotabús Týrus ehf., Guðna Bergssyni hdl., sími 515-7400, gudni@lr.is.

## Til sölu



**SNOWEX**
Handknúnir salt og sanddreifarar til afgreiðslu strax . Frábær lausn fyrir húsfélög og fyrirtæki til að hálkuverja gangvegi. ORKUVER ehf. Smiðjuvegi 11, s.5343435 www.orkuver.is



Snókerborð 10fet, Allt endurnýjað 2008 og allt af bestu gerð, ekkert notað síðan, Alvöru snókerborð, Allt fylgir t.d. Ljós, kúlur, kjuðar, yfirbreiðsla oþh, Ásett verð 390.000 , sími: 897-9227 eða okto@isband.is




Aðventuljósakrossar á leiði til sölu, rafhlöðukrossar og 12v-24v-32v. Áratuga reynsla og gott verð. Endist ár eftir ár. Sendum í póstkröfu. Uppl. í síma 898 3206.







Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is

**Ódýr heimilisraftæki**
Sími 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

## Vélar og verkfæri




Eitt mesta úrval landsins af sagarblöðum og fræsitönnum. Ásborg Smiðjuvegi 11 S: 5641212

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga.**
**Sjá nánar á www.vidur.is**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**Lagerhreinsun**
Gólfdúkar frá 500kr. pr,fm. Innihurðir frá 15.000kr stk. Gólflistar og frágangslistar mjög gott verð. Harðviðarval, Krókháls 4 sími 567 1010

## Verslun



Fjarstýrðar Þyrlur í úrvali. Gott verð og gæði. Nýjasta tækni ótrúlegir flugeiginleikar. Netlagerinn slf Dugguvogi 17-19 Sími 517-8878 Vefsíða Tactical.is

## HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu fríar prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**
Snerting heilar líkaman og sál. Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. Nálægt Foldatorg. Tímapöntun nauðsynleg. Sími: 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - DEKUR - ÍÞRÓTTANUDD**
Íþróttanudd, Gigtarnudd (krepptir fingur), Svæðanudd, Dekur f. pör, vini og hópa, skrúbb, pottur, nudd og máltíð. Góð tilboð. JB Heilsulind. S. 823 8280.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Kennsla

The Academy of Colour and Style

**Viltu verða stílisti?**
The Academy of Colour and Style býður upp á nám í fatastíl, litgreiningu og förðun. Skráning hafin f. vorönn. Nánari upplýsingar í síma 533-5101. www.utlit.is

## HEIMILIÐ

## Dýrahald

Chinese crested hvolpar til sölu, uppl. í síma 690 8091 María.

ENGLISH SPRINGER SPANIEL Hvolpar til sölu. S. 896 9478 Gunnar.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**Hestaflutningar**
Ferð Akureyri-Reykjavík á fimmtudag. Reykjavík-Akureyri á föstudag. Uppl. í s. 896 4316 Jósep.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Íbúð til leigu**
2 herbergja íbúð 78fm ný og falleg íbúð í Vatnsendahverfi frábært útsýni, leiga 110þús + hússj leigist frá 1.feb 2012 uppl síma 896-3362 Agnes sýnir íbúðina.

Til leigu í miðborg Reykjavíkur 55 ferm. 2ja herb. íbúð fyrir 67 ára og eldri. Mánaðarleiga 110þús. Langtímaleiga. Sími 6943636

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

## Fasteignir

Leiguskoðun við leigubyrjun og leiguskil eru traust viðskipti S. 587-7120 skodunarstofan.is

## Sumarbústaðir

**GISTING - AKUREYRI**
orlofshus.is S. 897 5300.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir Húsnæði fyrir Danskennslu 60-110 fm helst í Kópavogi á sanngjörnu verði, sem fyrst. s: 774 4666.

## Geymsluhúsnæði

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500

## Gisting




## ATVINNA

## Atvinna í boði

Viltu þéna mikið af penningum? s. 841 1448.

Sérð þú tækifærin? Eða ert þú ein/n af þeim sem segir aldrei fæ ég tækifæri. Þetta gæti vel hentað þér. sími 773 2100 Einar, Anna.

TÍSKA



Sölufulltrúar:
Jóna María
jmh@365.is 512 5473
Brynja Dan
brynjadan@365.is 512 5465
Snorri
snorris@365.is 512 5457

# 25x 1.000.000

AFMÆLIS LEIKUR

Íslensk getspá fagnar 25 ára afmæli í ár. Af því tilefni bætum við 25 vinningum við í desember, einni milljón fyrir hvert ár. Ef þú kaupir 10 raðir í Lottó eða Víkinga-lottó, eða ert í áskrift, áttu möguleika á að vinna einn eða jafnvel fleiri af þessum veglegu afmælisvinningum.

**Geymdu lukkunúmerið þitt vel – við drögum á aðfangadag!**

**Nánar á lotto.is**

## „JÓLAGJÖFIN MÍN Í ÁR ...“

# 3,15 MILLJARÐAR



Fyrsti vinningur stefnir í 300 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.850 milljónir. **Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ

**ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!**

MIÐINN GILDIR 14. DESEMBER 2011

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **A.** | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| **B.** | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | [illegible] |
| **C.** | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | [illegible] |
| **D.** | 03 | 06 | 19 | 24 | [illegible] | [illegible] |

SÖLU LÝKUR KL. 17

THE EUROPEAN LOTTERIES · RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

WORLD LOTTERY ASSOCIATION · WLA



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Margrét Lárusdóttir**
Skútustöðum,

sem lést laugardaginn 3. desember, verður jarðsungin frá Skútustaðakirkju laugardaginn 17. desember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Suður-Þingeyinga.

**Höskuldur Þráinsson** **Sigríður Magnúsdóttir**
**Baldvin Kristinn Baldvinsson**
**Sólveig Þráinsdóttir**
**Steinþór Þráinsson**
**Hjörtur Þráinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför mæðgnanna*

**Kristrúnar Helgu M. Waage**



**Eðvaldínu Magneyjar Kristjánsdóttur**

Sérstakar þakkir til þeirra sem hjúkruðu þeim í veikindum þeirra.

**Viðar G. Waage og fjölskylda**
**Björk Magnúsdóttir og fjölskylda**
**Bjarnheiður Magnúsdóttir og fjölskylda**



†

*Hjartkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, frændi, bróðir og mágur,*

**Halldór Hafsteins Hafsteinsson**
Brekkubæ 40, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu 7. desember síðastliðinn. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 17. desember kl. 13.30.

**Lilja Hannibalsdóttir**
**Sæunn Halldórsdóttir** **Gunnar Helgi Stefánsson**
**Björn Hafsteinn Halldórsson** **Kristbjörg Stephensen**
**Sverrir Daníel Halldórsson** **Elinóra Friðriksdóttir**
**Guðmundur Smári Ólafsson** **Ingveldur Sæmundsdóttir**
**Stefanía Auðbjörg Halldórsdóttir**
**Lilja Jóna Halldórsdóttir** **Skúli Franz Hjaltason**
**barnabörn og barnabarnabarn**
**Lilja Halldórsdóttir frá Mel**
**systkini og makar þeirra.**



†

*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar og systur okkar,*

**Huldu Margrétar Waddell**
guðfræðinema,
Rauðalæk 42, Reykjavík,

sem andaðist fimmtudaginn 1. desember.
Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahjúkrunar og krabbameinsdeildar 11 E, Landspítalanum fyrir einstaka umönnun og hlýju.

Guð blessi ykkur öll.

**Örn Valsson**
**systkini og fjölskyldur.**



**HRESS KÓR** Gospelkór Jóns Vídalíns heldur tónleika á morgun.

# Jólatónleikar Gospelkórs Jóns Vídalíns

Gospelkór Jóns Vídalíns heldur tónleika í Fjölbrautaskólanum í Garðabæ fimmtudaginn 15. desember kl. 20. Jóna Hrönn Bolladóttir, verkefnastjóri kórsins, segir að í ár séu jólatónleikarnir jafnframt styrktartónleikar til styrktar Foreldrahúsinu/Vímulausri æsku sem heldur upp á 25 ára afmæli á þessu ári. Foreldrahúsið/Vímulaus æska hefur unnið ötullega að forvarnastarfi og veitt mörgum foreldrum mikinn stuðning í gegnum árin.

Kórinn er samstarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Vídalínskirkju og segir Jóna Hrönn að kórastarfið sé metið sem valfag við skólann. Á fimmtudagskvöldið syngur kórinn jólalög úr heimi gospel- og dægurtónlistar undir stjórn Ingvars Alfreðssonar og það er sex manna hljómsveit sem spilar undir. Tvö þúsund krónur kostar inn fyrir fullorðna en 1.000 krónur fyrir börn, eldri borgara og öryrkja.

Jóna Hrönn lofar mikilli gleði og sveiflu og segir kórinn hafa á að skipa mörgum frábærum einsöngvurum. Miðar eru seldir við innganginn í Fjölbrautaskólanum og í Vídalínskirkju og Foreldrahúsinu Borgartúni 6 í þessari viku.

# Jólablúsgjörningur Vina Dóra

Vinir Dóra halda sinn árlega Jólablúsgjörning fimmtudaginn 15. desember klukkan 21 á Rúbín.

Vinirnir eru Halldór Bragason gítarleikari og söngvari, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Ásgeir Óskarsson trommuleikari, Davíð Þór Jónsson á Hammondorgel og Jón Ólafsson bassaleikari. Hljóðmaður er Jón Skuggi.

Jólablús Vina Dóra hefur notið mikilla vinsælda árum saman, enda þykir hann um margt öðruvísi en aðrir viðburðir á þessum árstíma.

Gjörningstollur er 2.500 krónur og hægt er að panta miða með tölvupósti á bluesfest@blues.is þar sem kemur fram nafn og sími og fjöldi miða. Miðar eru einnig seldir við innganginn frá kl. 19 á fimmtudagskvöldið.

Rúbín býður upp á léttan jólablúsrétt í tilefni dagsins.



**VINIR DÓRA** fremja blúsgjörning á Rúbín á fimmtudagskvöld.

# Upplestrarkvöld Stínu í Nýló

Nýtt hefti Stínu – Tímarits um bókmenntir og listir er komið út og af því tilefni verður upplestrarkvöld í Nýlistasafninu klukkan 20 í kvöld.

Þar munu nokkrir þeirra höfunda sem efni eiga í tímaritinu lesa upp úr verkum sínum. Meðal þeirra sem fram koma eru Guðbergur Bergsson, Kristín Ómarsdóttir, Hallgrímur Helgason, Kormákur Bragason, Kristín Eiríksdóttir og Kristín Svava Tómasdóttir. Kynnir er Kári Tulinius.

Upplestrarkvöldið hefst eins og áður sagði klukkan 20 í Nýlistasafninu og verða léttar veitingar í boði.

Tímaritið Stína hefur komið út tvisvar á ári síðan 2006. Í ritstjórn eru Guðbergur Bergsson, Kristín Ómars, Hallgrímur Helgason og Kormákur Bragason.



Einn þeirra sem lesa upp í Nýlistasafninu í kvöld er Guðbergur Bergsson. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**LJÓMANDI LÚSÍA** Hátíðleg stund var í Norræna húsinu í gærmorgun.

# Blítt sungið við kertaljós

Yfir tvö hundruð manns vöknuðu snemma klukkan átta í gærmorgun og lögðu leið sína í Norræna húsið á Lúsíuhátíð, sem haldin er 13. desember ár hvert.

Sænski barnakórinn Lúsíukórinn á Íslandi flutti hefðbundin jólalög í tilefni dagsins undir stjórn Mariu Cederborg. Stundin var afar hátíðleg í Norræna húsinu þegar börnin birtust með kertaljós sem lýstu upp myrkrið. Að loknum tónleikum var boðið upp á kaffi og glögg, Lúsíuketti og piparkökur.

Í stað þess að senda út jólakort bauð Norræna húsið vinum og samstarfsfólki á þessa hátíð og þakkaði þannig fyrir samfylgdina og samstarfið á árinu sem er að líða.

Í Svíþjóð og víðar á Norðurlöndunum er Lúsíuhátíðin í hávegum höfð. Samkvæmt gömlum sænskum heimildum vekur elsta dóttirin á heimilinu foreldra sína að morgni dags og færir þeim kaffi og lúsíuketti, smábrauð krydduð saffrani, sem gerir þau fallega sólgul og ilmandi. Hún er með kertaljósakrans í hárinu, klæðist hvítum kyrtli og syngur Lúsíusöngva. Systur hennar hjálpa til og klæðast einnig hvítum kyrtlum en bera aðeins eitt kerti í hendi sér.



†

*Bróðir okkar,*

**Guðni Marinó Guðnason**
fæddur á Ísafirði 25. júlí 1956, lést í Danmörku hinn 8. nóvember síðastliðinn.

Útförin fór fram í Viborg hinn 14. nóvember.

**Sólveig Guðnadóttir**
**Veturliði Guðnason**
**Bjarnfríður Andrea Guðnadóttir**



†

*Mágkona mín og frænka okkar,*

**Elín Hallsdóttir**
frá Steinkirkju, Þórunnarstræti 108, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 2. desember. Útför hennar fer fram frá Illugastaðakirkju mánudaginn 19. desember kl. 14.00.

**Lovísa Emilía Sigurbjörnsdóttir og bræðrabörn**

★★★★★

# „Margbrotið skáldverk
## þar sem pakkað er saman miklum örlögum.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„Frásagnartækni höfundar
nýtur sín ofboðslega vel ... Þetta er
„page-turner“.“

EGILL HELGASON / KILJAN






ÓLAFUR JÓHANN ÓLAFSSON

VAKA-HELGAFELL

★★★★

„Listilega gert málverk
... fyrst og fremst skemmtileg.“

ANNA LILJA ÞÓRISDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„Eftirminnileg saga,
svo vel unnin og fallega saman sett að það er
hreinlega aðdáunarvert.“

ÞÓRUNN HREFNA SIGURJÓNSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Þetta er flott verk og spennandi,
læsilegt og fallega skrifað ... að öllu leyti
vel heppnað ...“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / KILJAN

„Besta bók Ólafs Jóhanns ...
gríðarlega vel heppnað verk og
það er gaman að lesa það.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

1 kr. sendingargjald til 15.12.11

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur, **6.** umhverfis, **8.** kæla, **9.** fum, **11.** íþróttafélag, **12.** víðátta, **14.** hroki, **16.** skóli, **17.** sefa, **18.** hætta, **20.** hreyfing, **21.** milda.

**LÓÐRÉTT**
**1.** bauti, **3.** golfáhald, **4.** Grænlendingur, **5.** fley, **7.** kaupmáli, **10.** hreinn, **13.** blóðhlaup, **15.** þvo, **16.** mælieining, **19.** ónefndur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** um, **8.** ísa, **9.** fát, **11.** kr, **12.** flæmi, **14.** dramb, **16.** ma, **17.** róa, **18.** ógn, **20.** ið, **21.** lína.

**LÓÐRÉTT: 1.** buff, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** máldagi, **10.** tær, **13.** mar, **15.** baða, **16.** mól, **19.** nn.















# Að gefnu tilefni

BAKÞANKAR
Kolbeins Óttarssonar Proppé



Rithöfundar, fræðimenn og blaðamenn tóku höndum saman í gær og sendu frá sér ályktun hvar minnt var á réttinn til þátttöku í opinni samfélagsumræðu. Það er vel; tjáningarfrelsið er einn af hornsteinum samfélagsins. Ályktun Rithöfundasambands Íslands, Bandalags þýðenda, Reykjavíkurakademíunnar, Blaðamannafélags Íslands og PEN á Íslandi var gefin út „að gefnu tilefni“ en það var ekki skýrt nánar hvað það þýðir.

**FYRIR** vikið hefur skapast nokkur umræða um hvert tilefnið er og virðast fáir sammála um það. Til eru þeir sem líta á það sem svo að samtökin séu að taka upp hanskann fyrir miðla Vefpressunnar, en myndbirting eins þeirra vakti mikla athygli í liðinni viku. Aðrir telja að því sé einmitt öfugt farið; ályktuninni sé beint gegn Vefpressunni og hótun hennar um lögsóknir.

**HVERT** svo sem gefna tilefnið er virðast ansi margir upplifa sig sem ofsótta þessa dagana og að það sé vegið að tjáningarfrelsi þeirra. Háskólakennarar óttast að frjáls félagasamtök séu að vega að akademísku frelsi sínu með fulltingi siðanefndar Háskólans, á meðan félagasamtökin telja að háskólakennarar skáki í skjóli síns akademíska frelsis til að níða skóinn af meðlimum samtakanna.

**EINMITT** það hve margir samsama sig ályktuninni gefur til kynna að ýmislegt megi betur fara í opinberri umræðu. Þó að ýmsu leyti hefði verið betra að í ályktun um mikilvægi tjáningarfrelsis hefði umrætt tjáningarfrelsi verið nýtt til hins ýtrasta og talað hreint út, gefa viðbrögðin og vangavelturnar færi á ágætis naflaskoðun.

**HVAÐ** veldur því að fólk talast orðið við með hótunum um lögsókn? Vel má vera að aukin viðkvæmni spili þar inn í, en allt eins víst er að umræðan sjálf sé þar örlagavaldur. Títt tuggið er að frelsinu fylgi ábyrgð en sú er einmitt raunin. Það fylgir því ábyrgð að kalla hvert annað ónefnum í umræðunni, brigsla um landráð og ljótar kenndir. Jafnframt fylgir því ábyrgð að hóta lögsóknum hægri vinstri. Og alvöru fólk gengst við ábyrgð sinni.

**STÖNDUM** vörð um tjáningarfrelsið með því að taka þátt í opinberri umræðu af ábyrgð og án ofsa. Og þrátt fyrir að þetta sé leiðinlega miðaldra og miðjusækin afstaða, þá gagnast hún tjáningarfrelsinu.

**VIÐ** getum aldrei haft áhrif á hvernig aðrir umgangast tjáningarfrelsið. Við ráðum hins vegar sjálf hvernig við umgöngumst það.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Overli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Kirkman/Scott



# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# VINSÆLASTA JÓLAKJÖTIÐ Í BÓNUS



**ALI HAMBORGAR-HRYGGUR** *M.BEINI*

*VINSÆLASTI HRYGGURINN Í BÓNUS*



**1195** KR. KG

*BÓNUS*
**HAMBORGARHRYGGUR**
*MEÐ BEINI*



**1195** KR. KG

*BÓNUS*
**BAJONSKINKA**
*1.FLOKKUR ÚR LÆRI*





**1498** KR. KG

**KOFAREYKT HANGILÆRI**
*M.BEINI*





**2498** KR. KG. HANGILÆRI

**1898** KR. KG. FRAMPARTUR

**KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGIKJÖT**
*FRÁ KJARNAFÆÐI*





**2475** KR. KG

*NORÐLENSKA FJALLA*
**ÚRB. HANGILÆRIÐ**





**1695** KR. KG

**LÉTTREYKTUR LAMBAHRYGGUR**

## SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS
## BIRKIREYKT HANGIKJÖT





**2298** KR. KG. HANGILÆRI

**2798** KR. KG. HANGILÆRI

**ÚRB. HANGILÆRI**

**ÚRB. HANGI FRAMPARTUR**





**3998** KR. 2.9 KG

**NESTLÉ MACHINTOSH 2,9 KG.**





**2998** KR. KASSINN

*NÓI-SÍRÍUS 940 GRÖMM*
**GJAFAKONFEKT**





**1798** KR. 650 G

**NÓI-SÍRÍUS BESTU MOLARNIR**
*650 GRÖMM*

## VINSÆLUSTU JÓLABÆKURNAR
## *FÆRÐU Í BÓNUS*





**2459** KR. 1000 G

**NÓA KONFEKT**
*1000 GRÖMM*

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

**TÓNLEIKAR VIÐ ÞJÓÐMINJASAFN** Listakonan Kjuregej Alexandra Argunova flytur þjóðlög á jakútísku, íslensku og rússnesku af nýjum diski sem nýverið kom út, við Kaffitár í Þjóðminjasafni Íslands klukkan 15 í dag. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir. Alexandra giftist listamanninum Magnúsi Jónssyni og fluttu þau til Íslands árið 1966. Frá árinu 1970 og til dagsins í dag hefur hún m.a. starfað í leikhúsum hér á landi og í Danmörku.

# Endurminningin merlar æ

**Hannes Pétursson** skáld er áttræður í dag. Hann sendi jafnframt frá sér á dögunum bókina Jarðlag í tímanum, þar sem hann dregur upp minningarmyndir úr barnæsku sinni norður í Skagafirði. *Bergsteinn Sigurðsson* hitti skáldið að máli.

Þetta eru svo sem engin sérstök tímamót í mínum huga," segir Hannes Pétursson skáld, sem er áttræður í dag. „Mér finnst ég betri til heilsunnar en ég var fyrir tíu til fimmtán árum, hausinn er í þokkalegu lagi þótt mér misheyrist stundum og missjáist eins og gengur og gerist með gamla karla. Að öðru leyti plagar mig ekkert og þetta er eins og hver annar dagur."

Hannes Pétursson hefur verið í hópi fremstu skálda Íslands frá því að hann gaf út sína fyrstu ljóðabók, Kvæðabók, árið 1955, þá aðeins 23 ára gamall. Á dögunum kom út á vegum Opnu bókin Jarðlag í tímanum – minningarmyndir úr barnæsku, þar sem Hannes lítur yfir uppvöxt sinn norður í Skagafirði til fjórtán ára aldurs, þegar hann flutti með foreldrum sínum til Reykjavíkur.

„Ég velti því fyrir mér í bókinni hvort alvara lífsins byrji ekki í barnæsku hvers manns. Ég held að æskan sé að minnsta kosti ákaflega mikilvæg. Ég heyrði nýlega haft eftir einhverjum fræðingnum að börn taki út svo til allan málþroska fyrir sex ára aldur. Það er ekki lítið sem gengur á. Æskuárin höfðu mótandi áhrif á mig og ég miða þau við fyrstu fjórtán árin, því þá urðu eðlileg þáttaskil í mínu lífi þegar við fjölskyldan flytjum í bæinn."

### Ákvörðun sem aldrei varð haggað

Þegar Hannes flutti suður hafði hann þegar gert upp við sig að verða skáld og tók ljóðagerðina strax föstum tökum, sem skýrir kannski hversu fullburða frumraunin varð.

„Ég orti reiðinnar ósköp á menntaskólaárunum og þjálfaðist mikið á því. Ég tók hins vegar verulegan kipp upp úr tvítugu. Kvæðabók varð til í þremur eða fjórum lotum upp úr því, síðustu ljóðin í henni orti ég sumarið áður en hún kom út. Þegar ég hafði á annað borð ákveðið að verða skáld var þetta svo sterk innri ákvörðun að henni varð aldrei haggað."

Hannes segist líta sáttur yfir farinn veg og ferilinn sem hann valdi sér.

„Já, þó stundum finnist mér ég hefði getað verið duglegri, gert meira. Með aldrinum gerðist það að það kviknaði áhugi á ýmsu þjóðlegu fræðagrúski. Það fór töluverður tími í það, ekki endilega skriftirnar heldur lestur og heimildaleit hingað og þangað. Þetta var tímafrekt og bitnaði kannski að einhverju leyti á ljóðagerðinni. Stundum myndaðist dálítill klofningur milli ljóðskáldsins og grúskarans í mér."

> Mér þykir vænt um æsku mína en er ekkert að fegra hana meira en hún á skilið. Það er engu rósamáli fyrir að fara enda væri það ekki sannleikanum samkvæmt.

### Þjóðskáld er dautt hugtak

Kveðskapur Hannesar hvílir á gömlum merg enda er hann oft nefndur, ásamt Þorsteini frá Hamri sem síðasta þjóðskáldið. Sjálfur segist Hannes ekki taka titilinn þjóðskáld alvarlega; amast ekki við honum en gerir jafnframt ekkert við hann.

„Hugtakið þjóðskáld er að mínu viti dautt. Það tilheyrir tíma þegar ljóðskáldin töluðu fyrir fullum sal og þjóðin fylgdist með ljóðagerð. Orðið hafði upphaflega aðra merkingu og þýddi einfaldlega höfuðskáld. Það var ekki fyrr en í sjálfstæðisbaráttunni sem farið var að nota orðið þjóðskáld yfir þá sem ortu um frelsi þjóðarinnar, eins og Jónas Hallgrímsson, og síðar um skáld sem náðu til allrar þjóðarinnar, til dæmis Davíð Stefánsson og fleiri. Enginn notaði orðið þjóðskáld um Stein Steinarr meðan hann lifði og orti. Ég held að þessi skilgreining eigi ekki lengur við og við eigum bara að leyfa henni að deyja."

Hannes, sem drakk í sig kvæði þjóðskáldanna á æskuárum, kveðst ekki syrgja það sérstaklega að ljóðið hafi ekki sömu þjóðfélagslegu stöðu og það hafði.

„Bókmenntagreinar rísa og hníga eins og öldurnar samkvæmt lífsins gangi. Ég hef engar áhyggjur af því að ljóðlistin deyi, ef hún gæti það væri hún löngu dauð. Þetta er elsta bókmenntaformið; það er lýrík í mannlegu eðli sem er ómissandi og verður ekki drepin – en tímarnir kalla mismikið á hana."

### Depill í svo miklu stærri heimi

Þessi æðrulausa afstaða gengur eins og rauður þráður í gegnum Jarðlag í tímann. Á einum stað í bókinni er minnt á að jörðin sé aðeins ungur depill í himingeimnum, „Ísland er depill á jarðkúlunni, Sauðárkrókur depill innan Íslands og ég sjálfur depill innan þess depils. Af þeirri ástæðu skyldi maður hafa sig hægan."

Sumum sem svona hugsa fellur allur ketill í eld – fyllast þunglyndi yfir eigin lítilvægi og komast ekki fram úr rúminu.

„Ég hef alltaf gert mér grein fyrir smæð mannanna í sköpunarverkinu," útskýrir Hannes. „Þess vegna tek ég þetta fram þarna í byrjun bókarinnar til að enginn haldi að ég sé að gera of mikið veður úr minningum mínum. Þetta er lítill heimur innan miklu stærri heims, einn hringur inni í öðru. Mannskepnan kom seint fram á sjónarsviðið og á eftir að hverfa aftur um síðir, meðan náttúran hefur sinn gang. Þetta eru bara stærðir sem best er að gera sér grein fyrir og sætta sig við. Heimurinn stækkar sífellt fyrir augum stjörnuskoðarans, og við jarðarbúar minnkum að sama skapi.

Við höfum hins vegar öll nokkuð til málanna að leggja innan þess sviðs sem við lifum á. Maður má ekki láta þessar svakalegu „dimensjónir" lama sig. Við þurfum að vita af þeim og búa við þær en gera okkur að góðu það svið sem við lifum á. Okkur er ekki annað fært."

### Þykir vænt um æskuna

Í bókinni segir Hannes að sá Sauðárkrókur sem hann ólst upp á sé ekki lengur til. Í frásögninni fléttast saman huglæg og hlutlæg lýsing af liðnum tíma, sem einkennist af skáldlegu innsæi og samkennd en er laus við rómantíska eftirsjá.



HANNES PÉTURSSON „Ég hef alltaf gert mér grein fyrir smæð mannanna í sköpunarverkinu," segir Hannes Pétursson, sem vonar að enginn haldi að hann sé að gera of mikið veður úr endurminningum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Mér þykir vænt um æsku mína en er ekkert að fegra hana meira en hún á skilið. Það er engu rósamáli fyrir að fara enda væri það ekki sannleikanum samkvæmt. En það liggur í hlutarins eðli að þegar maður horfir svona langt aftur í tímann verður viss fjarlægðarblær yfir öllu. Grímur Thomsen orti:

*Endurminningin merlar æ*
*í mána silfri hvað sem var*
*yfir hið liðna bregður blæ*
*blikandi fjarlægðar.*

Í huga mér eru myndirnar frá Sauðárkróki æsku minnar skýrar en þær breyta örlítið um áferð eftir því sem maður eldist. Sjónarhornið breytist – það er ekki hægt að neita því."

Hannes segist ekki trega æskuslóðirnar, þær séu enn á sínum stað í hugmyndaheiminum.

„Auðvitað er ekki hægt að heimta að þær haldist óbreyttar. Það kemur nýtt fólk sem vill skapa sér annað umhverfi þar sem heimur þinn var áður. Heimurinn er sífellt að breytast, dýnamík tímans verður að hafa sinn gang og það er ólíkt hagkvæmara og betra líf á Sauðárkróki nútímans en í mínu ungdæmi."

Er Hannes framfarasinni sem trúir því að heimurinn fari sífellt batnandi?

„Tæknin hefur óneitanlega fært okkur ótrúlega hagsæld. Hugsaðu þér breytinguna þegar rennandi vatn og rafmagn kemur í sveitirnar; það er vart hægt að lýsa því með orðum hvað það urðu mikil kaflaskipti. Fáir núorðið þekkja hið raunverulega, íslenska skammdegismyrkur eins og það var í sveitunum, þegar sortinn lá yfir landinu og eina ljósið var einstaka týra á glugga. En þótt ég loki ekki augunum fyrir þeirri velsæld sem tæknin hefur fært okkur er ég enginn sérstakur tæknihyggjumaður. Við verðum auðvitað að umgangast tæknina og þekkinguna af ábyrgð og visku, annars er hætt við að það fari fyrir okkur eins og lærisveini galdramannsins í ljóði Goethes."

### Heilsan er fyrir öllu

Það hefur liðið nokkuð á milli bóka hjá Hannesi undanfarin ár.

Síðast gaf hann út ljóðabókina Fyrir kvölddyrum árið 2006, sem var hans fyrsta ljóðabók í þrettán ár. Líkingin í titlinum þarf ekki að vefjast fyrir neinum og nú þegar Hannes hefur gefið út minningabrot sín vaknar sú spurning hvort hann hafi sett punktinn fyrir aftan útgáfuferil sinn.

„Ég hugsa að ég gefi ekki út aðra bók í bili en ég er ekki hættur að skrifa, held því áfram án þess að vera með útgáfuhugmyndir í kollinum. Maður hugsar annars ekki mörg ár fram í tímann á mínum aldri. Heilsan er fyrir öllu segir gamla fólkið. Það er heldur betur þannig og ég bý sem betur fer enn að henni. En ég held áfram að grúska."




# Alltaf pláss fyrir góða gjöf

20% afsláttur af allri tónlist til 18. desember

Skiptimiðinn

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

N1 VERSLANIR

# GÓÐAR GJAFIR Á GÓÐU VERÐI

NÝTTU ÞÉR GÓÐAR JÓLAGJAFAHUGMYNDIR Í VERSLUNUM N1




6020 LET40T900
HAIER 40" LED SJÓNVARP
Almennt verð 139.900 kr.
Verð til N1 korthafa 129.900 kr.*

LET40T900
**Full HD:** Upplausn 1920 x 1080
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 3,7cm




6020 LET32T900
HAIER 32" LED SJÓNVARP
Almennt verð 94.900 kr.
Verð til N1 korthafa 84.900 kr.*

LET32T900
**HD Ready:** Upplausn 1366 x 768
**USB Time shift:** Þú getur gert hlé á dagskrá, spólað tilbaka eða hlaupið áfram í því efni sem horft er á með því að tengja USB tæki.
**USB tengi:** Gerir kleift að horfa á myndbönd skoða ljósmyndir eða hlusta á tónlist beint af USB tæki.
**Móttakari:** DVB - T/C (Háskerpu Stafrænn Móttakari)
**Tengimöguleikar:** 3 HDMI tengi, Composite, Scart, 15 Pin D-sub(VGA/PC),PC Audio Input, Digital audio Out (SPDIF), PCMCIA, 2 USB tengi
**Þykkt:** Aðeins 4cm

muse



896 M-965
MUSE DVD FERÐASPILARI 9"
Verð 23.900 kr.

- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW
- MP3, JPEG og DivX
- USB tengi og SD/SDHC/MMC/MS kortalesari
- Fjarstýring, heyrnartól, innbyggðar hleðslurafhlöður, snúningsfótur og bílfesting.
- Hleðslutæki og bíltengi.

muse



896 M-745
MUSE DVD FERÐASPILARI 7"
Verð 18.900 kr.

- Spilar DVD, DVD-R/RW, CD, CD-R/RW
- MP3, JPEG og DivX
- USB tengi og SD/SDHC/MMC/MS kortalesari
- Fjarstýring, heyrnartól, innbyggðar hleðslurafhlöður, snúningsfótur og bílfesting.
- AC/DC hleðslutæki

*N1 korthafar þurfa að framvísa N1 kortinu til að tryggja sér afsláttinn.

N1 STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA
HAFNARFIRÐI | KEFLAVÍK | AKRANESI | AKUREYRI
EGILSSTÖÐUM | HÖFN | SELFOSS

N1 Meira í leiðinni


Tónlist ★★★

**Aðför að lögum**
Megas og strengir

## Annað sjónarhorn



Aðför að lögum hefur að geyma tólf Megasarlög í nýjum útsetningum eftir Þórð Magnússon, son Megasar. Eins og nafn flytjanda á plötuumslaginu gefur til kynna eru þetta útsetningar fyrir strengjasveit sem er skipuð tveimur fiðluleikurum, víóluleikara, sellóleikara og kontrabassaleikara. Allt topp hljóðfæraleikarar.

Þegar þessi dagskrá var frumflutt í Háskólabíói á Listahátíð í Reykjavík í maí 2010 varð ég fyrir smá vonbrigðum. Útsetningarnar gripu mig ekki sérstaklega við fyrstu hlustun og mér fannst Megas á köflum hikandi og óöruggur í söngnum. Mig grunaði samt að þetta væri efni sem gæti komið vel út á plötu. Og það gekk eftir.

Lögin á Aðför eru bæði af gömlum og nýrri Megasarplötum. Útsetningarnar eru mjög ólíkar frumútgáfunum, sem er auðvitað mikill kostur ef menn eru á annað borð að gefa gömul lög út á nýjan leik. Með strengjasveit má bæði framkalla drunga og dramatík og léttleika, og fegurð og útsetningar Þórðar gera þetta allt, þó að það fari kannski minnst fyrir léttleikanum. Það er helst í Tveimur stjörnum og Jólanáttburði.

Útsetningarnar eru margar mjög flottar. Í uppáhaldi hjá mér eru Silfurskotturnar hafa sungið fyrir mig, Nóttin hefur níðst á mér, Heill, Tvær stjörnur og Gamli sorrí Gráni, sem er gjörbreytt.

Á heildina litið er þetta flott plata með allt öðruvísi útsetningum af gömlum lögum. Þær koma ekki í staðinn fyrir upprunalegu útsetningarnar og spurningin er ekki hvort þær eru betri eða verri. Þetta er einfaldlega ný nálgun, annað sjónarhorn.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gömul Megasarlög í gjörbreyttum útgáfum.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 14. desember**

### → Tónleikar

**18.00** Þórður Þorsteinsson spilar á selló, Hildur Kristín Sveinsdóttir á klarinett auk þess sem Magdalena Anna Deigendesch og Guðbjartur Hákonarson leika á fiðlu á vetrartónleikum tónlistardeildar Listaháskóla Íslands í Þjóðmenningarhúsinu. Aðgangur er ókeypis.

**18.00** Vox feminae, Cantabile og Stúlknakór Reykjavíkur halda árlega aðventutónleika í Hallgrímskirkju. Aðgangseyrir er kr. 3.000 í forsölu.



**21.00** Útgáfutónleikar **Hljómsveitarinnar Ég** verða haldnir á Dillon, í tilefni plötunnar Ímynd fíflsins. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**21.00** Beggi Smári og félagar í hljómsveitinni Mood troða upp á Kex Hosteli við Skúlagötu. Frítt inn.

**20.00** Kór Bústaðakirkju undir stjórn Jónasar Þóris heldur sína árlegu jólatónleika ásamt hljóðfæraleikurum og Kammerkór unglinga í Bústaðakirkju. Aðal einsöngvari tónleikanna er Jóhann Friðgeir Valdimarsson en einnig syngja Gréta Hergils, Edda Austmann, Kristín Sædal, Svanur Valgeirsson og Sæberg Sigurðsson. Miðaverð er 3.000 krónur og fer miðasala fram í Bústaðakirkju og hjá kórfélögum.



**20.30** Árlegir Ljósberatónleikar í Akureyrarkirkju. Á annað hundrað manns koma fram á tónleikunum en einsöngvarar eru **Björg Þórhallsdóttir** sópran, Eyrún Unnarsdóttir mezzósópran, Óskar Pétursson tenór og Egill Ólafsson. Frumflutt verður sérstakt jólalag Ljósberans 2011, Ljós heimsins, eftir Daníel Þorsteinsson. Aðgangseyrir er 2.500 krónur sem rennur óskiptur til styrktar bágstaddra á Akureyri fyrir jólin. Forsala miða er í Eymundsson í Hafnarstræti.

### → Fundir

**14.30** Atli Ásmundsson, aðalræðismaður Íslands í Winnipeg, heldur erindi í félagsheimili FEB að Stangarhyl 4. Þá verður Halldór Árnason með kynningu á Þjóðræknisfélagi Íslands. Dagskráin tekur rúma klukkustund.

### → Upplestur



**20.00** Upplestrarkvöld í tilefni útkomu nýs heftis Stínu, tímarits um bókmenntir og listir, verður í Nýlistasafninu, Skúlagötu 28. Fram koma: Guðbergur Bergsson, Kristín Ómarsdóttir, **Hallgrímur Helgason**, Kormákur Bragason, **Kristín Eiríksdóttir** og Kristín Svava Tómasdóttir. Kynnir er Kári Tulinius. Léttar veitingar verða í boði.

### → Uppákomur

**14.00** Aðventuhátíð félagsmiðstöðvarinnar Aflagranda 40 heldur áfram og í dag mun Elísabet Jökulsdóttir lesa úr bók sinni, Kattahirðir í Trékyllisvík, áður en Þóra Björk Þórðardóttir syngur lög af plötu sinni, I am a tree now. Aðgangur er ókeypis.

### → Fyrirlestrar

**12.15** Hádegisfyrirlestur í Þjóðmenningarhúsinu í erindaröðinni Góssið hans Árna um valin handrit úr safni Árna Magnússonar. Sverrir Tómasson flytur erindið Bið fyrir mér dándikall. Nikulás saga og Nikulás tíðir í Ærlækjarbók: AM 640 4to. Allir velkomnir.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**






NÝI DISKURINN OKKAR ER VINALEG JÓLAGJÖF!
NÝ PLATA!
FRIÐRIK ÓMAR & JÓGVAN HANSEN
ÍSLENSK OG FØROYSK
BARNALÖG
FYRIR BÖRN Á ÖLLUM ALDRI
20 ÍSLENSK OG FÆREYSK LÖG Á TVEIMUR GEISLADISKUM. FÆST Í NÆSTU VERSLUN ÚT UM ALLT LAND!
Kæru landar.
Við félagarnir stöndum nú fyrir söfnun til styrktar Björgunarsveitinni í Færeyjum vegna óveðursins sem gekk yfir eyjarnar í lok nóvember. Við hvetjum Íslendinga til að sýna samstöðu með frændum okkar, margt smátt gerir eitt stórt. Verndari söfnunarinnar er forseti Íslands Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og fjárgæsluaðili er Landsbankinn.
Með kærri þökk fyrir stuðninginn
RIGG EVENTS
VIÐ STYÐJUM FÆREYJAR
STILLTU Á RÚV Í KVÖLD KL. 23:20
SÖFNUNARTÓNLEIKAR TIL STYRKTAR BJÖRGUNARSVEITINNI Í FÆREYJUM
FRAM KOMA:
FRIÐRIK ÓMAR OG JÓGVAN
ÁSAMT RAGNHEIÐI GRÖNDAL, HELGA BJÖRNS, STÚLKNAKÓR REYKJAVÍKUR KK, ELLEN KRISTJÁNSDÓTTUR OG HLJÓMSVEIT HÚSSINS.
SÍMANÚMERIN ERU:
903-3001 – 1.000 kr.
903-3003 – 3.000 kr.
903-3005 – 5.000 kr.
Frjáls framlög:
Banki: 0101-26-102000
kt. 480208-0480
SÖFNUNIN STENDUR TIL 18. DESEMBER. SÝNUM STUÐNING Í VERKI! STYÐJUM FÆREYJAR!
ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR ER AÐ FINNA Á WWW.VINALOG.IS

# Fólk

folk@frettabladid.is



**1.800** **SKILABOÐ** fékk leikarinn Charlie Sheen á nokkrum mínútum eftir að hann setti óvart símanúmerið sitt á samskiptasíðuna Twitter. Sheen ætlaði að senda söngvaranum Justin Bieber númerið sitt en tæknin vafðist fyrir honum og því fór sem fór.


twinx

Spariskór fyrir stúlkur á öllum aldri





Stærðir: 31 - 36 • Vörunr.: 61816308

**Verð kr. 5.995**





Stærðir: 31 - 36 • Vörunr.: 61116308

**Verð kr. 5.995**





Stærðir: 21 - 26 • Vörunr.: 61816301

**Verð kr. 5.995**





Stærðir: 28 - 35 • Vörunr.: 61116306

**Verð kr. 5.995**





Stærðir: 22 - 30 • Vörunr.: 61116304

**Verð kr. 5.995**





Stærðir: 19 - 23 • Vörunr.: 61116300

**Verð kr. 4.995**

STEINAR WAAGE

SKÓVERSLUN

KRINGLAN • 568 9212 SMÁRALIND • 551 8519




**Í UPPÁHALDI**

**Turin Brakes** er uppáhaldshljómsveit tónleikahaldarans **Valþórs Sverrissonar**.

# TURIN BRAKES TIL ÍSLANDS

**Breska hljómsveitin Turin Brakes naut talsverðra vinsælda upp úr aldamótum, og hefur stöðugt sent frá sér tónlist síðan þá. Hljómsveitin er á leiðinni til Íslands í janúar og kemur fram í Fríkirkjunni.**

„Þeir eru mjög spenntir fyrir ferðinni til Íslands.“ segir Valþór Örn Sverrisson tónleikahaldari, vefstjóri og starfsmaður Nova.

Valþór og bræður hans, Sverrir Birgir og Pétur Rúnar, flytja inn bresku hljómsveitina Turin Brakes á næsta ári. Hljómsveitin kemur fram í Fríkirkjunni 20. janúar, en upphitun verður í höndum Jóns Jónssonar og hljómsveitar.

Stjarna Turin Brakes reis hátt upp úr aldamótum. Hljómsveitin var tilnefnd til hinna virtu Mercury-verðlauna árið 2001 fyrir fyrstu breiðskífuna sína, The Optimist LP. Eftir fylgdu plöturnar Ether Song og Jackinabox sem nutu talsverðra vinsælda. Minna hefur farið fyrir hljómsveitinni síðustu ár þótt hún hafi aldrei lagt árar í bát.

Spurður hvernig honum datt í hug að flytja inn Turin Brakes segir Valþór svarið einfalt: „Þetta er uppáhaldsbandið mitt. Ég hlusta á þá á hverju kvöldi,“ segir hann.

Síðasta breiðskífa Turin Brakes, Outbursts, kom út á síðasta ári og hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda. Skoska tónlistartímaritið Clash gaf henni til að mynda fjórar stjörnur af fimm mögulegum. Hljómsveitin sendi frá sér stuttskífu í ár sem innihélt tökulög ásamt einu nýju lagi.

Valþór segir hljómsveitina flytja blöndu af nýju efni og gömlu á tónleikum. Hann er spenntur fyrir því að eyða helgi með uppáhaldshljómsveitinni sinni í janúar. „Við ætlum í Bláa lónið og út að borða á Panorama,“ segir hann. „Ég bauð þeim lúxusferð.“

Miðasala hefst í versluninni Noland í Kringlunni á föstudag. Nánari upplýsingar er að finna á Facebook.

**atlifannar@frettabladid.is**




# GÓÐAR JÓLAGJAFIR!
# OPIÐ TIL 22:00
## Í INTERSPORT LINDUM
## ÖLL KVÖLD TIL JÓLA!

Nánar um jólaopnunartíma verslana á www.intersport.is



**14.990**

**FIREFLY FREEDOM JR PARKA**
Hlý vetrarúlpa með loðkraga á hettu. Blá og svört: 140 - 170. Rauð: 150 - 170.

**7.990**

**TECNO PRO SUSANNE**
Listskautar. Stærðir: 30 - 39.



**1.990**

**ADIDAS MILANO SOCK**
Fótboltasokkar. Litir: Svartir, hvítir, rauðir, bláir.
Stærðir: 28 - 48.



FÓTBOLTI **5.990**

HANSKAR **2.490**

**ADIDAS TANGO 12 RÉPLIQUE**
Fótbolti. Sama útlit og EM-boltinn 2012. Stærðir: 4 og 5.

**ADIDAS RESPONSE GRAPHIC RÉPLIQUE**
Markmannshanskar. Barnastærðir.



**6.990** (fullt verð 8.990)

**ADIDAS YB ET HOODY**
Hettupeysa úr 70% bómull og 30% polyester.
Stærðir: 116 - 164.



**3.990**

**FIREFLY JUNIOR SWEAT PANT**
Íþróttabuxur úr 80% bómull og 20% polyester.
Stærðir: 120 - 150.



**990**

**MCKINLEY MAGIC MITTEN MR**
Vettlingar. 2 í pakka: Grænir og svartir.
Bleikir og svartir. Stærðir: 3 – 6 ára.



**1.290**

**FIREFLY KELLY FLEECE MR**
Hlý húfa úr flís. Barnastærðir.



(fullt verð 8.990) **6.990**

**MCKINLEY SNOWBUNNY AQUAMAX MR**
Kuldaskór með riflásum og vatnsheldri AQUAMAX öndunarfilmu. Stærðir: 24 - 30.



(fullt verð 7.990) **6.390**

**ADIDAS ORACLE JR**
Slitsterkir götuskór úr leðri. Stærðir: 28 - 40.

INTERSPORT

AKUREYRI / BÍLDSHÖFÐA / LINDUM / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 14. – 20. DESEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is













## SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR Ótextuð | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali | kl. 10:10 | 3D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN VIP | kl. 9:20 | 2D | VIP |
| THE HELP | kl. 8 | 2D | L |
| TOWER HEIST | kl. 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| THE INBETWEENERS | kl. 10:45 | 2D | 12 |

## SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D ísl tal | kl. 6 | 3D | L |
| A VERY HAROLD AND KUMAR CHRISTMAS | kl. 8 - 10 | 3D | 16 |
| HAPPY FEET TWO | kl. 6 | 2D | L |
| THE TWILIGHT SAGA: BREAKING DAWN | kl. 8 | 2D | 12 |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10 | 2D | L |

## SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl tali | kl. 5:40 Í 3D og 2D | | L |
| VERY HAROLD & KUMAR XMAS ÓTXT. | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 3D | 16 |
| HAPPY FEET TWO m/ísl tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT: BREAKING DAWN PART 1 | kl. 8 - 10:30 | 2D | 12 |
| SEEKING JUSTICE | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| A GOOD OLD FASHOINED ORGY | kl. 8 | 2D | 16 |
| THE IDES OF MARCH | kl. 10:20 | 2D | 12 |

## SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| FAUST ópera endurflutt | kl. 6 | | L |
| HAROLD AND KUMAR Ótextuð | kl. 8 - 10:40 | 3D | 16 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 3D | L |
| PUSS IN BOOTS M/ ensku. Tali | kl. 10:10 | 3D | L |
| TRESPASS | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| HAPPY FEET 2 M/ ísl. Tali | kl. 5:40 | 3D | L |
| TWILIGHT : BREAKING DAWN | á morgun kl. 10:10 | 2D | 12 |

## SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| HAROLD AND KUMAR Án texta | kl. 8 - 10:10 | 3D | 16 |
| THE HELP | kl. 7:30 | 2D | L |
| A GOOD OLD FASHIONED ORGY | kl. 10:20 | 2D | 16 |

SAMbio.is




## SMÁRABÍÓ

GLERAUGU SELD SÉR — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D LÚXUS | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA | KL. 8 | L |
| PUSS IN BOOTS 3D ÁN TEXTA LÚXUS | KL. 8 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 2D | KL. 3.40 | L |
| BLITZ | KL. 10.10 | 16 |
| BLITZ LÚXUS | KL. 10.10 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 8 - 10.10 | L |
| ÆVINTÝRI TINNA 3D | KL. 8 - 10.20 | 7 |
| ÞÓR 3D | KL. 5.50 | L |

## HÁSKÓLABÍÓ

NÁNAR Á MIÐI.IS — AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | KL. 5.50 | L |
| ARTHUR CHRISTMAS 3D ÁN TEXTA | KL. 5.50 | L |
| TROPA DE ELITE | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| IMMORTALS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| JACK AND JILL | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| IN TIME | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| ELDFJALL | KL. 5.45 | L |

## BORGARBÍÓ

NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE RUM DIARY | KL. 8 - 10.10 | 12 |
| BLITZ | KL. 6 | 16 |
| MONEYBALL | KL. 8 - 10.20 | L |
| JACK AND JILL | KL. 6 | L |

facebook /smarabio • facebook /haskolabio

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ

www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




## LAUGARÁSBÍÓ

| | Sýningartímar |
|---|---|
| THE RUM DIARY | 8, 10.30 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN 3D | 6 |
| PUSS IN BOOTS 3D ENS TAL | 6, 8 - ÓTEXTUÐ |
| ARTÚR BJARGAR JÓLUNUM 3D | 6 |
| BLITZ | 8, 10 |
| IMMORTALS 3D | 10.15 |


# Vinskapurinn hófst á Airwaves

Írska söngkonan Sinéad O´Connor syngur eigin útgáfu af lagi Johns Grant á væntanlegri plötu sinni sem kemur út í febrúar á næsta ári. Platan kallast How About I Be Me (And You Be You)? og kemur út 20. febrúar.

Lagið eftir Grant er að finna á fyrstu plötu hans, Queen of Denmark, sem kom út á síðasta ári við góðar undirtektir gagnrýnenda. Bæði Grant og O´Connor komu fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves í haust og tókst þá með þeim vinskapur. Til að mynda var Grant á meðal gesta á tónleikum írsku söngkonunnar í Fríkirkjunni.

„Þau hittust mikið. Hann kom á giggið og var í kringum hana og borðaði með henni,“ segir Grímur Atlason, framkvæmdastjóri Airwaves. Aðspurður segist hann ekkert hafa heyrt af einhvers konar samstarfi á milli þeirra. „Ég fór ekkert inn í þeirra samræður en hann var mjög opinn og í góðu stuði og hún líka.“

Á næsta ári verða 25 ár liðin síðan fyrsta plata O´Connor, The Lion and the Cobra, kom út. Söngkonan ætlar að fylgja henni eftir með stórri tónleikaferð og verður tilkynnt um tónleikastaði á næstunni. Stutt er síðan hún giftist í fjórða sinn og fór athöfnin fram í baksæti bleiks Cadillac í Las Vegas á 45 ára afmælisdegi hennar. **- fb**



**SYNGUR LAG EFTIR GRANT** Sinéad O´Connor syngur lag eftir John Grant á næstu plötu.

**VINIR** Vinskapur tókst með John Grant og Sinéad O´Connor á Airwaves.

# Jónsi á rauða dreglinum

**Kvikmyndin We Bought a Zoo í leikstjórn Camerons Crowe var frumsýnd í New York á mánudag. Myndin fjallar um einstæðan föður sem kaupir gamlan dýragarð úti í sveit og skartar þeim Matt Damon og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum. Tónlistarmaðurinn Jónsi var að sjálfsögðu mættur á rauða dregilinn en hann sér um tónlistina í myndinni.**



**SVARTKLÆDD** Scarlett Johansson var glæsileg að vanda á frumsýningunni.



**BROSTI Í LINSUNA** Tónlistarmaðurinn Jónsi sér um alla tónlist í myndinni og var að sjálfsögðu mættur á rauða dregilinn með hinum stjörnunum.



**LEIKSTJÓRINN** Cameron Crowe veifaði til ljósmyndara.



**HJÓNAKORNIN** Matt Damon og Luciana Bozán Barrosso gengu saman rauða dregilinn.



**Í BLÁUM KJÓL** Leikkonan unga Maggie Elizabeth Jones leikur unga dóttur Matts Damon í myndinni.


BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is

**MIÐVIKUDAGUR:** HKL 18:00, 20:00, 22:00 ■ Á ANNAN VEG 18:00 ■ WE NEED TO TALK ABOUT KEVIN 20:00, 22:00 ■ HJEM TIL JUL 18:00, 20:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ SUPERCLASICO 18:00, 20:00 ■ PARTIR 22:00

SL. TEXTI / *ENGLISH SUBTITLES.*

**VERTU FASTAGESTUR!**
Ódýrara í bíó með aðgangskortum!



# METSÖLUHÖFUNDUR ÍSLANDS

ARNALDUR INDRIÐASON



★★★★★

„Glæpasögur gerast ekki betri.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„Arnaldur kann þá list að vefa glæpasögu ... Spennandi og heil-steypt saga ...“

FRIÐRIKA BENÓNÝS / FRÉTTABLAÐIÐ

„Arnaldi tekst margt gríðarlega vel í þessari bók ... Endirinn er gríðarlega snjall.“

KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR / KILJAN

„... ber höfuð og herðar yfir aðra krimmahöfunda hér á landi.“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„Fremstur norrænna sakamálahöfunda.“

THE TIMES




VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu

1 kr. sendingargjald til 15.12.11

# sport

sport@frettabladid.is



**HEIÐAR HELGUSON** ætti að geta spilað með Queens Park Rangers á móti Englandsmeisturum Manchester United á Loftus Road á sunnudaginn. Heiðar fann fyrir meiðslum í nára á æfingu í síðustu viku og Neil Warnock, stjóri QP, hvíldi hann gegn Liverpool um helgina. Heiðar byrjar að æfa aftur í dag og Warnock er bjartsýnn á að geta notað íslenska framherjann gegn United en Heiðar er búinn að skora í fjórum heimaleikjum í röð.



**ANN GRETE NØRGAARD** Bjargaði danska liðinu í 16 liða úrslitunum. NORDICPHOTOS/AFP

8 liða úrslit á HM kvenna:

## Tveir í beinni

**HANDBOLTI** Átta liða úrslit HM kvenna í handbolta í Brasilíu fara fram í dag og má búast við spennandi leikjum. Tveir leikjanna, Noregur-Króatía (kl. 19.15) og Spánn-Brasilía (kl. 22.00), verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport en fyrri leikurinn verður sýndur á rás 3. Fyrstu tveir leikir dagsins eru síðan Rússland-Frakkland (kl. 13.45) og Angóla-Danmörk (kl. 16.30). - óój

Eggert Gunnþór Jónsson væntanlega á förum frá Hearts enda allt í rugli hjá félaginu um þessar mundir:

# Lið í ensku úrvalsdeildinni hafa áhuga

**FÓTBOLTI** Afar fátt bendir til þess að landsliðsmaðurinn Eggert Gunnþór Jónsson verði áfram í herbúðum skoska félagsins Hearts. Eggert, sem á eitt ár eftir af samningi sínum við félagið, hefur ekki viljað framlengja við félagið.

„Við erum með samning á borðinu og miðað við stöðuna þar núna kemur ekki til greina að skrifa undir þann samning. Það er bara allt í rugli þarna,“ sagði Magnús Agnar Magnússon, umboðsmaður Eggerts.

Eigandi Hearts, Vladimir Romanov, hefur gefist upp á því að gera Hearts að einhverju stórveldi eftir að hafa sett drjúgan skilding í félagið síðustu ár. Hann er að reyna að selja félagið og meðan svo er hreinlega neitar hann að setja meiri pening í það. Fyrir vikið hafa leikmenn félagsins ekki fengið greidd laun síðustu tvo mánuði og ekki er útlit fyrir að þeir fái borgað fyrr en Romanov hefur náð að selja. Áhugasamir kaupendur eru í viðræðum við hann og því fyrr sem salan klárast, þeim mun betra verður það fyrir félagið.

„Eggert var alveg til í að skoða það að vera áfram en á meðan staðan er svona setjum við samninginn í frost. Hann er ekkert búinn að hafna honum en við verðum að sjá til hvað gerist í framhaldinu.“

Eins og áður segir er lítið eftir af samningi Eggerts við félagið og hann getur farið frítt frá Hearts næsta sumar. Eggert er fastamaður í íslenska landsliðinu og hefur staðið sig vel í Skotlandi. Magnús Agnar segir að honum standi ýmislegt spennandi til boða.

„Það þarf ekkert að auglýsa Eggert. Menn vita af honum enda hefur hann staðið sig vel. Það er talsverður áhugi á honum. Sá áhugi er bæði frá Englandi og meginlandi Evrópu,“ sagði Magnús en hvaða lið í Englandi eru þetta? „Ég get ekki sagt nöfn þeirra enda vilja þau það ekki. Þessi lið eru samt í úrvalsdeildinni og B-deildinni á Englandi.“ - hbg



**EFTIRSÓTTUR** Eggert Gunnþór verður ekki í vandræðum með að finna sér nýtt félag ákveði hann að yfirgefa herbúðir Hearts. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


# Sendum gleði

## Það er hugurinn sem skiptir máli.

**JÓLIN** Á hverju ári flytjum við jólagjafir á milli ættingja og vina frá öllum landshornum og dreifikerfi Póstsins iðar af lífi þegar gjafirnar fara að láta sjá sig á pósthúsum landsins. Pósturinn kemur þeim heim að dyrum viðtakanda, sem er einmitt einu skrefi frá jólatrénu.

Það skiptir engu máli hvað gjöfin er stór, Pósturinn kemur henni til skila. Það stoppar þig því ekkert ef þú vilt gefa afa þínum á Drangsnesi þvottavél og ömmu þinni flatskjá.



Bæði fyrir iPhone og Android

# Sniðugt app ... Póstinum

Pósturinn hefur látið smíða fyrir sig fyrsta póst-appið á Íslandi. Í þessu ...tadrjúga símaforriti er hægt að ...st með sendingum, finna ...s og póstkassa á korti og ... jólin.

... hefna að notendur fá upplýsingar um pósthús og póstkassa út frá eigin staðsetnigu á korti.

Póst-appið er í stöðugri þróun og það má fastlega búast við því að á næstu mánuðum muni bætast við fleiri gagnlegir notkunarmöguleikar. Af nógu er að taka í fjölbreyttri þjónustu Póstsins.

Póst-appið er fáanlegt bæði fyrir iPhone og Android síma.

www.postur.is




# SMS frímerki

**SNIÐUGT** H... hefði getað ímyndað s...tugu árum að það yrði h... kaupa frímerki með síma og penna? Pósturinn hefur innleitt enn eina tækninýjungina í póstsamskiptum landsmanna, sms-frímerki. Það er því hægt að nálgast frímerki allan sólarhringinn, allan ársins hring óháð opnunartíma Pósts-ins og ... sem selja frímerki um land allt.

Sms-frímerki er númer sem sendandi skrifar skýrt og greinilega efst í hægra horn sendingar, þar sem frímerkin eru venjulega sett. Hægt er fá sent sms-frímerki sem gildir fyrir allt að fimmtíu sendingar. Kostnaðurinn gjaldfærist á símreikning sendanda.




**Það þarf ekki mikið til að vekja góðar minningar um jólin. Einhver smáhlutur, mynd frá síðasta sumri, sokkapar eða falleg bók. Það er hugurinn sem skiptir máli.**

**Sendu hug þinn með Póstinum – heim að dyrum.**

PÓSTURINN

Algarve-bikarinn 2012:

# Byrjað á móti Þýskalandi

**FÓTBOLTI Íslenska kvennalandsliðið í fótbolta verður í A-riðli á hinu geysisterka Algarve Cup á næsta ári en nú er búið að draga í riðla.**

**Íslenska liðið er í riðli með Þýskalandi, Kína og Svíþjóð en í B-riðlinum eru heimsmeistarar Japans, Bandaríkin, Noregur og Danmörk.**

**Íslensku stelpurnar mæta Þýskalandi í fyrsta leik sínum á mótinu sem fram fer 29. febrúar. Íslenska liðið náði sínum besta árangri frá upphafi á þessu móti fyrr á þessu ári þegar stelpurnar fóru alla leið í úrslitaleikinn.** - óój



MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR KR ætlar örugglega að hefna fyrir tapið gegn Haukum fyrr í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Iceland Express-deild kvenna:

# Öll átta liðin spila í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Næstsíðasta umferð Iceland Express-deildar kvenna í körfubolta fyrir jólafrí fer fram í kvöld en öll átta lið deildarinnar verða þá í eldlínunni.

Stórleikur kvöldsins verður í DHL-höllinni þar sem KR tekur á móti Haukum. Haukaliðið varð einmitt fyrsta liðið til að vinna KR í deildinni í vetur og það tók KR-konur tvo leiki til að jafna sig á því tapi. KR-liðið hefur hins vegar sýnt mikil batamerki að undanförnu.

Njarðvíkurkonur hafa unnið fjóra leiki í röð og eru aðeins tveimur stigum á eftir toppliði Keflavíkur. Njarðvík tekur á móti Fjölni í Ljónagryfjunni í kvöld en Keflavík sækir Snæfell heim.

Lokaleikur kvöldsins er síðan á milli Hamars og Vals í Hveragerði. Þar mun Hamar reyna að enda sex leikja taphrinu sína sem hefur skilað liðinu á botn deildarinnar en Hamarskonur hafa ekki unnið deildarleik síðan þær skelltu Val í Hlíðarenda 9. nóvember síðastliðinn. - óój

Helgi Már Magnússon og Logi Gunnarsson fögnuðu sigri á löndum sínum í sænsku körfunni í gær:

# Þríframlengt og sigurgangan heldur áfram

**KÖRFUBOLTI** Helgi Már Magnússon og Logi Gunnarsson voru báðir í sigurliði þegar tveir Íslendingaslagir fóru fram í sænska körfuboltanum í gær.

Helgi Már og félagar í 08 Stockholm HR héldu sigurgöngu sinni áfram og unnu 96-90 sigur á Sundsvall Dragons í mögnuðum þríframlengdum leik í Stokkhólmi. Þetta var sjötti sigur 08 Stockholm í röð í deildinni og þeir eru nú með jafnmörg stig og Sundsvall og Norrköping Dolphins í 3. til 5. sæti deildarinnar.

Helgi Már var með 7 stig, 14 fráköst og fjórar stoðsendingar í leiknum en það dugði ekki Sundsvall. Allir íslensku landsliðsmennirnir áttu góðan leik. Pavel Ermolinskij var með 28 stig, 13 fráköst og fjórar stoðsendingar, Jakob Örn Sigurðarson skoraði 23 stig og Hlynur Bæringsson var með 19 stig, 21 frákast og þrjár stoðsendingar. Jakob tryggði Sundsvall tvær framlengingar með því að setja niður þrista á lokasekúndunum og tvö víti Hlyns sáu til þess að leikurinn var þríframlengdur. Helgi og félagar héldu hins vegar út í þriðju framlengingunni og unnu mikilvægan sigur.

Logi Gunnarsson og félagar í Solna Vikings unnu 18 stiga sigur á Brynjari Þór Björnssyni og félögum í Jämtland Basket, 102-84. Brynjar Þór var með 14 stig á 28 mínútum en hann hitti meðal annars úr fjórum af sjö þriggja stiga skotum sínum í leiknum. Logi skoraði 11 stig á 23 mínútum og var líka með fjögur fráköst og þrjár stoðsendingar. - óój



HELGI MÁR MAGNÚSSON Tók 14 fráköst í gær eða tvöfalt fleiri fráköst en næsti maður í hans liði.








**KAREN KNÚTSDÓTTIR** Var með frábæra vítanýtingu á HM. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Karen Knútsdóttir á HM:

# Er með bestu vítanýtinguna

**HANDBOLTI** Karen Knútsdóttir, leikstjórnandi íslenska kvennalandsliðsins, sýndi stáltaugar á vítalínunni á HM í Brasilíu og nýtti 13 af 14 vítum sínum í keppninni sem gerir 93ja prósenta vítanýtingu.

Enginn leikmaður á HM sem hefur tekið 14 víti eða meira hefur gert betur en Karen. Karen klikkaði aðeins á einu víti og það kom á móti Kína eftir að hún var búin að skora úr tíu í röð.

Norska stelpan Linn Sulland er sú eina sem nær 90 prósenta nýtingu og hún þarf að skora úr næstu átta vítum sínum til að ná upp í nýtingu Karenar. - óój

**Bikarkeppni KKÍ**

**16 liða úrslit karla:**

Breiðablik - KFÍ
KR - Grindavík
Hamar - Þór Akureyri
Tindastóll - Þór Þorlákshöfn
Njarðvík - Höttur
Stjarnan - Snæfell
Fjölnir - Njarðvík B
Skallagrímur - Keflavík

**16 liða úrslit kvenna:**

Fjölnir - Laugdælir
Þór Akureyri - Hamar
Snæfell - Valur
Njarðvík - Breiðablik
Haukar - KR
Sitja hjá: Grindavík, Stjarnan, Keflavík.

**Leikirnir fara fram 7.-9. janúar.**



**GRÍÐARSTERKIR** KR réði ekkert við Grindvíkinga síðast er liðin hittust vestur í bæ. Nú mætast liðin í bikarnum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Tveir stórleikir í sextán liða úrslitum í bikarkeppni karla í körfubolta:

# KR fær tækifæri til að hefna sín

**KÖRFUBOLTI** Stórlið KR og Grindavíkur mætast í sextán liða úrslitum bikarkeppni KKÍ, Poweradebikarnum, en dregið var í sextán liða úrslit hjá báðum kynjum í gær.

KR-ingar eiga titil að verja og ef liðið ætlar að halda í dolluna þarf það að komast í gegnum besta lið landsins í dag. Liðin mættust í DHL-höllinni á dögunum og þá niðurlægðu Grindvíkingar lið meistaranna. KR mun líklega mæta til leiks með breytt lið enda báðir Bandaríkjamennirnir úr þeim leik farnir heim og nýir verða væntanlega komnir áður en þessi stórleikur fer fram.

Leikur Stjörnunnar og Snæfells er ekki síður áhugaverður, en leikir þessara liða í vetur hafa verið frábær skemmtun. Í tvígang hefur aðeins munað einu stigi á liðunum þannig að óhætt er að veðja á að sá leikur verði áhugaverður í meira lagi.

Leikirnir í kvennaflokki eru ekki eins spennandi enda sitja tvö sterk lið hjá í þessari umferð. Áhugaverðasta rimman er þó leikur Hauka og KR. - hbg



**FLETCHER** Greindist á dögunum með sáraristilbólgu. NORDICPHOTOS/GETTY

Man. Utd missir miðjumann:

# Ferill Fletchers er í hættu

**FÓTBOLTI** Man. Utd varð fyrir enn einu áfallinu í gær þegar tilkynnt var að Darren Fletcher þyrfti að fara í frí vegna veikinda. Fletcher var líka frá í tvo mánuði undir lok síðasta tímabils vegna veikinda. Fletcher hefur verið að komast aftur á skrið en það er hreinlega hættulegt fyrir hann að spila knattspyrnu og því verður hann að fá nauðsynlega hvíld.

Sjúkdómurinn sem Fletcher glímir við, sáraristilbólga, er sjaldgæfur og ræðst meðal annars á ristilinn. Ljóst er að þessi veikindi gætu haft mikil áhrif á feril Fletchers og jafnvel bundið enda á hann. - hbg



VOLVO C30 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Eigðu sviðið með svölum Volvo C30. Veldu aðra leið en þá hefðbundnu. Fetaðu þína eigin leið með hinum sportlega Volvo C30. Verð frá 4.290.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO S40 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Hagkvæmur og glæsilegur kostur þar sem öryggi, ending og lífsgildi nútímans liggja til grundvallar. Kjóstu hagkvæmni Volvo S40. Verð frá 4.490.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO V50 DÍSIL

Notar aðeins 3,5 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Veldu Volvo V50 fyrir notagildið. Valið er auðveldara ef þú þarft að finna rétta jafnvægið milli hagkvæmni og áhugamála. Volvo V50 er notadrjúgur bíll, hentugur fyrir fjölskylduna. Náðu jafnvægi. Verð frá 4.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO S60 DÍSIL

Notar aðeins 3,9 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo S60 sannar vitsmunalega tilvist okkar. Volvo S60 er skilgreining okkar á heiminum eins og við þekkjum hann. Endurreiknaðu líf þitt. Verð frá 5.690.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO V60 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo V60 stendur vörð um líf þitt. Mættu grunnþörfum fjölskyldunnar með öryggi Volvo V60. Mættu ítrustu kröfum þínum um lúxus með hátækni og munaði. Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO S80 DÍSIL

Notar aðeins 4,0 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Öryggi, munaður og þægindi ná nýjum hæðum í Volvo S80. Endurskilgreindu gæði í þínum huga með nýjum Volvo S80. Verð frá 5.990.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.

Reiknaðu
Komdu í Brimborg í dag milli kl. 9 og 17

VOLVO. BARA FYRIR SKYNSAMT FÓLK.

Hugleiddu hvað rúmast í þínu lífi. Frelsi, fjölskylda, félagar, frítími, ferðalög, friður, þægindi, lúxus, traust, fjárhagslegt svigrúm. Öryggi! Veldu bíl sem er leiðandi í öryggi. Veldu bíl sem er hagkvæmur í heild sinni. Veldu sparnað. Reiknaðu dæmið.. Reiknaðu með Volvo í þínu lífi. Hafðu ráð á að lifa lífinu. Lifðu í öryggi. Veldu Volvo. Komdu í Brimborg.



visthæf skref
með Brimborg
Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað

Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Spyrðu um fyrirmyndarþjónustu Brimborgar.

Volvo S60 er sigurvegarinn í flokki stærri fólksbíla í vali á Bíl ársins 2012

BÍLL ÁRSINS 2012

Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður og gerð bílanna getur verið frábrugðin myndunum í auglýsingunni. Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Volvo á Íslandi.

Jacky Pellerin var ánægður með árangur Antons Sveins og Eyglóar Óskar á NM unglinga í sundi um helgina:

# Sá strax að ég var með gull í höndunum

**SUND** Anton Sveinn McKee og Eygló Ósk Gústafsdóttir voru sigursæl á Norðurlandameistaramóti unglinga sem fram fór í Laugardalshöllinni um helgina, unnu saman sjö einstaklingsgull og náðu bestu afrekum mótsins. Anton vann fjóra Norðurlandameistaratitla og setti tvö Íslandsmet en Eygló Ósk vann þrjá Norðurlandameistaratitla og setti tvö Íslandsmet. Bæði hafa þau verið að bæta sig mikið undir stjórn Frakkans Jacky Pellerin sem var að sjálfsögðu himinlifandi með árangur helgarinnar.

„Þetta var mjög gott hjá þeim báðum. Ég er mjög ánægður enda lögðu þau mikið á sig fyrir þetta mót. Við gerðum með okkur samning fyrir mótið og þau stóðu við hann,“ segir Jacky Pellerin og útskýrir samninginn nánar. „Anton átti að ná 15:15 í 1500 metrunum og hann fór næstum því fimmtán sekúndum hraðar en það og Eygló átti að ná 2:07 í 200 metra baksundi sem og hún gerði. Þetta er mitt fimmta tímabil með þau og þau hafa lagt mikið á sig til að ná þessum árangri. Þessi árangur kemur mér því ekki á óvart,“ segir Pellerin sem setti Norðurlandamótið í forgang.

„Ég sagði við þau fyrir Íslandsmeistaramótið að þau myndu ekki toppa þar. Við settum stefnuna á það að þau myndu synda hraðar á Norðurlandamótinu því að mínu mati var það mót stærra og mikilvægara. Núna vitum við hvað þau geta gert,“ segir Pellerin sem er bjartsýnn á enn frekari bætingar.

„Þau geta bæði bætt sig meira. Aðalmarkmiðið hjá Eygló núna er að ná að synda 200 metrana á 2:10 í löngu lauginni og ná A-lágmarkinu fyrir Ólympíuleikana og fyrir Anton að ná að synda 1500 metrana á 15:15 í löngu brautinni sem myndi líka nægja honum til að komast inn á Ólympíuleikana,“ segir Pellerin.

„Þessir krakkar eru frábærar fyrirmyndir fyrir önnur börn á Íslandi. Þau búa á Íslandi, æfa á Íslandi og standa sig frábærlega. Þau berjast alltaf til enda og gefast aldrei upp,“ segir Pellerin og hann vill halda áfram að vinna með þeim.

„Margir erlendir þjálfarar koma til Íslands og fara síðan aftur eftir aðeins eitt til tvö ár. Þegar ég sá þessa krakka þá sagði ég við sjálfan mig: Ég er með gull í höndunum og þess vegna ætla ég að halda áfram að vinna með þeim. Ég er mjög stoltur af þeim,“ segir Pellerin.

Anton og Eygló fá bæði rólega viku eftir ævintýri helgarinnar. „Þau fá að taka því svolítið rólega í þessari viku því ég get ekki alltaf pressað á þau,“ segir Pellerin að lokum. - óój


EYGLÓ ÓSK GÚSTAFSDÓTTIR


ANTON SVEINN MCKEE

## Norðurlandameistararnir

**Ísland** eignaðist alls tíu Norðurlandameistara á NM unglinga í sundi sem fram fór í Laugardalslauginni um helgina.

**Anton Sveinn McKee**

| | |
|---|---|
| 400 metra skriðsund | 3:52.06 mín. |
| 50 metra bringusund | 28,22 sek. |
| 400 metra fjórsund | 4:18,12 mín. |
| 1500 metra skriðsund | 15:01,35 mín. |

**Eygló Ósk Gústafsdóttir**

| | |
|---|---|
| 200 metra baksund | 2:07,10 mín |
| 50 metra baksund | 28,23 sek. |
| 100 metra baksund | 59,75 sek. |

**Inga Elín Cryer** (sjá mynd fyrir neðan)

| | |
|---|---|
| 400 metra fjórsund | 4:49,03 mín. |
| 800 metra skriðsund | 8:41,79 mín. |

**Orri Freyr Guðmundsson**

| | |
|---|---|
| 50 metra skriðsund | 23,07 sek. |




Volvo. For life.


VOLVO V70 DÍSIL

Notar aðeins 4,1 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Upplifðu þægindi og munað. Volvo V70 er einn þægilegasti bíll sem fæst. Sjáðu hvað herragarðsvagninn gerir fyrir þig. Verð frá 6.190.000 kr.

Frítt í bílastæði í Reykjavík.


VOLVO XC70 DÍSIL

Notar aðeins 5,7 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Áttu erfitt með að velja málamiðlun? Söðlaðu um. Vertu hvoru tveggja með Volvo XC70 AWD. Verð frá 8.890.000 kr.


VOLVO XC60 DÍSIL

Notar aðeins 5,6 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Það fer ekki á milli mála að hér er ekta Volvo á ferð. Kjóstu einstakan sportjeppa og finndu fyrir sterkri nærveru Volvo XC60 AWD. Verð frá 8.490.000 kr.


VOLVO XC90 DÍSIL

Notar aðeins 6,8 lítra á hundraðið í langkeyrslu. Volvo XC90 AWD er birtingarmynd heilbrigðrar hugsunar og áratuga rannsókna á öryggi og yfirburðatækni. Veldu heilbrigði. Verð frá 10.990.000 kr.

Skoðaðu úrval sparneytinna dísilbíla frá Volvo.
Veldu Volvo og lágmarks losun CO2.
Veldu Volvo og lágmarks eldsneytisnotkun.
Berðu saman verð og búnað Volvo við aðra lúxusbíla.
Veldu nýjan Volvo sem fær frítt í stæði.
Veldu Volvo R-Design, sportútfærslu.
Sérpantaðu nýjan Volvo eins og þú vilt hafa hann.
Spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.
Öryggi er lúxus. Lifðu í lúxus. Veldu Volvo.

Nýr Volvo S60 er vitsmunaleg leið til að tækla spennu og gleði, af öryggi.

Verð frá 5.690.000 kr.



brimborg
...uggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ...mborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 | volvo.is

> **Stöð 2 kl. 20.50**
**Cougar Town**

*Courteney Cox fer á kostum í þessari bráðskemmtilegu gamanþáttaröð. Núna fer hún með allt gengið til Havaí eftir að sonur hennar ákveður að flytja þangað. Hún á erfitt með að sætta sig við ákvörðun sonarins og reynir allt til að fá hann til að koma aftur heim.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR LÍTUR TIL FORTÍÐAR

# *Jóladagatalið skipaði heiðurssess*



Desember er sérkennilegur mánuður. Hann er fljótur að líða fyrir fullorðna, sem keppast við að klára jólaútréttingarnar. Börnunum finnst desember hins vegar lengsti mánuður ársins og biðin eftir jólunum getur verið löng og ströng.

Ég man vel að mér fannst desember ekki skemmtilegasti mánuður ársins þegar ég var yngri en skór úti í glugga og jóladagatalið góða léttu manni hins vegar lundina í jólabiðinni löngu. Ég fékk aldrei súkkulaðidagatal en á hverju ári fékk jóladagatal sjónvarpsins heiðurssess í herberginu. Það var mikið sport að opna einn glugga á hverjum degi og allur dagurinn fór í að hugsa hvernig myndin í dagatalinu hefði áhrif á framvindu mála í sjónvarpsþættinum um kvöldið. Jóladagatalið var skeggrætt í skólanum af áhugasömum nemendum, ætli það hafi ekki verið fyrsti sjónvarpsþáttur sem maður fylgdist með?

Hver man ekki eftir Á baðkari til Betlehem, sem var svo endursýnt nokkrum árum seinna, eða Bláma geimveru?

Síðustu tvö ár hefur jóladagatal RÚV verið keypt frá Skandinavíu og engin dagatöl án súkkulaðis í boði í Bónus. Ég legg til að Ríkissjónvarpið hætti að framleiða lélega grínþætti og hefji framleiðslu á íslensku jóladagatali að fyrirmynd nágrannalandanna. Svo ég þurfi ekki að bjóða barninu súkkulaði í morgunmat.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Könglar og kertaljós **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Ofar tungum **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Bókaþing **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Bak við stjörnurnar **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn** (e)
**15.30 Íþróttaannáll 2011** (5:7) (e)
**16.00 Djöflaeyjan** (e)
**16.40 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Disneystundin**
**17.31 Finnbogi og Felix** (10:26) (
**17.53 Sígildar teiknimyndir** (10:42) (Classic Cartoon)
**18.00 Jóladagatalið - Sáttmálinn**
**18.25 Kafað í djúpin** (9:14) (Aqua Team)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Læknamiðstöðin** (Private Practice)
**21.00 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Hið ljúfa líf** (Det gode liv) Dönsk heimildamynd um mæðgur sem bjuggu áður við ríkidæmi og eiga erfitt með að láta af dýrum lífstíl sínum þótt auðævin séu á þrotum.
**23.50 Landinn** (e)
**00.20 Kastljós** (e)
**00.50 Fréttir**
**01.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 30 Days Until I'm Famous**
**10.00 Step Brothers**
**12.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging**
**14.00 30 Days Until I'm Famous**
**16.00 Step Brothers**
**18.00 Angus, Thongs and Perfect Snogging**
**20.00 Lakeview Terrace**
**22.00 Bulletproof**
**00.00 Max Payne**
**02.00 First Born**
**04.00 Bulletproof**
**06.00 I Love You Beth Cooper**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (77:175)
**10.15 Harry's Law** (3:12)
**11.00 The Big Bang Theory** (5:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (7:24)
**11.50 Grey's Anatomy** (11:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (17:24)
**13.25 Ally McBeal** (11:22)
**14.10 Ghost Whisperer** (18:22)
**14.55 iCarly** (43:45)
**15.25 Barnatími Stöðvar 2**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.25 Nágrannar**
**17.53 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.21 Veður**
**19.30 Malcolm in the Middle** (15:25)
**19.55 My Name Is Earl** (14:27)
**20.25 The Middle** (9:24)
**20.50 Cougar Town** (21:22) Önnur þáttaröðin af þessum skemmtilega gamanþætti með Courtney Cox úr Friends í hlutverki kynþokkafullrar en afar óöruggrar, einstæðrar móður unglingsdrengs. Hana langar að hitta draumaprinsinn en á erfitt með að finna réttu leiðina til þess enda finnst henni hún engan veginn samkeppnishæf í stóra stefnumótaleiknum.
**21.20 Hawthorne** (6:10)
**22.10 Medium** (8:13)
**23.00 Satisfaction**
**00.00 Human Target** (5:13).
**00.45 The Good Guys** (19:20)
**01.30 Breaking Bad** (5:13)
**02.20 Severance**
**03.55 Harry's Law** (3:12)
**04.40 The Middle** (9:24)
**05.05 Malcolm in the Middle** (15:25)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Match Against Poverty** (Stjörnuleikur gegn fátækt)
**15.40 Match Against Poverty** (Stjörnuleikur gegn fátækt)
**17.25 Spænsku mörkin**
**17.55 Evrópudeildin** (PSG - Athletic Bilbao) BEINT
**19.55 Evrópudeildin** (Fulham - OB Odense) BEINT
**21.55 HM í handbolta** (8 liða úrslit) BEINT **23.35 HM í handbolta** (8 liða úrslit)
**01.00 Evrópudeildin** (Fulham - OB Odense)
**02.45 Evrópudeildin** (PSG - Athletic Bilbao

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Bolton - Aston Villa**
**18.20 Norwich - Newcastle**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Football League Show**
**21.35 Sunnudagsmessan**
**22.55 Man. Utd. - Wolves**

## EXTRA

**19.35 The Doctors** (4/175)
**20.15 Gilmore Girls** (20/22)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**22.00 Modern Family** (2/24)
**22.25 Mike & Molly** (14/24)
**22.55 Chuck** (13/24)
**23.40 Terra Nova**
**00.30 Community** (10/25)
**00.55 Daily Show. Global Edition**
**01.20 My Name Is Earl** (14/27)
**01.40 Gilmore Girls** (20/22)
**02.25 The Doctors** (4/175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (4:19) (e)
**12.50 Pepsi MAX tónlist**
**15.45 Outsourced** (14:22) (e)
**16.10 Mad Love** (6:13) (e)
**16.35 Rachael Ray**
**17.20 Dr. Phil**
**18.05 Charlie's Angels** (2:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos - OPIÐ** (45:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (11:25)
**19.45 Will & Grace - OPIÐ** (14:24) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (1:13) Fjórtán fyrrverandi keppendur eru mættir til leiks til að reyna að vinna hylli Tyru. Gestadómari kvöldsins er söngkonan Nicki Minaj sem er óhrædd við að segja sína meiningu
**20.55 Pan Am (4:13)** Vandaðir þættir um gullöld flugsamgangna, þegar flugmennirnir voru stjörstjörnur og flugfreyjurnar eftirsóttustu konur veraldar.
**21.45 CSI: Miami (11:22)**
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 Dexter** (7:12) (e)
**00.10 HA?** (12:31) (e)
**01.00 Nurse Jackie** (11:12) (e)
**01.30 Everybody Loves Raymond** (11:25) (e)
**01.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.10** Dubai World Championship (2:4) **12.10** Golfing World **13.00** Dubai World Championship (3:4) **16.45** Ryder Cup Official Film 2004 **18.00** Golfing World **18.50** The Players Championship (4:4) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (12:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn suðurland

## BBC entertainment

**06.30** The Weakest Link **08.00** Dalziel and Pascoe **09.45** Come Dine With Me **10.35** Dalziel and Pascoe **11.25** EastEnders **11.55** Dalziel and Pascoe **12.45** Live at the Apollo **13.30** Come Dine With Me **14.20** The Inspector Lynley Mysteries **15.55** Top Gear **16.40** Come Dine With Me **17.30** Live at the Apollo **18.15** QI **18.45** QI **19.15** Top Gear **21.00** Live at the Apollo **21.45** QI **22.15** The Thick of It **22.45** The Graham Norton Show **23.30** Top Gear **00.25** Live at the Apollo **01.10** QI **01.40** The Thick of It **02.15** Top Gear

## DR 1

**12.35** Aftenshowet **13.05** Jamie Olivers familiejul **13.30** Spise med Price **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Miss Marple. Liget i biblioteket **15.00** Vinden i piletræerne **15.20** Shanes verden **15.50** Professor Balthazar **16.00** Rockford **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Hvad er det værd? **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet **18.30** Nissebanden i Grønland **19.00** Sporløs **19.30** Sådan er kærlighed **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** Sporten med VM håndbold **21.00** Skyggespil

## NRK 1

**11.00** Nyheter **11.15** Førjulshygge i Strömsö **12.00** Nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Ut i nærturen **13.00** Nyheter **13.05** Norge rundt **13.30** Folk **14.00** Nyheter **14.10** Dallas **15.00** Nyheter **15.10** Jessica Fletcher **16.00** Nyheter **16.10** Det søte liv **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Blåfjell **17.25** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Teenage Boss **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** House **21.25** Migrapolis

## SVT 1

**12.00** Anslagstavlan **12.05** En hjärtvärmande historia **12.15** Dag **12.40** Starke man **13.10** Illdåd planeras **14.50** En hjärtvärmande historia **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Sommarpratarna **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern. Tjuvarnas jul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Nordstan **21.00** Homeland **21.50** How to Make It in America **22.20** Kjell 5000 **22.30** Anklagad

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |


LÚR BETRI HVÍLD

Úrval rúma, sófa og hvíldarstóla
Margir litir í boði – Frábær verð í gangi







LÚR - BETRI HVÍLD
HLÍÐASMÁRI 1
201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969
FAX 554 3100
WWW.LUR.IS
LUR@LUR.IS

Opið:
mán fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

www.lur.is

# KÓSÍKVÖLD Í KAUPTÚNI
## Í KVÖLD TIL KL. 22




sia · house doctor · Ethnicraft · Andersen & Lauth Reykjavik · Crabtree & Evelyn · habitat

habitat · TEKK COMPANY

Kauptúni - Sími 564 4400

**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Ég verð að segja Noodle Station á Skólavörðustíg en svo hafa Devitos-pítsur oft bjargað lífi mínu.“*

Jóhann Ágúst Jóhannsson, framkvæmdastjóri Kraums.

# Palli með sinaskeiðabólgu eftir áritanir

„Ég hef aldrei fengið svona á ævinni en er núna að éta bólgueyðandi töflur og liðaktín ásamt því að fara í sjúkranudd þrisvar í viku. Ætli ég mæti ekki í næstu áritun með svona lyftingahanska,“ segir Páll Óskar Hjálmtýsson. Jólatörnin er farin að setja mark sitt á poppstjörnuna því hún greindist nýlega með sinaskeiðabólgu.

Sinaskeiðabólgan lýsir sér þannig að erfitt er að taka í höndina á fólki og erfitt að halda á penna. „Ástæðan fyrir þessu er tvíþætt. Ég var að taka upp tónlistarmyndband fyrir UNICEF og í glæsilegu dansspori tókst mér að reka höndina í rafmagnstöflu. Hin ástæðan er sú að í síðustu viku hefur verið svolítill hamagangur í áritunum og mér tókst að skrifa nafnið mitt 900 sinnum,“ útskýrir Páll Óskar sem hyggst þó hvergi slaka á heldur ætlar að halda uppteknum hætti og mætir galvaskur í næstu átta áritanir sem skipulagðar hafa verið því hann veit, af eigin reynslu, hversu mikilvægt þetta er. Hann rifjar upp sögu af því þegar hann var fimmtán ára í London og beið eftir áritun frá breska poppbandinu Five Star í þrjá klukkutíma. „Ég sveif út úr plötubúðinni á bleiku skýi.“

Páll segir að áritanirnar séu einfaldlega hluti af því að hann komi út í jólaskapið og þá sérstaklega að hitta smáfólkið. „Ég botna ekkert í því hvað lítil börn tengja við 41 árs gamlan homma með grátt í vöngum. En ef lögin eru grípandi og textarnir skýrir þá má aldrei gleyma því að börn eru músíkölsk. Ég kunni sjálfur alla Abba-texta utan að sem krakki.“ **- fgg**



**EKKERT STOPPAR PALLA** Poppstjarna Íslands lætur sinaskeiðabólgu ekki stöðva sig heldur áritar sem aldrei fyrr með aðstoð bólgueyðandi lyfja og sjúkranudds.






**YRSA SIGURÐARDÓTTIR:** SKÁKAR ARNALDI ÖÐRU SINNI Á ÞREMUR VIKUM

# Glæpasagnadrottningin veltir kónginum úr sessi

„Ég hélt að ég hefði fengið mitt tækifæri fyrir hálfum mánuði og að ég fengi ekki slíkt aftur þannig að ég er himinlifandi með þetta,“ segir Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur.

Yrsa hefur oft verið kölluð Glæpasagnadrottning Íslands og hún stendur vel undir nafni um þessar mundir. Bók hennar, Brakið, var mest selda skáldsaga landsins í síðustu viku og velti hún þar með sjálfum glæpasagnakónginum Arnaldi Indriðasyni úr sessi. Arnaldur hefur einokað toppsætið undanfarin ár. Athyglisvert er að þetta er í annað sinn á þremur vikum sem Yrsa skákar Arnaldi en í fyrra skiptið var listinn ekki birtur.

Bók Arnaldar, Einvígið, situr í öðru sæti yfir mest seldu bækur ársins en þar er bók Yrsu í fjórða sæti. Það er því ótímabært að afskrifa hinn sívinsæla Arnald en auknar vinsældir Yrsu eru óumdeildar. Egill Örn Jóhannsson, framkvæmdastjóri Forlagsins sem gefur bækur Arnaldar út, vildi ekki tjá sig um málið í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá útgefanda Yrsu, Pétri Má Ólafssyni, stendur til að prenta Brakið í 22 þúsundum eintaka. Hann á von á því að þau eintök verði horfin á aðfangadag. Vaka-Helgafell, útgefandi Arnaldar, lét prenta 23.500 eintök þannig að ef að líkum lætur munu Íslendingar fjárfesta í 45 þúsundum eintökum af þessum tveimur bókum fyrir rúmlega 215 milljónir íslenskra króna. „Þetta er auðvitað bara mjög skemmtilegt og léttir okkar lund. Við erum búin að selja á annan tug þúsunda sem er töluvert meira en Ég man þig,“ segir Pétur Már en sú bók var mest selda bók Yrsu frá upphafi.

Ég man þig er reyndar enn ein af mest seldu bókum ársins, situr í sjötta sæti heildarlistans. Yrsa getur því vel við unað þótt hún geri lítið úr samkeppninni við Arnald. „Hún er ekki á milli okkar, maður verður fyrst og fremst að hugsa um sjálfan sig. Hver bók er einstakt verk og þó að það gangi vel núna er það ekki öruggt að það gangi vel næst. Það er miklu erfiðara að koma sér að verki þegar það gengur svona vel því maður veit að á einhverjum tímapunkti hefur maður náð toppnum og þá kvíðir maður ferðinni niður.“

**freyrgigja@frettabladid.is**



**TEKUR FORYSTUNA**

Yrsa Sigurðardóttir átti mest seldu bók landsins í síðustu viku, Brakið. Þetta er í annað sinn sem hún veltir Arnaldi Indriðasyni úr efsta sætinu. Óhætt er að tala um tveggja turna tal í sölu á glæpasögum fyrir jólin.

# Fjallar um eftirköst eldgossins

Þrjár fjölskyldur sem hafa þurft að glíma við eftirköst eldgossins í Eyjafjallajökli eru í forgrunni nýrrar heimildarmyndar sem kvikmyndagerðarmaðurinn Herbert Sveinbjörnsson er með í vinnslu.

„Mig langar að fylgjast með og sjá hvernig fólki reiðir af þarna. Þegar maður sá þessar myndir af gosinu og öllu öskufallinu leit þetta út eins og það væri kominn heimsendir,“ segir Herbert. „Maður er alltaf að sjá myndir frá hamförum úti um allan heim en ég man ekki eftir að hafa séð heimildarmynd um eitthvað slíkt.“

Að sögn Herberts verður myndin á persónulegu nótunum. Fjölskyldunum verður fylgt eftir í eitt ár og engir sérfræðingar verða á meðal viðmælenda. „Ég er búinn að setja mig í samband við þrjár fjölskyldur. Þær eru búnar að samþykkja að taka þátt í þessu og þetta er fólk sem mér líst rosalega vel á. Þetta er fallegt og duglegt fólk.“



**MYND UM ELDGOSIÐ** Herbert Sveinbjörnsson er með heimildarmynd í bígerð um eftirköst eldgossins.

Herbert kynnti myndina nýverið á Nordisk Forum í Danmörku þar sem nýjar heimildarmyndir eru kynntar til sögunnar og tókst honum að selja hana í svokallaðri forsölu til norska og finnska ríkissjónvarpsins og til Eistlands.

Þess má geta að rokksveitin Skálmöld var í hljóðveri um síðustu helgi og tók þar upp lag sem hljómar í myndinni. Það er þeirra útgáfa af hluta Þúsaldarljóðsins sem Sveinbjörn I. Baldvinsson og Tryggvi M. Baldvinsson sömdu um síðustu aldamót.

Herbert er með fleiri járn í eldinum því hann er einnig að framleiða heimildarmynd um íslenska lífeyrissjóðskerfið í leikstjórn Gunnars Sigurðssonar. Saman sendu þeir frá sér Maybe I Should Have fyrir nokkrum árum sem fjallaði um bankahrunið. **- fb**

Stafrænn diskur fylgir sem gerir kleift að hlaða leiðunum inn í GPS-tæki og tölvur.




# ÞÚSUND OG EIN ÞJÓÐLEIÐ

★★★★★

„Jónas Kristjánsson hefur með Þúsund og einni þjóðleið lagt okkur til merkilegan og mikilvægan vegvísi sem mun gagnast kynslóðum næstu áratuga."

**Páll Baldvin, Fréttatíminn**

„Bókin Þúsund og ein þjóðleið er merkileg bók og mikilsvert framlag Jónasar Kristjánssonar til verndar þekktum þjóðleiðum á Íslandi"

**Haraldur Þórarinsson,**
**formaður Landssambands hestamannafélaga**

„Sú bók sem hér kemur út markar kaflaskil í leiðsögn um landið okkar."

**Ólafur Örn Haraldsson,**
**forseti ferðafélags Íslands**

„Ómetanleg bók sem mun nýtast jafnt fræðimönnum sem göngufólki.."

**Dr. Kristín Huld Sigurðardóttir,**
**forstöðumaður fornleifaverndar ríkisins**

„Þessi bók er eins og vel hlaðin varða og mun standa um aldir."

**Páll Ásgeir Ásgeirsson,**
**rithöfundur og göngugarpur**

## „AÐ MÍNU VITI; BÓK ÁRSINS..."

**Sigmundur Ernir Rúnarsson**

sögur ÚTGÁFA

Vesturgata 19 | 101 Reykjavík | www.sogurutgafa.is | 557-3100

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Tryggja mætingu á blaðamannafund

Seðlabanki Íslands boðaði til blaðamannafundar í dag vegna nýrrar skýrslu um fjármálastöðugleika. Eins og Fréttablaðið greindi frá var dræm mæting á blaðamannafund bankans í síðustu viku, þegar einn myndatökumaður og einn ljósmyndari mættu á staðinn. Almennt var talið að ástæðan fyrir dræmri mætingu hefði verið að engra tíðinda væri að vænta og stýrivextir yrðu óbreyttir, auk þess sem fundirnir væru yfirleitt sendir út á netinu. **Már Guðmundsson** seðlabankastjóri og hans fólk ætla samt að hafa vaðið fyrir neðan sig í dag því beðið var um að þátttaka yrði tilkynnt með tölvupósti fyrir fundinn. Þá var fjölmiðlafólk minnt á að engin vefútsending yrði frá fundinum í dag.



### Hrifu Perez Hilton

Slúðurbloggarinn Perez Hilton hrósar **Unnsteini Manuel Stefánssyni** og félögum í hljómsveitinni Retro Stefson á heimasíðu sinni, sem er ein sú mest lesna í heiminum. Þar er myndband af flutningi sveitarinnar á laginu Papa Paulo III frá Airwaves-tónlistarhátíðinni í sérstökum dálki sem nefnist Perez Recommends eða Perez mælir með. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slúðurbloggarinn er hrifinn af Íslendingum en hann hefur áður hrósað Emilíönu Torrini og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra á vefsíðu sinni.

– þeb, áp



### Mest lesið | vísir

1. Slökkti í logandi fötum mömmu sinnar
2. Slapp ótrúlega vel þegar jeppi ók yfir hana
3. Kona alvarlega brennd eftir eldsvoða í Kópavogi
4. Hryðjuverk í Belgíu
5. Fjölskylda fannst látin í Leeds





